- ☐ Já ☐ Nei
- 4.2 Á lífeyrisþegi eða hefur átt börn með sambýlingi?
- ☐ Já ☐ Nei



## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/48/03

nr. 24/98  
frá 27. mars 1998

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)  
við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/97<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun nr. 164 frá 27. nóvember 1996 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 101 og E 102)<sup>(2)</sup>, sem samþykkt var af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega, skal felld inn í samninginn.

Afendurnýjun á ákvörðun nr. 130 leiðir að skrá verður ákvarðanir nr. 144, 153, 154, 155 og 158 í rétttri tímaröð.

## ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

VI. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

- Liður 3.23 (ákvörðun nr. 130) í VI. viðauka við samninginn falli niður.
- Liður 3.24 (ákvörðun nr. 132) til 3.34 (ákvörðun nr. 142) verði liður 3.23 til 3.33.
- Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3.33 (ákvörðun nr. 142):  
„3.34 391 X 0140: Ákvörðun nr. 144 frá 9. apríl 1990 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 401 - E 410 F)(Stjtið. EB nr. L 71, 18. 3. 1991, bls. 1).”
- Liður 3.39 (ákvörðun nr. 156) verði liður 3.42, og liður 3.40 (ákvörðun nr. 160) til 3.43 (ákvörðun nr. 163) verði liður 3.44 til 3.47.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 134, 7. 5. 1998, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 77.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 216, 8. 8. 1997, bls. 85.

- Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3.38 (ákvörðun nr. 151):

„3.39 394 X 0604: Ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 001, E 103 til E 127) (Stjtið. EB nr. L 244, 19. 9. 1994, bls. 22).

3.40 394 X 0605: Ákvörðun nr. 154 frá 8. febrúar 1994 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 301, E 302, E 303) (Stjtið. EB nr. L 244, 19. 9. 1994, bls. 123).

3.41 395 D 0353: Ákvörðun nr. 155 frá 6. júlí 1994 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 401 - E 411) (Stjtið. EB nr. L 209, 5. 9. 1995, bls. 1).”

- Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3.42 (ákvörðun nr. 156):

3.43 396 D 0732: Ákvörðun nr. 158 frá 27. nóvember 1995 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 201 - E 215) (Stjtið. EB nr. L 336, 27. 12. 1996, bls. 1).”

## 2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3.47 (ákvörðun nr. 163) í VI. viðauka við samninginn:

„3.48 397 D 0533: Ákvörðun nr. 164 frá 27. nóvember 1996 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 101 og E 102)(Stjtið. EB nr. L 216, 8. 8. 1997, bls. 85).”

## 3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ákvörðunar nr. 164 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.



**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*



**ÁKVÖRÐUN nr. 164****frá 27. nóvember 1996****um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 101 og E 102)**

(Texti sem varðar EES)

(97/533/EB)

**FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGAHEFUR,**

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja<sup>(1)</sup>, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem fastsetur málsmæðferð vegna framkvæmdar reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja<sup>(2)</sup>, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa vottorð, staðfestar yfirlýsingar, tilkynningar, umsóknir og önnur skjöl sem eru nauðsynleg til framkvæmdar reglugerðunum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þessi eyðublöð þarf að aðlaga með hliðsjón af ákvörðun nr. 162.

Aðlaga skal eyðublöðin svo að unnt verði að nota þau eftir stækkun bandalagsins vegna aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar.

VI. viðauki við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði frá 2. maí 1992, eins og honum var breytt með bókun frá 17. mars 1993, er til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 á Evrópska efnahagssvæðinu.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar eru eyðublöð, sem nauðsynleg eru vegna beitingar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og 574/72, aðlöguð og þau tekin í notkun á Evrópska efnahagssvæðinu.

Til hagræðingar eru notuð eins eyðublöð í bandalaginu og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í tilmælum framkvæmdaráðsins nr. 15 var ákveðið á hvaða tungumáli eyðublöðin skyldu útbúin.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

1. Eyðublöðin hér á eftir skulu koma í stað eyðublaða E 101 og E 102 sem eru prentuð í ákvörðun nr. 130 frá 17. október 1985.
2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmaðum umsækjendum, stofnunum, vinnuveitendum o.s.frv.) í té eyðublöð í samræmi við meðfylgjandi fyrirmyndir að þeim.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttð. EB nr. L 216, 8. 8. 1997, bls. 85, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/98 frá 27. mars 1998 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttð. EB nr. L 149, 5. 7. 1971, bls. 2.

(<sup>2</sup>) Stjttð. EB nr. L 74, 27. 3. 1972, bls. 1.



3. Hvert eyðublað skal vera fáanlegt á opinberum tungumálum bandalagsins og þannig úr garði gert að mismunandi útgáfur séu algjörlega samsvarandi, þannig að hver sá aðili sem á að fá eyðublað (lögmætur umsækjandi, stofnun, vinnuveitandi o.s.frv.) geti fengið það prentað á sínu eigin tungumáli.
4. Þessi ákvörðun, sem kemur í stað ákvörðunar nr. 130 frá 17. október 1985, tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Formaður framkvæmdaráðsins,

*Denis Crowley*



**EVRÓPUBANDALÖGIN**  
**Reglugerðir um félagslegt öryggi**  
**EES\***

Sjá „Leiðbeiningar“ á síðu 3

E 101

(1)

**VOTTORÐ UM HVADA LÖGGJÖF SKULI GILDA**

Reglugerð 1408/71: gr. 13.2.d; gr. 14.1.a; gr. 14.2.b; gr. 14a.1.a, 2 og 4; gr. 14b.1, 2 og 4; gr. 14c.a; gr. 17  
 Reglugerð 574/72: gr. 11.1; gr. 11a.1; gr. 12a.2.a, 5.c og 7.a

1.	<input type="checkbox"/> Launþegi	<input type="checkbox"/> Sjálfstætt starfandi einstaklingur
1.1.	Föðurnafn/Eftirnafn <sup>(2)</sup>	
1.2.	Nafn/Nöfn	Fyrri nöfn <sup>(2)</sup>
1.3.	Fæðingardagur og -ár <sup>(3)</sup>	Ríkisfang D.N.I. <sup>(4)</sup>
1.4.	Fast heimilisfang	
	Gata	Nr. Pósthólf
	Bær	Póstnúmer Land
1.5.	Númer tryggingar <sup>(5)</sup>	

  

2.	<input type="checkbox"/> Vinnuveitandi	<input type="checkbox"/> Starfar sjálfstætt
2.1.	Nafn vinnuveitanda eða fyrirtækis	
2.2.	Kennitala <sup>(6)</sup>	
2.3.	Vinnuveitandi er ráðningarskrifstofa	já <input type="checkbox"/> nei <input type="checkbox"/>
2.4.	Póstfang	
	Símanúmer	Bréfsímanúmer
	Gata	Nr. Pósthólf
	Bær	Póstnúmer Land

  

3. Framangreindur tryggður einstaklingur

3.1. ☐ hefur starfað hjá framangreindum vinnuveitanda frá .....

☐ hefur starfað sem sjálfstætt starfandi einstaklingur frá .....

3.2. ☐ verður sendur til starfa eða mun starfa sem sjálfstætt starfandi einstaklingur og er líklegur starfstími frá ..... til .....

3.3. ☐ hjá neðangreindu fyrirtæki ☐ á neðangreindu skipi

  

3.4.	Nafn/nöfn fyrirtækis eða skips	
3.5.	Póstfang	
	Gata	Nr. Pósthólf
	Bær	Póstnúmer Land
	Gata	Nr. Pósthólf
	Bær	Póstnúmer Land
3.6.	Kennitala <sup>(6)</sup>	



E 101

4. Hver greiðir laun og almannatryggingaiðgjöld launþega sem er sendur annað til starfa?

4.1. Vinnuveitandinn sem um getur í lið 2 ☐

4.2. Fyrirtækið sem um getur í lið 3.4 ☐

4.3. Annar ☐ , ef svo þarf eftirfarandi að koma fram

Nafn ..... og

Póstfang .....

Gata ..... Nr. .... Pósthólf .....

Bær ..... Póstnúmer ..... Land .....

5. Hinn tryggði heyrir áfram undir löggjöf í landinu ☐ (¹)

5.1. í samræmi við grein

☐ 13.2.d

☐ 14.1.a

☐ 14b.1

☐ 14.2.b

☐ 14b.2

☐ 14a.1.a

☐ 14b.4

☐ 14a.2

☐ 14c.a

☐ 14a.4

☐ 17

reglugerðar 1408/71

5.2. ☐ frá ..... til .....

5.3. ☐ út starfstímann. (Sjá bréf frá þar til bæru yfirvaldi eða tilnefndum aðila í starfslandi sem veitir hinum tryggða rétt til að heyra áfram undir löggjöf ríkisins þaðan sem hann er sendur

af ..... tilvísun .....)

6. Þar til bær stofnun með gildandi löggjöf

6.1. Nafn ..... Kenninúmer(⁷) .....

6.2. Póstfang .....

Símanúmer ..... Bréfsímanúmer .....

Gata ..... Nr. .... Pósthólf .....

Bær ..... Póstnúmer ..... Land .....

6.3. Stimpill .....

6.4. Dagsetning .....

6.5. Undirskrift .....



## LEIÐBEININGAR

**Eyðublaðið skal fylla út með prentstöfum og aðeins rita á punktalínurnar. Eyðublaðið er 4 síður og má ekki skilja neina þeirra undan, jafnvel þótt þar séu ekki neinar upplýsingar sem skipta máli.**

Tilnefnd stofnun aðildarríkis sem launþegi/sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrir undir löggjöf hjá skal fylla eyðublaðið út að b launþegans/hins sjálfstætt starfandi einstaklings eða vinnuveitanda og endursenda það viðkomandi einstaklingi. Ef launþeginn/sjálf starfandi einstaklingur hefur verið sendur til starfa í Belgíu, Hollandi eða Finnlandi skal stofnunin einnig senda eintak: 1) í Belgíu til „Office national de sécurité sociale/Rijksdienst voor sociale zekerheid“ (almannatryggingaskrifstofunnar), Brussel, ef um er að ræða launþega; „Caisse d'assurance sociales pour les travailleurs indépendants/Rijksinstituut voor sociale verzekering der zelfstandigen“ (almannatryggingastofnunar fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga), ef um er að ræða sjálfstætt starfandi einstaklinga, Brussel; „Caisse Secours et de Prévoyance des marins/de Hulp-en Voorzorgskas voor Zeevarenden“ (aðstoðar- og framfærslusjóðs sjómanna), ef um er að ræða sjómenn, Antwerpen; 2) í Hollandi, til Sociale Verzekeringsbank (almannatryggingabankans), Amstelveen; 3) í Finnlandi til „Eläketurvakeskus“ (almennu viðbótarlífeyristryggingastofnunarinnar), Helsinki.

### Upplýsingar fyrir hinn tryggða

Áður en hinn tryggði fer frá því landi þar sem hann er tryggður til starfa í öðru aðildarríki skal hann óska eftir að fá eyðublað E 111 e 106, eftir því sem við á, hjá stofnun sem sér um tryggingar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar fyrir hann. Eyðublað E 111 fæ posthúsum í Breska konungsríkinu. Eyðublaðs E 111 er ekki krafist ef hinn tryggði hyggur á dvöl í Breska konungsríkinu. Ef hinn tryggði er aðstandandi hans þarfnast aðstoðar (t.d. lækni meðferðar, lyfja, meðferðar á sjúkrahúsi o.s.frv.) í starfslandinu skal hann afhenda eyðublað E 111 eða E 106 stofnun sem sér um tryggingar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar á starfsstað. Ef hinn tryggði hefur eyðublaðið ekki undir höndum skal síðarnefnda stofnunin biðja stofnun sem hann er tryggður hjá um það.

### Upplýsingar fyrir vinnuveitendur

Aðildarríki sem fær beiðni um að beita 14. (1.mgr.), 14.b. (1. mgr.) eða 17. gr. í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 skal upplýsa vinnuveitendur og viðkomandi launþega eða sjálfstætt starfandi einstakling svo sem vera ber með hvaða skilmálum útsendur starfsmaður getur hafið starf áfram að heyrja undir löggjöf þess.

Greina skal vinnuveitanda frá því að hugsanlega verði gerðar athuganir af og til á útsendingartímabilinu til að ganga úr skugga um þessu tímabili sé ekki lokið. Athuganir af þessu tagi geta meðal annars miðað að því að fylgjast með löggjaldagreiðslum og hvort beint tekið haldist. Enn fremur skal vinnuveitandi útsenda starfsmanns veita þar til bærri stofnun í útsendingarríki upplýsingar um hverja þá breytingu sem verður á útsendingartímabilinu, einkum ef

- útsending sem sótt var um hefur ekki komið til framkvæmda eða framlenging á útsendingartíma ekki komið til framkvæmda;
- hlé er gert á útsendingartíma, nema því aðeins að hlé á störfum starfsmanns fyrir fyrirtæki í starfsríki sé aðeins til bráðabirgða;
- vinnuveitandi hefur sent útsendan starfsmann til annars fyrirtækis í starfsríkinu.

Í fyrri tilvikunum tveimur skal hann/hún senda þetta eyðublað til baka til þar til bærrar stofnunar í sendiríkinu.

### Upplýsingar fyrir stofnun á dvalarstað

Ef viðkomandi einstaklingur leggur fram rétt vottorð (E 111 eða E 106) skal tryggingastofnun í dvalarlandi einnig veita honum bæði bráðabirgða vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms. Ef stofnunin krefst í því tilviki vottorðs E 123 skal hún snúa sér eins og fljótt og er til:

- í Belgíu, fyrir launþega, „Fonds des maladies professionnelles/Fonds voor beroepsziekten“ (atvinnusjúkdómasjóðs), Brussel, e atvinnusjúkdóm er að ræða, eða tryggingafyrirtækis sem vinnuveitandi tilnefnir, ef um er að ræða vinnuslys;
- í Danmörku „Arbejdsskadestyrrelsen“ (vinnuslysaráðsins), Kaupmannahöfn;
- í Þýskalandi „Berufsgenossenschaft“ (þar til bærrar vinnuslysatryggingastofnunar);
- á Spáni héraðsskrifstofa „Direcciones Provinciales del Instituto Nacional de Seguridad Social“ (héraðsskrifstofa almannatryggingaunarinnar);
- á Írlandi „Department of Health, Planning Unit“, Dublin 2 (heilbrigðisráðuneytisins);
- á Ítalíu þar til bærrar héraðsskrifstofu „Istituto nazionale per l'assicurazione contro gli infortuni sul lavoro“ (INAIL, vinnuslysatryggingastofnunar ríkisins);
- í Lúxemborg „Association d'assurance contre les accidents“ (slysatryggingasambandsins);
- í Holland „Sociale Verzekeringsbank“ (almannatryggingabankans), Amstelveen;
- í Austurríki þar til bærrar slysatryggingastofnunar;
- í Portúgal „Centro Nacional de Proteção contra os Riscos Profissionais“ (atvinnusjúkdómatryggingasjóðs ríkisins), Lissabon;
- í Finnlandi „Tapaturmavakuutuslaitosten Liitto“ (samtaka slysatryggingastofnana), Bulevardi 28, 00120 Helsinki;
- í Svíþjóð „Försäkringskassan“ (almannatryggingaskrifstofu);
- í öllum öðrum aðildarríkjum þar til bærrar sjúkratryggingastofnunar;
- á Íslandi Tryggingastofnunar ríkisins, Reykjavík;
- í Liechtenstein „Amt für Volkswirtschaft“ (þjóðhagsstofnunar), Vaduz;
- í Noregi „Folketrygdkontoret for utenlandssaker“ (almannatryggingaskrifstofu vegna utanlandsmálefna), Osló;

Ef viðkomandi einstaklingur fellur undir franskt almannatryggingakerfi skal sjóðurinn sem er til þess bær að viðurkenna bótarétt hans tryggingasjóður hans, en þarf ekki að vera einn þeirra sjóða sem er tífundaður á eyðublaði E 101. Beiðni um eyðublað E 111 eða E 106 eftir því sem við á, skal beint til sjóðs á búsetustað viðkomandi launþega/sjálfstætt starfandi einstaklings.



## ATHUGASEMDIR

- (\*) EES-samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi. Vegna þess samnings gildir eyðublað þetta einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.
- (<sup>1</sup>) Tákn fyrir landið sem launþegi/sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrir undir löggjöf hjá: B = Belgía; DK = Danmörk; D = Þýskaland; GR = Grikkland; E = Spánn; F = Frakkland; IRL = Írland; I = Ítalía; L = Lúxemborg; NL = Holland; A = Austurríki; P = Portúgal; FIN = Finnland; S = Svíþjóð; GB = Breska konungsríkið; IS = Ísland; FL = Liechtenstein; N = Noregur.
- (<sup>2</sup>) Fyrir spænskan ríkisborgara skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu.  
Fyrir portúgalskan ríkisborgara skal rita öll nöfnin (nafn, föðurnafn/ettirnafn, fyrri nöfn) í sömu röð samkvæmt borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.
- (<sup>3</sup>) Nota skal tvo tölustafi fyrir dag og mánuð og fjóra fyrir ártal (dæmi: 1. ágúst 1921 = 01.08.1921).
- (<sup>4</sup>) Fyrir spænskan ríkisborgara skal rita númer á kennivottorði ríkisins (D.N.I.), ef slíku er til að dreifa, jafnvel þótt vottorðið sé fallið úr gildi. Að öðrum kosti skal rita „ekkert“.
- (<sup>5</sup>) Tilgreina skal þjóðskrárnúmer fyrir starfsmenn sem falla undir belgíska löggjöf (NISS).  
Tilgreina skal CPR-númer fyrir starfandi fólk sem fellur undir danska löggjöf.  
Tilgreina skal SOFI-númer fyrir starfandi fólk sem fellur undir hollenska löggjöf.
- (<sup>6</sup>) Gefa skal eins ítarlegar upplýsingar og kostur er sem nota má til að bera kennsl á vinnuveitanda eða fyrirtæki sjálfstætt starfandi einstaklings:  
Ef um ræðir skip skal tilgreina nafn og skráningarnúmer skipsins.  
Tilgreina skal ONSS/RSZ-skráningarnúmer vinnuveitanda ef um ræðir launþega og T.V.A./B.T.W.-númer ef um ræðir sjálfstætt starfandi einstaklinga, fyrir Belgíu.  
Tilgreina skal SE-númer fyrir Danmörku.  
Tilgreina skal „Betriebsnummer des Arbeitgebers“ fyrir Þýskaland.  
Tilgreina skal SIRET-númer fyrir Frakkland.  
Tilgreina skal „Código De Cuenta De Cotización Del Empresario CCC“ (númer iðgjaldareiknings vinnuveitanda) fyrir Spán.  
Tilgreina skal nafn þar til bærrar sýsatryggingastofnunar fyrir starfsmenn sem falla undir vinnusýsatöggjöf í Finnlandi.  
Tilgreina skal númer fyrirtækis fyrir Noreg.
- (<sup>7</sup>) Fyllist út ef það er til.



**EVROPUBANDALÖGIN**  
**Reglugerðir um félagslegt öryggi**  
**EES\***

Sjá „Leiðbeiningar“ á bls. 3

E 102 <sup>(1)</sup>

**FRAMLENGING ÚTHALDSTÍMA EÐA STARFSTÍMA SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGS**

Reglugerð 1408/71: gr. 14.1.b; gr. 14a.1.b; gr. 14b.1 og 2

Reglugerð 574/72: gr. 11.2 og 11a.2

**A. Vinnuveitandi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur fyllir út**

1.	Viðtökustofnun <sup>(2)</sup>		
1.1.	Nafn .....		
1.2.	Póstfang .....	Bréfsímanúmer .....	
	Símanúmer .....	Nr. ....	Pósthólf .....
	Gata .....	Póstnúmer .....	Land .....
	Bær .....		

2.	<input type="checkbox"/> Launþegi <input type="checkbox"/> Sjálfstætt starfandi einstaklingur		
2.1.	Föðurnafn/Eftirnafn <sup>(3)</sup> .....		
2.2.	Nafn/Nöfn .....	Fyrri nöfn <sup>(3)</sup> .....	
2.3.	Fæðingardagur og -ár <sup>(4)</sup> .....	Ríkisfang .....	D.N.I. <sup>(5)</sup> .....
2.4.	Fast heimilisfang .....	Nr. ....	Pósthólf .....
	Gata .....	Póstnúmer .....	Land .....
	Bær .....		
2.5.	Númer tryggingar <sup>(6)</sup> .....		

3. Ofangreindur tryggður einstaklingur

☐ hefur verið sendur til starfa

☐ starfar sem sjálfstætt starfandi einstaklingur í samræmi við grein

3.1. ☐ 14.1.a ☐ 14a.1.a ☐ 14b.1 ☐ 14b.2 í reglugerð 1408/71

3.2. á tímabilinu frá ..... til .....

3.3. ☐ hjá neðangreindu fyrirtæki/fyrirtækjum ☐ á neðangreindu skipi

3.4.	Nafn fyrirtækis eða skips .....		
3.5.	Póstfang .....	Bréfsímanúmer .....	
	Símanúmer .....	Nr. ....	Pósthólf .....
	Gata .....	Póstnúmer .....	Land .....
	Bær .....		
3.6.	Kennitala <sup>(7)</sup> .....		



E 102

4. Hinn tryggði hafði undir höndum vottorð varðandi gildandi löggjöf (eyðublað E 101)

4.1. sem eftirtalin stofnun gaf út

Nafn.....

Gata..... Nr..... Pósthólf.....

Bær..... Póstnúmer..... Land.....

4.2. hinn ..... og gildir til .....

5. Við förum fram á þið beitið áfram löggjöf landsins gagnvart hinum tryggða<sup>(1)</sup>

☐

5.1. á tímabilinu frá ..... til .....<sup>(8)</sup>

6. ☐ Vinnuveitandi

☐ Starfar sjálfstætt

6.1. Nafn vinnuveitanda eða nafn fyrirtækis

.....

6.2. Kennitala<sup>(7)</sup>

.....

6.3. Póstfang

Símanúmer..... Bréfsímanúmer.....

Gata..... Nr..... Pósthólf.....

Bær..... Póstnúmer..... Land.....

6.4. Stimpill

6.5. Dagsetning

.....

6.6. Undirskrift

.....

**B. Þar til bært yfirvald eða aðili tilnefndur af starfslandi fyllir út<sup>(8)</sup>**

7. Við lýsum yfir því að

7.1. ☐ samþykkt hefur verið ☐ ekki hefur verið samþykkt

að láta almannatryggingalöggjöf landsins gilda áfram gagnvart hinum tryggða sem er tilgreindur í reit 2

☐

<sup>(1)</sup>

7.2. á tímabilinu frá ..... til .....



8.	Par til bært yfirvald eða aðili tilnefndur af starfslandi			
8.1.	Nafn .....	Kenninúmer <sup>(10)</sup> .....		
8.2.	Póstfang			
	Símanúmer .....	Bréfsímanúmer .....		
	Gata .....	Nr. ....	Pósthólf .....	
	Bær .....	Póstnúmer .....	Land .....	
8.3.	Stimpill			
		8.4.	Dagsetning	.....
		8.5.	Undirskrift	.....

## LEIÐBEININGAR

Eyðublaðið skal fylla út í fjórum eintökum með prentstöfum og aðeins rita á punktalínurnar. Eyðublaðið er 4 síður og má skilja nelson þeirra undan, jafnvel þótt þar séu ekki neinar upplýsingar sem skipta máll.

## Upplýsingar fyrir vinnuveitanda eða sjálfstætt starfandi einstakling

- a) Vinnuveitandi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur skal fylla hluta A á eyðublaðinu og senda það til þar til bærs yfirvald tilnefnds aðila í landinu þangað sem viðkomandi hefur verið sendur til starfa eða starfar sem sjálfstætt starfandi einstaklingur

í **Belgíu**, fyrir launþega, „Office national de sécurité sociale/Rijksdienst voor sociale zekerheid“ (almannatryggingaskrifstofu Brussel; fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, „Caisse d'assurance sociales pour les travailleurs indépendants/Rijksinstituut sociale verzekering der zelfstandigen“ (almannatryggingastofnun fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga), Brussel; fyrir sjór „Caisse de Secours et de Prévoyance des marins/de Hulp-en Voorzorgskas voor Zeevarenden“ (aðstoðar- og framfærslu sjómanna), Antwerpen;

í **Danmörku**, „Direktoratet for Social Sikring og Bistand“ (almannatrygginga- og félagsmálaskrifstofunnar), Kaupmannahöfn;

í **Þýskalandi**, „Deutsche Verbindungsstelle Krankenversicherung — Ausland“ (ríkissamtaka staðarsjúkrasjóða — útlönd), B

í **Grikklandi**, fyrir launþega, almannatryggingastofnunar héraðsins eða staðarins (IKA); fyrir sjómenn, lífeyrissjóðs sjór (NAT); fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, þeirrar stofnunar sem er tilnefnd fyrir hverja atvinnugrein samkvæmt 10. viðauka GRIKKLAND í reglugerð (EBE) nr. 574/72;

á **Spáni**, „Tesorería General de la Seguridad Social — Ministerio de Trabajo y Asuntos Sociales“ (almannatryggingasjóðs, atv og almannatryggingaráðuneytisins), Madrid;

í **Frakklandi**, „Direction régionale des Affaires sanitaires et sociales“ (heilbrigðis- og félagsmálaskrifstofu héraðsins) og fyrir s menn í landbúnaði „Direction régionale de l'Agriculture et de la Forêt — Service régional de l'inspection du Travail, de l'Emp de la Politique sociale“ (héraðsskrifstofu landbúnaðar og skógræktar — héraðsdeildar eftirlitsskrifstofu atvinnu- og félagsmála

á **Írlandi**, „Department of Social Welfare, PRSI Special Collection Section“ (félagsmálaráðuneytisins, PRSI-deild), Dublin 2;

á **Ítalíu**, „Ministero del Lavoro e della previdenza sociale“ (atvinnu- og félagsmálaráðuneytisins), Róm;

í **Lúxemborg**, „Inspection générale de la sécurité sociale“ (aðaleftirlitsaðila almannatrygginga), Lúxemborg;

í **Hollandi**, „Sociale Verzekeringsbank“ (almannatryggingabankans), Amstelveen;

í **Austurríki**, „Bundesministerium für Arbeit, Gesundheit und Soziales“ (atvinnu- og félagsmálaráðuneyti), Vínnarborg;

í **Portúgal**: í landinu sjálfu „Departamento de Relações Internacionais de Segurança Social“ (ráðuneytis alþjóðatengsla og s inga um félagslegt öryggi), Lissabon; í Madeira: „Secretaria Regional dos Assuntos Sociais“ (héraðsrítara félagsmála) í Fu á Asoreyjum: „Direcção Regional de Segurança social“ (almannatryggingaskrifstofu héraðsins) í Angra do Heroísmo;

á **Finnlandi**, „Eläketurvakeskus“ (almennu viðbótarlífeyristryggingastofnunarinnar), Helsinki;

í **Svíþjóð**, „Riksförsäkringsverket“ (almannatryggingaráðs ríkisins), Stokkhólm;

í **Breska konungsríkinu**, „The Contributions Agency DSS, International Services“ (almannatryggingadeildarinnar, utanlanc efni), Newcastle-Upon-Tyne, eða „The Northern Ireland Social Security Agency, Overseas Branch“ (almannatryggingadeilda á Norður-Írlandi), Belfast, eftir því sem við á;

á **Íslandi** Tryggingastofnunar ríkisins, Reykjavík;

í **Liechtenstein**, „Amt für Volkswirtschaft“ (þjóðhagsstofnunar), Vaduz;

í **Noregi**, „Folketrygdkontoret for utenlandssaker“ (almannatryggingaskrifstofunnar vegna utanlandsmálefna), Ósló;



- b) Tvö eintök af eyðublaðinu, með hluta B útfylltan, verða send vinnuveitanda eða hinum sjálfstætt starfandi einstaklingi. Vinnuveitandi sendir launþega eitt eintak.

Aðildarríki sem fær beiðni um að beita 1. mgr. 14. gr. eða 1. mgr. 14. gr. b í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 skal upplýsa vinnuveitanda og viðkomandi launþega eða sjálfstætt starfandi einstakling svo sem vera ber með hvaða skilmálum útsendur starfsmaður getur haldið áfram að heyra undir löggjöf þess.

Greina skal vinnuveitanda frá því að hugsanlega verði gerðar athuganir af og til á útsendingartímabilinu til að ganga úr skugga um að þessu tímabili sé ekki lokið. Athuganir af þessu tagi geta meðal annars miðað að því að fylgjast með iðgjaldagreiðslum og hvort bein tengsl haldist.

Enn fremur skal vinnuveitandi útsends starfsmanns veita þar til bærri stofnun í útsendingarríki upplýsingar um hverja þá breytingu sem verður á útsendingartímabilinu, einkum ef

- útsending sem sótt var um hefur ekki komið til framkvæmda eða framlenging á útsendingartíma ekki komið til framkvæmda;
- hlé er gert á útsendingartíma, nema því aðeins að hlé á störfum starfsmanns fyrir fyrirtæki í starfsríki sé aðeins til bráðabirgða;
- vinnuveitandi hefur sent útsendan starfsmann til annars fyrirtækis í starfsríkinu.

Í fyrri tilvikunum tveimur skal hann/hún senda þetta eyðublað til baka til þar til bærrar stofnunar í sendiríkinu.

### ATHUGASEMDIR

- (\*) EES-samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi. Vegna þess samnings gildir eyðublað þetta einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.
- (<sup>1</sup>) Tákn fyrir landið sem launþegi/sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrir undir löggjöf hjá: B = Belgía; DK = Danmörk; D = Þýskaland; GR = Grikkland; E = Spánn; F = Frakkland; IRL = Írland; I = Ítalía; L = Lúxemborg; NL = Holland; A = Austurríki; P = Portúgal; FIN = Finnland; S = Svíþjóð; GB = Breska konungsríkið; IS = Ísland; FL = Liechtenstein; N = Noregur.
- (<sup>2</sup>) Sjá upplýsingar í a-llð í „Upplýsingar fyrir vinnuveitanda eða sjálfstætt starfandi einstakling“.
- (<sup>3</sup>) Fyrir spænskan ríkisborgara skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu. Fyrir portúgalskan ríkisborgara skal rita öll nöfnin (nafn, föðurnafn/eftirnafn, fyrri nöfn) í sömu röð samkvæmt borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.
- (<sup>4</sup>) Nota skal tvo tölustafi fyrir dag og mánuð og fjóra fyrir ártal (dæmi: 1. ágúst 1921 = 01.08.1921).
- (<sup>5</sup>) Fyrir spænskan ríkisborgara skal rita númer á kennivottorði ríkisins (D.N.I.), ef slíku er til að dreifa, jafnvel þótt vottorðið sé fallið úr gildi. Að öðrum kosti skal rita „ekkert“.
- (<sup>6</sup>) Tilgreina skal þjóðskrárnúmer fyrir starfsmenn sem falla undir belgíska löggjöf (NISS). Tilgreina skal CPR-númer fyrir starfsmenn sem falla undir danska löggjöf. Tilgreina skal SOFI-númer fyrir starfsmenn sem falla undir hollenska löggjöf.
- (<sup>7</sup>) Gefa skal eins ítarlegar upplýsingar og kostur er sem nota má til að bera kennsl á vinnuveitanda eða fyrirtæki sjálfstætt starfandi einstaklings:  
Ef um ræðir skip skal tilgreina nafn og skráningarnúmer skipsins.  
Tilgreina skal ONSS/RSZ-skráningarnúmer vinnuveitanda ef um ræðir launþega og T.V.A./B.T.W.-númer ef um ræðir sjálfstætt starfandi einstaklinga, fyrir Belgíu.  
Tilgreina skal SE-númer fyrir Danmörku.  
Tilgreina skal „Betriebsnummer des Arbeitgebers“ fyrir Þýskaland.  
Tilgreina skal SIRET-númer fyrir Frakkland.  
Tilgreina skal „Código De Cuenta De Cotización Del Empresario CCC“ (númer iðgjaldareiknings vinnuveitanda) fyrir Spán.  
Tilgreina skal nafn þar til bærrar slysatryggingastofnunar fyrir starfsmenn sem falla undir vinnuslysalöggjöf í Finnlandi.  
Tilgreina skal númer fyrirtækis fyrir Noreg.
- (<sup>8</sup>) Þetta tímabil má ekki vera lengra en 24 mánuðir reiknað frá þeim degi er viðkomandi var sendur til starfa eða hóf störf sem sjálfstætt starfandi einstaklingur.
- (<sup>9</sup>) Endursenda skal tvö eintök til umsækjanda og eitt eintak til tilnefndrar stofnunar í landinu þar sem fyrirtækið hefur skráða skrifstofu.
- (<sup>10</sup>) Fyllist út ef það er til.



## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/48/04

nr. 25/98  
frá 27. mars 1998

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)  
við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/97 frá 17. desember 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB frá 13. desember 1995 um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5b (tilskipun ráðsins 92/44/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„5c. **395 L 0062:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB frá 13. desember 1995 um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu (Stjtið. EB nr. L 321, 30. 12. 1995, bls. 6).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) i) Liechtenstein skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun fyrir 1. janúar 1998;
- ii) í lok aðlögunartímabilsins fyrir Liechtenstein, sem kveðið er á um í i-lið, skal sameiginlega EES-nefndin endurmeta stöðuna með hugsanlegar breytingar í huga sem þörf er á til að taka til greina ráðstafanir vegna reksturs á fasta almenna símanetinu í Liechtenstein. Þangað til skal Liechtenstein þó leggja kapp á að tryggja að farið verði að ákvæðum tilskipunarinnar á yfirráðasvæði sínu eftir því sem framast verður komið.

b) að því er EFTA-ríkin varðar skal tilvísunin í a-lið 27. gr. sáttmálans teljast tilvísun til samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls;

c) eftirfarandi bætist við 2. mgr. 27. gr.:

a) ef gripið er til málsmeðferðarinnar í 3. og 4. mgr. í máli sem ein eða fleiri eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkja eiga hlut að, þá skal tilkynningin send hinu innlenda eftirlitsyfirvaldi og Eftirlitsstofnun EFTA;

b) ef gripið er til málsmeðferðarinnar í 3. og 4. mgr. í máli sem ein eða fleiri eftirlitsyfirvöld bæði ESB-ríkja og EFTA-ríkja eiga hlut að, þá skal tilkynningin send hinu innlenda eftirlitsyfirvaldi, framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA;

d) eftirfarandi bætist við 3. mgr. 27. gr.:

a) telji innlenda eftirlitsyfirvaldið eða Eftirlitsstofnun EFTA, að fenginni tilkynningu samkvæmt a-lið 2. mgr., að ástæða sé til að kanna málið frekar getur það eða hún vísað málinu til starfshóps sem er skipaður fulltrúum EFTA-ríkja og viðkomandi eftirlitsyfirvalda þeirra og fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA er vera skal formaður starfshópsins. Ef formaður telur að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar á landsvísu, þá skal hann hefja málsmeðferð samkvæmt, að breyttu breytanda, þeim skilmálum sem eru settir í 4. mgr. 27. gr.

b) telji innlent eftirlitsyfirvald, framkvæmdastjórnin eða Eftirlitsstofnun EFTA, að fenginni tilkynningu samkvæmt b-lið 2. mgr., að ástæða sé til að kanna málið frekar þá geta þessir aðilar vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ef sameiginlega EES-nefndin telur að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar á

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 193, 9. 7. 1998, bls. 69 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9.7.1998, bls. 161.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 321, 30. 12. 1995, bls. 6.



landsvísu, þá getur hún sett á stofn starfshóp skipaðan jafnmörgum fulltrúum EFTA-ríkja og viðkomandi eftirlitsyfirvalda þeirra annars vegar og jafnmörgum fulltrúum ESB-ríkja og viðkomandi eftirlitsyfirvalda þeirra hins vegar, sem og fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB. Sameiginlega EES-nefndin tilnefnir formann starfshópsins. Starfshópurinn skal, að breyttu breytanda, fylgja þeim starfsreglum sem eru settar í 4. mgr. 27. gr.”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*



**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 95/62/EB****frá 13. desember 1995****um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu(\*)****EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAFAR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 90/387/EBE frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum <sup>(4)</sup> er meðal annars kveðið á um að samþykkt verði sértilskipun um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir talsímaþjónustuna.
- 2) Í samræmi við tilskipun 90/387/EBE gildir frjáls aðgangur að netum um almenn fjarskiptanet og þar sem við á um almenna fjarskiptaþjónustu. Því þarf frjáls aðgangur að netum fyrir talsímaþjónustu einnig að fela í sér frjálsan aðgang að netunum sem talsímaþjónustan er veitt um.
- 3) Að því er varðar aðgang að föstum almennum símanetum og -þjónustu og notkun þeirra skulu skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum gilda um allar gerðir nettækni sem nú er notuð í aðildarríkjunum, að meðtöldum hliðrænum símanetum, stafrænum netum og stafræna samþætta þjónustunetinu (ISDN-samnetinu).
- 4) Þessi tilskipun gildir ekki um farsímaþjónustu. Þó gildir hún um notkun þeirra sem reka almenna farsímaþjónustu á föstum almennum símanetum, einkum með tilliti til

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 321, 30. 12. 1995, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/98 frá 27. mars 1998 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 122, 18. 5. 1995, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 236, 11. 9. 1995, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 16. maí 1995 (Stjtið. EB nr. C 151, 19. 6. 1995, bls. 27), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. C 281, 25. 10. 1995, bls. 19), ákvörðun Evrópuþingsins frá 26. október 1995 (Stjtið. EB nr. C 308, 20. 11. 1995) og ákvörðun ráðsins frá 27. nóvember 1995.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 1.

samtengingar farsímaneta við fasta almenna símanetið í einu aðildarríki, í þeim tilgangi að veita þjónustu um allt bandalagið. Þessi tilskipun gildir ekki um beina samtengingu þeirra sem reka almenna farsímaþjónustu.

5) Þessi tilskipun gildir ekki um þjónustu eða sérþjónustu sem veitt er á nettengipunktum utan bandalagsins.

6) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE frá 28. júní 1990 um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu <sup>(5)</sup> er þess krafist að aðildarríkin afnemi einkarétt á veitingu fjarskiptaþjónustu annarrar en talsímaþjónustu. Tilskipun 90/388/EBE gildir ekki um fjarrita, farsímaþjónustu og boðkerfi.

7) Í sumum aðildarríkjum hefur einkaréttur á veitingu talsímaþjónustu og aðgangs að almenna fjarskiptanetinu verið afnuminn. Þessum aðildarríkjum ber að sjá til þess að allir notendur geti gerst áskrifendur að samhæfðri talsímaþjónustu í samræmi við þessa tilskipun. Ákvæði þessarar tilskipunar ættu ekki að hamla aðgangi að mörkuðum fyrir talsímaþjónustu eða veitingu aðgangs að almenna fjarskiptanetinu.

8) Talsímaþjónusta hefur öðlast mikilvægi af félagslegum og efnahagslegum ástæðum og í bandalaginu ættu allir að eiga rétt á að gerast áskrifendur að þeirri þjónustu. Samkvæmt jafnræðisreglunni skal bjóða og veita öllum notendum talsímaþjónustu án mismununar, æski þeir þess. Jafnræðisreglan gildir meðal annars um tæknilega möguleika á aðgangi, taxa, gæði þjónustunnar, afgreiðslufrest, sanngjarna skiptingu á flutningsgetu ef hún er takmörkuð, lagfæringartíma ásamt aðgangi að upplýsingum um netið og upplýsingum ætluðum viðskiptavini, enda sé farið að gildandi ákvæðum um vernd persónuupplýsinga og einkalífs.

9) Í samræmi við tilskipun 90/388/EBE ber aðildarríkjum, sem viðhalda einkarétti á uppbyggingu og rekstri almennra fjarskiptaneta, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðgangs- og notkunarskilyrði netsins séu hlutlæg og byggð á jafnréttisgrundvelli og að þau verði birt opinberlega. Nauðsynlegt er að samhæfa hvaða forskriftir á að birta og í hvaða formi til að auðveldara sé að veita fjarskiptaþjónustu, bæði innan aðildarríkja og á milli aðildarríkja, einkum þannig

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 10. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/46/EB (Stjtið. EB nr. L 268, 19. 10. 1994, bls. 15).



að auðveldara verði fyrir félög, fyrirtæki eða einstaklinga að bjóða félögum, fyrirtækjum eða einstaklingum, sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki, þjónustu.

- 10) Í samræmi við meginregluna um aðskilnað eftirlits- og rekstrarstarfsemi hefur innlendum eftirlitsyfirvöldum verið komið á fót í aðildarríkjum. Samkvæmt dreifræðisreglunni skal innlenda eftirlitsyfirvaldið í hverju aðildarríki um sig gegna mikilvægu hlutverki við framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum í tengslum við birtingu markmiða og tölulegra upplýsinga um árangur, dagsetningar varðandi tilkomu nýrrar sérþjónustu, fullnægjandi samráð við notendur/neytendur og notenda-/neytendasamtök, stjórnun númeraáætlana, eftirlit með notkunarskilyrðum og lausn deilumála, og við að sjá til þess að notendur hljóti sanngjarna meðferð í öllu bandalaginu. Yfirvöldin skulu hafa nauðsynlegar heimildir til að rækja þessi verkefni til fulls.
- 11) Gæði þjónustunnar eins og þau snúa að notendum eru mikilvægur þáttur þjónustunnar sem veitt er og með hagsmunum notenda í huga ber að birta færðbreytur fyrir þjónustugæði og þann árangur sem næst. Til að meta megir hvort gæði þjónustu séu þau sömu alls staðar í bandalaginu þarf samhæfðar færðbreytur fyrir þjónustugæði og sameiginlegar mæliaðferðir. Ólíkir hópar notenda kalla á mismikil þjónustugæði og ólíkir taxtar kunna að eiga við í samræmi við það.
- 12) Notendur fasta almenna símanetsins ættu að hafa að minnsta kosti sömu réttindi gagnvart fjarskiptafyrirtækjum og gagnvart þeim sem afhenda aðrar vörur og þjónustu, og fjarskiptafyrirtæki ættu ekki að njóta neinnar óréttmætrar lögverndunar í samskiptum við notendur fasta almenna símanetsins.
- 13) Samkomulag milli viðkomandi aðila getur talist vera samningur. Til þess að sneiða hjá ósanngjörnum samningsákvæðum er nauðsynlegt að innlend eftirlitsyfirvöld geti krafist breytinga á skilyrðum sem fjarskiptafyrirtæki setja notendum í samningum. Aðildarríkjum er í sjálfsvald sett hvort eftirlitsyfirvald þeirra kannar þessa samningsskilmála, annaðhvort áður en fjarskiptafyrirtækin beita þeim eða síðar að beiðni notanda.
- 14) Í tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum <sup>(1)</sup> er þegar kveðið á um almenna neytendavernd með tilliti til samningsskilmála. Engu að síður er nauðsynlegt að útfæra þessa almennu vernd nánar, að því er varðar þessa tilskipun, með því að bæta við nákvæmari reglum sem gildi um alla notendur.
- 15) Auk grunntalsímaþjónustunnar sem notendur fá aðgang að er æskilegt að tryggja að notendum bjóðist samhæfð lágmarkssamstæða háþróaðrar talsímasérþjónustu til

samskipta bæði innan aðildarríkja og milli þeirra, að því marki sem því verður við komið af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum.

- 16) Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag um framkvæmd lagagerða sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b í sáttmálanum.
- 17) Þegar veittur er aðgangur að annarri talsímasérþjónustu umfram þá lágmarkssamstæðu talsímasérþjónustu, sem hér er lýst, til að sinna kröfum markaðarins, ætti það ekki að hamlar því að grunntalsímasérþjónusta sé veitt né leiða til óhóflegra verðhækkana á grunntalsímaþjónustu.
- 18) Samhæfð skilyrði fyrir talsímaþjónustu ættu að gefa aðildarríkjum svigrúm til að ákvarða tímasetningar fyrir framkvæmdina vegna þess hve tækniþróun netsins er mismunandi langt á veg komin og kröfur markaðarins ólíkar.
- 19) Framkvæmdastjórnin hefur gefið út leiðbeiningar um beitingu samkeppnisreglna bandalagsins á sviði fjarskipta <sup>(2)</sup>, meðal annars til að skýra hvernig samkeppnislögum bandalagsins skuli beitt þegar fjarskiptafyrirtæki eiga samstarf um að koma á samtengingu almennra neta og þjónustu alls staðar í bandalaginu.
- 20) Til að veita megir öfluga og skilvirka fjarskiptaþjónustu og bjóða nýja notkunarmöguleika er veitendum fjarskiptaþjónustu og öðrum notendum heimilt, í samræmi við meginreglur laga bandalagsins, að óska eftir aðgangi að fasta almenna símanetinu á öðrum stöðum en nettengipunktunum sem flestum símnötendum bjóðast. Slíkar beiðnir skulu vera raunhæfar í tæknilegu og fjárhagslegu tilliti. Semja þarf málsmeðferðarreglur til að koma á jafnvægi milli krafna notenda og réttmætra hagsmuna fjarskiptafyrirtækja. Brýnt er að heildarvirkni almenna netsins skerðist ekki þegar slíkur sérstakur netaðgangur er notaður til að ná fram fullri og skilvirkri nýtingu fasta almenna símanetsins.
- 21) Í samræmi við skilgreininguna í tilskipun 90/387/EBE má nettengipunkturinn vera staðsettur á athafnasvæði fjarskiptafyrirtækis. Í þessari tilskipun er ekki sérstaklega farið fram á að búnaður í eigu þjónustuveitenda sé settur upp á athafnasvæði fjarskiptafyrirtækis.
- 22) Nauðsynlegt er að innlend eftirlitsyfirvöld geri fullnægjandi öryggisráðstafanir til að tryggja að fjarskiptafyrirtæki mismuni ekki þjónustuveitendum sem þau eru í samkeppni við, einkum öryggisráðstafanir sem tryggja sanngjarnan aðgang að netskilflötum. Taxtarnir, sem farið er eftir þegar fjarskiptafyrirtæki nota fasta almenna símanetið til að veita fjarskiptaþjónustu, skulu vera þeir sömu og taxtarnir sem gilda fyrir aðra notendur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 95, 21. 4. 1993, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 233, 6. 9. 1991, bls. 2.



- 23) Notendur ættu að njóta góðs af umfangs- og stærðarhagkvæmni sem kann að leiða af nýrri forritanlegri nethögun. Það er skilyrði fyrir þróun bandalagsmarkaðarins fyrir fjarskiptaþjónustu að sérþjónusta eins og sú sem skilgreind er í þessari tilskipun sé fáanleg sem víðast. Beita ber jafnræðisreglunni á þann hátt að það hamli ekki þróun nútímalegrar fjarskiptaþjónustu.
- 24) Hvetja ber fjarskiptafyrirtæki til að koma á nauðsynlegum samstarfskerfum til að tryggja fulla samtengingu almennra neta um allt bandalagið, einkum fyrir talsímaþjónustu. Innlendum eftirlitsyfirvöldum ber að greiða fyrir slíku samstarfi. Rétt er að slík samtenging sé háð eftirliti til að standa vörð um hagsmuni notenda um allt bandalagið og tryggja að farið sé að lögum bandalagsins, þar sem við á í samræmi við gildandi alþjóðleg rammaákvæði á vegum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU). Því ættu innlend eftirlitsyfirvöld að eiga rétt á aðgangi að öllum upplýsingum um samninga um netsamtengingu þar sem við á. Framkvæmdastjórnin getur farið fram á upplýsingar frá aðildarríkjunum um sersamninga um netaðgang og samtengingarsamninga að því marki sem lög bandalagsins kveða á um það.
- 25) Samtenging almennra símaneta er skilyrði fyrir því að unnt sé að veita talsímaþjónustu um allt bandalagið. Það er á ábyrgð innlendra eftirlitsyfirvalda að sjá til þess að skilyrði fyrir samtengingu við föstu almennu símanetin, að meðtalinni samtengingu fjarskiptafyrirtækja í öðrum aðildarríkjum og þeirra sem reka almenna farsímaþjónustu, séu hlutlæg og laus við mismunin í samræmi við tilskipun 90/387/EBE.
- 26) Ef fasta almenna símanetið í einhverju aðildarríki er rekið af fleiri en einu fjarskiptafyrirtæki skulu innlend eftirlitsyfirvöld hafa viðeigandi eftirlit með samtengingartilhöguninni til að tryggja að talsímaþjónusta sé veitt um allt bandalagið. Með slíkri tilhögun samtengingar skal taka tilhlýðilegt tillit til þeirra meginreglna sem settar eru í þessari tilskipun.
- 27) Meginreglan um jafnræði að því er varðar samtengingu miðar fyrst og fremst að því að koma í veg fyrir að fjarskiptafyrirtæki misnoti yfirburðastöðu.
- 28) Í samræmi við tilskipun 90/387/EBE ber að beita alls staðar í bandalaginu sameiginlegum, skilvirkum meginreglum um taxa, sem eru byggðar á hlutlægum viðmiðum og í samræmi við kostnað. Hæfilegur aðlögunartími kann að vera nauðsynlegur til að koma þessum meginreglum fyllilega í framkvæmd. Engu að síður er þess krafist að taxtar séu gagnsæir, að þeir séu birtir með viðeigandi hætti, að þeir séu í nægilega ríkum mæli ákveðnir fyrir hverja þjónustu sérstaklega samkvæmt samkeppnisreglum sáttmálans, án mismununar og þannig að tryggt sé að allir njóti sömu kjara. Við beitingu kostnaðarreglunnar ber að taka tillit til markmiðsins um altæka þjónustu og heimilt er að taka tillit til stefnu bæja og sveita í skipulagsmálum sem miðar að því að tryggja samheldni innan aðildarríkis.
- 29) Innlend eftirlitsyfirvöld skulu bera ábyrgð á eftirliti með töxtum. Uppbyggingu taxa ætti að laga að tækniþróun og eftirspurn. Krafan um að taxtar taki mið af kostnaði þýðir að fjarskiptafyrirtæki taki innan hæfilegs tíma upp kostnaðarbókhald sem gerir kleift að dreifa kostnaði á þjónustugreinar sem nákvæmast á grundvelli gagnsæs kostnaðarbókhalds. Slíkar kröfur má til dæmis uppfylla með því að koma í framkvæmd meginreglunni um fullkomna kostnaðardreifingu.
- 30) Þörf er á nokkrum sveigjanleika innan almennu kostnaðarreglunnar, undir eftirliti innlendra eftirlitsyfirvalda, til að unnt sé að gera ráð fyrir afsláttarkerfum vegna sérstakra nota eða töxtum, sem eru æskilegir í félagslegu tilliti, fyrir tiltekna hópa fólks vegna símtala af ákveðnu tagi eða á tilteknum tímum sólarhrings. Afsláttarkerfi þurfa að samrýmast samkeppnisreglum sáttmálans, einkum almennu meginreglunni um að ekki megi binda samningsgerð við samþykkt óskyldra viðbótarskuldbindinga. Einkum er óheimilt að tengja með afsláttarkerfum framboð á þjónustu með sérstökum réttindum eða einkarétti við þjónustu sem veitt er í samkeppni.
- 31) Gera þarf notendum kleift að ganga úr skugga um að reikningar þeirra séu réttir með því að gefa þeim kost á eins nákvæmlega sundurliðuðum reikningum og notandinn hefur þörf fyrir, þó þannig að lög um verndun gagna og einkalífs séu í heiðri höfð.
- 32) Skrár yfir þá sem eru áskrifendur að talsímaþjónustunni skulu vera auðfáanlegar, þar sem þær eru mikilvægur þáttur í því að nota talsímaþjónustuna. Veita skal aðgang að símaskráupplýsingum með sanngjörnum skilmálum og án mismununar. Gefa skal notendum kost á að vera í skrá eða utan hennar, í samræmi við löggjöf um verndun gagna og einkalífs. Þessi tilskipun breytir ekki gildandi reglum um útgáfu símaskráa.
- 33) Símasjálfsalar fyrir almenning eru mikilvægir til að veita aðgang að talsímaþjónustunni, einkum í neyðartilvikum, og því er rétt að tryggja að nóg sé til af þeim til að sinna eðlilegum þörfum notenda.
- 34) Framkvæmdastjórnin gerir sér grein fyrir því að notendum kæmi vel að geta notað eina gerð fyrirframgreiddra símakorta í öllum aðildarríkjum og hefur því veitt Staðlasamtökum Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC) umboð til að þróa hentuga staðla. Auk þessara staðla er þörf á viðskiptasamningum til að tryggja að nota megi fyrirframgreidd símakort, sem gefin eru út í einu aðildarríki, í hinum aðildarríkjunum.
- 35) Heimilt er að grípa til ráðstafana í einstökum aðildarríkjum til að aðstoða fólk með sérþarfir. Þar á meðal mega vera ákvæði sem varða talsímaþjónustu, enda verður að líta á hana sem mikilvæga þjónustu fyrir fatlaða.



- 36) Framkvæmdastjórnin hefur farið þess á leit við Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) að hún kanni tæknilega og fjárhagslega möguleika á samhæfðum netskilfleti fyrir eina línu sem henti til aðgangs og notkunar í fasta almenna símanetinu í öllum aðildarríkjum. Til að tryggja samhæfðan aðgang fyrir ISDN-endabúnað er æskilegt að gerðar verði kröfur um samsvarandi nettengipunkt, þar með taldar forskriftir fyrir tengil.
- 37) Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá um innlend símanúmer. Þróa skal númerakerfi í nánú samstarfi við fjarskiptafyrirtæki og í samræmi við langtímaáætlanir um númerakerfi fyrir alla Evrópu og alþjóðlega númerakerfið. Númerabreytingar eru dýrar bæði fyrir fjarskiptafyrirtæki og notendur og ber því að halda þeim í lágmarki, þó þannig að fullnægt sé innlendum og alþjóðlegum þörfum þegar til lengri tíma er litið.
- 38) Í ályktun ráðsins frá 19. nóvember 1992 um samevrópskt samstarf um númerafyrirkomulag við fjarskiptaþjónustu <sup>(1)</sup> er litið á eflingu samstarfs um númerafyrirkomulag fyrir samevrópska þjónustu sem mikilvægt stefnumið. Þörf er á því að koma á evrópsku númerasvæði til að auðvelda framkvæmd og notkun samevrópskrar talsímaþjónustu, að meðtöldum frínúmerum/grænum númerum.
- 39) Í samræmi við tilskipun 90/388/EBE er aðildarríkjum, sem beita leyfisveitingu eða skráningarreglum sem forsendum fyrir því að fjarskiptaþjónusta sé veitt, skylt að sjá til þess að skilyrðin fyrir leyfisveitingu séu hlutlæg, án mismununar og auðskilin, að ástæður fyrir synjun séu tilgreindar og að til sé málsmeðferð til að áfrýja slíkri synjun. Skilyrði fyrir notkun fasta almenna símanetsins skulu vera í samræmi við lög bandalagsins, einkum tilskipun 90/387/EBE. Í samræmi við tilskipun ráðsins 92/44/EBE frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur <sup>(2)</sup> skulu allar takmarkanir sem miða að því að tryggja samræmi við grunnkröfur vera í samræmi við lög bandalagsins og settar fram með bindandi forskriftum af innlendum eftirlitsyfirvöldum. Óheimilt er að koma á tæknilegum takmörkunum vegna samtengingar leigulína og almennra símaneta eða viðhalda slíkum takmörkunum.
- 40) Í samræmi við tilskipun 90/387/EBE eru þær grunnkröfur, sem réttlæta takmarkanir á aðgangi að almennum fjarskiptanetum eða -þjónustu eða notkun slíkra neta eða slíkrar þjónustu, aðeins þær sem lúta að því að viðhalda rekstraröryggi og heildarvirkni neta, rekstrarsamhæfi þjónustu í rökstuddum tilvikum og verndun gagna, eftir því sem við á. Að auki gilda almenn skilyrði um tengingu notendabúnaðar. Innlend eftirlitsyfirvöld geta leyft málsmeðferð sem gerir fjarskiptafyrirtæki kleift að bregðast samstundis við alvarlegum brotum gegn aðgangs- eða notkunarreglum.
- 41) Meginreglan um gagnsæi skal gilda um staðlana sem talsímaþjónusta er byggð á. Í samræmi við tilskipun 90/387/EBE skal byggja samhæfingu tækniskilflata og aðgangsskilmála á sameiginlegum tækniforskriftum þar sem tekið er tillit til alþjóðlegrar stöðlunar. Samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða <sup>(1)</sup> er óheimilt að semja nýja innlenda staðla á sviðum þar sem unnið er að samhæfðum evrópskum stöðlum.
- 42) Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að fylgjast náið með beitingu þessarar tilskipunar er nauðsynlegt að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni hvaða innlent eftirlitsyfirvald ber ábyrgð á framkvæmd hennar og veitir upplýsingar sem krafist er í þessari tilskipun.
- 43) Auk þess málskotsréttar sem kveðið er á um í innlendum lögum og lögum bandalagsins er þörf á einfaldri sáttameðferð fyrir deilumál jafnt á innlendum vettvangi sem á vettvangi bandalagsins. Þessi málsmeðferð skal vera fljótvirk, ódýr og gagnsæ og ná til allra málsaðila.
- 44) Fjarskiptaþjónusta er háð löggjöf um neytendavernd, verndun gagna og miðlun upplýsinga eða efnis sem almenningi kann að þykja ósæmilegt, og því er ekki kveðið á um neinar sérstakar viðbótarráðstafanir þar að lútandi í þessari tilskipun.
- 45) Regluleg og kerfisbundin skoðanaskipti milli fjarskiptafyrirtækja, notenda, neytenda, framleiðenda og þjónustuveitenda um málefni, sem tengjast þessari tilskipun og varða allt bandalagið, myndu auka gagnsæi. Þegar hefur verið fjallað um samráð við stéttarfélög í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/450/EBE <sup>(2)</sup>, en í henni var komið á fót, framkvæmdastjórninni til aðstoðar, sameiginlegri nefnd um fjarskiptaþjónustu með fulltrúum vinnuveitenda og launþega.
- 46) Í ljósi þeirrar hröðu þróunar sem á sér stað á þessu sviði þarf beiting frjáls aðgangs að netum gagnvart talsímaþjónustu að vera samfelld, stöðugt ferli, og reglurnar þurfa að vera nógu sveigjanlegar til að fullnægja þörfum síbreytilegs markaðar og tækni sem er stöðugt í þróun. Því er rétt að komið verði á fljótvirkri aðferð til að breyta tæknilegum ákvæðum, með fullu tilliti til skoðana aðildarríkjanna og þátttöku nefndarinnar um frjálsan netaðgang (ONP-nefndarinnar).
- 47) Líklega þarf að samþykkja málsmeðferð til að tryggja samleitni alls staðar í bandalaginu með því að skilgreina samhæfð markmið og fyrirhugaðar dagsetningar fyrir talsímaþjónustu og -sérþjónustu. Nefndin um frjálsan netaðgang ætti að koma þar við sögu. Við slíka málsmeðferð þarf að taka fullt tillit til stöðu netþróunar og eftirspurnar á markaði bandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 318, 4. 12. 1992, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 165, 19. 6. 1992, bls. 27. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/439/EB (Stjtið. EB nr. L 181, 15. 7. 1994, bls. 40).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB (Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 230, 24. 8. 1990, bls. 25.



- 48) Aðildarríkin geta ekki hvert fyrir sig með viðunandi hætti náð því markmiði að koma á háþróaðri, hagkvæmri talsímaþjónustu sem nær yfir allt bandalagið, sem er eitt af undirstöðuatriðum innri markaðarins, og því er betra að ná því á vettvangi bandalagsins með samþykkt þessarar tilskipunar.
- 49) Samkvæmt ákvörðun 91/396/EBE <sup>(1)</sup> skal koma á samevrópsku neyðarnúmeri í bandalaginu. Í tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi <sup>(2)</sup> eru sett skilyrði fyrir tengingu notendabúnaðar við fasta almenna símanetið.
- 50) Evrópa færir í átt til hagkerfis sem grundvallast á upplýsingum. Frjáls aðgangur að netum er mjög mikilvægt málafni á heimsvísu. Ráðið hefur samþykkt tímaáætlun fyrir afnám hafta á allri fjarskiptaþjónustu, netum og grunnvirkjum. Samstillt stefna um afnám hafta og samhæfingu, þar með taldar hliðarráðstafanir til að tryggja altæka þjónustu, mun áfram tryggja aðgang viðskiptaheimsins, iðnaðarins og almennings að nútímalegum, hagkvæmum og skilvirkum samskipta-grunnvirkjum þar sem boðin verður mikil og fjölbreytt þjónusta.
- 51) Í ályktun ráðsins frá 22. júlí 1993 <sup>(3)</sup> er framkvæmdastjórnin hvött til að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á löggjöf bandalagsins eigi síðar en 1. janúar 1996 og fhuga hvernig laga megir frjálsan aðgang að netum að síðari þróun.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Gildissvið

- Í þessari tilskipun er fjallað um samhæfingu skilyrða fyrir greiðum aðgangi að föstum almennum símanetum og almennri símaþjónustu og notkun þeirra, og aðgang að samhæfðri talsímaþjónustu alls staðar í bandalaginu.
- Þessi tilskipun gildir ekki um farsímaþjónustu nema að því leyti sem hún varðar samtengingu milli neta sem notuð eru til að veita almenna farsímaþjónustu og fastra almennra símaneta.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar

- Skilgreiningarnar í tilskipun 90/387/EBE skulu gilda í þessari tilskipun, eftir því sem við á.
- Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
  - „fast almennt símanet“: almenna sjálfvirka fjarskiptakerfið

sem meðal annars er notað til að veita talsímaþjónustu milli fastra nettengipunkta,

- „notendur“: endanlegir notendur, þar með taldir neytendur (til dæmis notendur á heimilum) og þjónustuveitendur, þar með talin fjarskiptafyrirtæki ef þau veita þjónustu sem aðrir veita einnig eða geta veitt,
- „innlent eftirlitsyfirvald“: sá aðili eða aðilar í aðildarríki, sem eru bæði lagalega aðgreindir frá og starfa óháð fjarskiptafyrirtækjunum, er hafa meðal annars fengið það hlutverk í aðildarríkinu að annast það eftirlit sem um getur í þessari tilskipun,
- „nefndin um frjálsan netaðgang (ONP-nefndin)“: nefndin sem komið var á fót með 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 90/387/EBE,
- „almennur símasjálfsali“: sími sem almenningur hefur aðgang að og greiða má notkun á með mynt, greiðslukortum og/eða fyrirframgreiddum símakortum.

##### 3. gr.

##### Veiting þjónustu, tenging notendabúnaðar og notkun netsins

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjarskiptafyrirtæki þeirra veiti, hvert fyrir sig eða sameiginlega, aðgang að föstu almennu símaneti og talsímaþjónustu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar til að tryggja samhæft framboð í öllu bandalaginu.

Einkum skulu aðildarríkin sjá til þess að notendur geti:

- fengið tengingu við fasta almenna símanetið, æski þeir þess;
- tengt og notað samþykktan notendabúnað í eigin húsnæði, í samræmi við landslög og lög bandalagsins.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki séu settar aðrar hömlur á notkun tengingarinnar sem veitt er en þær sem um getur í 22. gr.

##### 4. gr.

##### Birting upplýsinga og aðgangur að þeim

- Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að birtar séu fullnægjandi og uppfærðar upplýsingar um aðgang að fasta almenna símanetinu og talsímaþjónustunni og notkun þeirra í samræmi við efnisatriðaskrána í I. viðauka.

Birta skal breytingar á framboði þjónustu og upplýsingar um nýtt framboð eins fljótt og auðið er. Innlenda eftirlitsyfirvaldinu er heimilt að mæla fyrir um hæfilegan tilkynningarfrest.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 217, 6. 8. 1991, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/97/EBE (Stjtið. EB nr. L 290, 24. 11. 1993, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 213, 6. 8. 1993, bls. 1.



2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal birta á viðeigandi hátt þannig að notendur eigi greiðan aðgang að upplýsingunum. Í stjórnartíðindum hlutaðeigandi aðildarríkis skal vísað til birtingar þessara upplýsinga.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það með hvaða hætti upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., hafa verið birtar eigi síðar en ári eftir samþykkt þessarar tilskipunar og eftir það hvenær sem breytingar er gerðar. Framkvæmdastjórnin skal reglulega birta samsvarandi tilvísun í slíkar tilkynningar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

#### 5. gr.

##### Markmið um afgreiðslufrest og gæði þjónustu

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að markmið séu sett og birt um þann afgreiðslufrest og þær vísbendingar um gæði þjónustu sem taldar eru upp í II. viðauka. Árlega skal birta skilgreiningar og mæliaðferðir ásamt upplýsingum um hvernig fjarskiptafyrirtæki hafa náð þessum markmiðum. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal endurskoða skilgreiningar, mæliaðferðir og markmið á þriggja ára fresti hið minnsta.

2. Birting skal vera með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. gr.

3. Þar sem við á skal framkvæmdastjórnin, í samráði við nefndina um frjálsan netaðgang og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 30. gr., fara þess á leit við Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) að hún semji Evrópustaðla um sameiginlegar skilgreiningar og mæliaðferðir.

#### 6. gr.

##### Skilyrði fyrir því að hætta megi framboði

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að sú þjónusta sem er fyrir hendi standi áfram til boða í hæfilegan tíma og að niðurfelling þjónustu eða breytingar, sem hafa veruleg áhrif á nýtingu hennar, geti einungis átt sér stað að höfðu samráði við hlutaðeigandi notendur og að liðnum hæfilegum tilkynningarfresti sem innlenda eftirlitsyfirvaldið setur.

2. Aðildarríkin skulu tryggja, með fyrirvara um rétt til áfrýjunar samkvæmt innlendum lögum, að notendur geti, í tengslum við samtök sem sinna hagsmunum notenda og/eða neytenda ef kveðið er á um slíkt í landslögum, lagt málið fyrir innlent eftirlitsyfirvald séu þeir ekki sáttir við fyrirhugaðan lokunardag fjarskiptafyrirtækisins.

#### 7. gr.

##### Notendasamningar

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að notendur hafi í höndum samning þar sem tiltekin er sú þjónusta sem fjarskiptafyrirtæki ber að veita. Almennt skulu innlend eftirlitsyfirvöld gera kröfu um bætur og/eða endurgreiðslu ef ekki er staðið við þau gæði þjónustu sem kveðið er á um í samningnum og sjá til þess að fjarskiptafyrirtækið eða -fyrirtækin, sem í hlut eiga, réttlæti allar undantekningar frá þessari reglu og geri þær ljósar í samningi sínum við notandann.

2. Fjarskiptafyrirtæki skulu bregðast tafarlaust við beiðni um tengingu við fasta almenna símanetið og gefa notandanum upp áætlaða dagsetningu fyrir upphaf þjónustu.

3. Innlendum eftirlitsyfirvöldum skal vera heimilt að krefjast breytinga á skilmálum í samningum og skilmálum þeirra bóta- og eða endurgreiðslukerfa sem fjarskiptafyrirtækin kunna að nota. Í samningum notenda við fjarskiptafyrirtækin skal vera yfirlit yfir það hvernig hefja skal málsmeðferð til að leysa deilumál.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að notendur eigi rétt á að höfða mál gegn fjarskiptafyrirtæki.

#### 8. gr.

##### Frávik frá birtum skilyrðum

Ef fjarskiptafyrirtæki telur óráðlegt, sem svar við ákveðinni beiðni, að sinna beiðni um tengingu við fasta almenna símanetið samkvæmt auglýstum taxa- og afgreiðsluskilmálum verður það að leita samþykkis hjá innlenda eftirlitsyfirvaldinu áður en það breytir skilmálunum í umræddu tilvik.

#### 9. gr.

##### Veiting háþróaðrar sérþjónustu

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að veitt sé sú sérþjónusta sem talin er upp í 1. lið III. viðauka í samræmi við tæknistaðlana sem um ræðir í 24. gr., sé það tæknilega og fjárhagslega kleift.

2. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu greiða fyrir og hvetja til þess að veitt sé sú þjónusta og sérþjónusta sem talin er upp í 2. lið III. viðauka í samræmi við tæknistaðlana sem um ræðir í 24. gr., með viðskiptasamningum milli fjarskiptafyrirtækja og, ef við á, annarra aðila sem veita þjónustu eða sérþjónustu, í samræmi við samkeppnisreglur sáttmálans og eftirspurn frá notendum.



3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að ákveðnar séu dagsetningar fyrir veitingu þeirrar sérþjónustu sem talin er upp í 1. lið III. viðauka, að teknu tilliti til þess hversu þróað netið er, hver eftirspurn á markaði er og hvernig stöðlunarvinnu miðar, og að þær séu birtar með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. gr. Á sambærilegan hátt skulu þau hvetja til þess að dagsetningar fyrir þjónustu og sérþjónustu, sem talin er upp í 2. lið III. viðauka, séu ákveðnar og birtar.

#### 10. gr.

##### Sérstakur netaðgangur

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að fjarskipta-fyrirtæki sinni sanngjörnum beiðnum frá öðrum notendum en:

- a) þeim sem reka almenna farsímaþjónustu;
- b) fjarskiptafyrirtækjum sem veita talsímaþjónustu;

um aðgang að fasta almenna símanetinu á öðrum nettengipunktum en þeim sem um getur í I. viðauka.

Ef fjarskiptafyrirtæki telur ekki rétt, sem svar við ákveðinni beiðni, að veita sérstakan netaðgang verður það að leita samþykkis hjá innlenda eftirlitsyfirvaldinu fyrir því að það takmarki aðganginn eða synji hans. Notendur sem þetta hefur áhrif á skulu fá tækifæri til að leggja mál sitt fyrir innlenda eftirlitsyfirvaldið áður en ákvörðun er tekin.

Ef beiðni um sérstakan netaðgang er hafnað skal gefa notandanum, sem lagði fram beiðnina, skjóta og rökstudda skýringu á höfnuninni. Þó skal þetta ákvæði ekki gilda um aðgerðir, sem gripið er til í samræmi við innlendar reglur um hvernig framfylgja skuli skilyrðum fyrir leyfisveitingu í samræmi við lög bandalagsins, né heldur um málarekstur fyrir innlendum dómstólum.

2. Tæknilegt og viðskiptalegt fyrirkomulag vegna sérstaks netaðgangs skal vera samningsatriði milli þeirra sem hlut eiga að máli, með fyrirvara um íhlutun innlenda eftirlitsyfirvaldsins eins og mælt er fyrir um í 1., 3. og 4. mgr. Í samningnum má kveða á um að fjarskiptafyrirtækinu verði endurgreiddur kostnaður, meðal annars við að veita þann netaðgang sem um er beðið. Við slíka gjaldtöku skal taka fullt tillit til kostnaðarreglnanna sem settar voru í II. viðauka við tilskipun 90/387/EBE.

3. Innlendum eftirlitsyfirvöldum er heimilt að grípa inn í hvenær sem er, og ber að gera það ef annar hvor aðilinn fer fram á það, til að ákveða skilmála án mismununar, sem eru sanngjarnir og réttmætir gagnvart báðum aðilum og öllum notendum sem hagfelldastir.

4. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu einnig eiga rétt á að sjá til þess, öllum notendum í hag, að í samningunum séu skilmálar sem standast viðmiðin í 3. mgr., að þeir séu gerðir og þeim framfylgt

á skilvirkan og skjótan hátt og að í þeim séu skilmálar um samræmi við viðeigandi staðla, samræmi við grunnkröfur og/eða um viðhald gæða heildartengingarinnar.

5. Skilmála, sem innlend eftirlitsyfirvöld ákveða í samræmi við 4. mgr., skal birta á þann hátt sem mælt er fyrir um í 4. gr.

6. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að fjarskipta-fyrirtæki fari að jafnræðisreglunni þegar þau nota fasta almenna símanetið til að veita þjónustu sem aðrir þjónustuveitendur veita eða geta veitt.

7. Framkvæmdastjórnin skal í samráði við nefndina um frjálstan netaðgang og í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 30. gr., fara þess á leit við Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) að hún semji, þar sem við á, staðla fyrir nýjar gerðir netaðgangs. Birta skal tilvísanir í slíka staðla í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/387/EBE.

8. Látta skal innlenda eftirlitsyfirvaldinu í té nákvæmar upplýsingar um samninga um sérstakan netaðgang, æski það þess.

#### 11. gr.

##### Samtenging

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að komið sé til móts við sanngjarnar beiðnir aðilanna, sem taldir eru upp hér á eftir, um samtengingu við fasta almenna símanetið, einkum til að tryggja að talsímaþjónusta sé veitt alls staðar í bandalaginu:

- a) fjarskiptafyrirtækja sem veita aðgang að föstum almennum símanetum í öðrum aðildarríkjum og hafa verið tilkynnt í samræmi við 3. mgr. 26. gr.;
- b) þeirra sem reka almenna farsímaþjónustu í sama aðildarríki.

Fjarskiptafyrirtæki getur ekki synjað beiðni um samtengingu nema innlenda eftirlitsyfirvaldið hafi áður lýst sig samþykkt því.

Málsaðilum er einnig heimilt að semja um að þeir sem reka almenna farsímaþjónustu í öðrum aðildarríkjum og hafa verið tilkynntir í samræmi við 3. mgr. 26. gr. geti tengst fasta almenna símanetinu. Fjarskiptafyrirtæki getur ekki synjað beiðni um samtengingu nema innlenda eftirlitsyfirvaldið hafi áður lýst sig samþykkt því.

2. Tæknilegt og viðskiptalegt fyrirkomulag vegna samtengingar skal vera samningsatriði milli þeirra sem hlut eiga að máli, með fyrirvara um íhlutun innlenda eftirlitsyfirvaldsins eins og mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 10. gr.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að fjarskiptafyrirtæki fari að jafnræðisreglunni þegar þau gera samtengingarsamninga við aðra aðila.



4. Ef í samtengingarsamningum eru ákvæði um sérstakar bætur handa fjarskiptafyrirtækinu við aðstæður þar sem aðilum eru sett ólík rekstrarskilyrði, svo sem verðlagseftirlit eða skuldbindingar um altæka þjónustu, skulu slík ákvæði um bætur vera í samræmi við kostnað, án mismununar og rökstudd að fullu, og þeim skal eingöngu beitt með samþykki innlenda eftirlitsyfirvaldsins í samræmi við lög bandalagsins.

5. Láta skal innlenda eftirlitsyfirvaldinu í té nákvæmar upplýsingar um samtengingarsamninga, æski það þess.

#### 12. gr.

##### Meginreglur um taxa og gagnsæi

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að taxtar fyrir notkun fasta almenna símanetsins og talsímaþjónustunnar séu í samræmi við grundvallarreglurnar um gagnsæi og tilkostnað, sem koma fram í II. viðauka við tilskipun 90/387/EBE, og að þeir samræmist ákvæðum þessarar greinar.

2. Með fyrirvara um beitingu kostnaðarreglunnar er innlendum eftirlitsyfirvöldum heimilt að setja fjarskiptafyrirtækjunum takmarkanir varðandi taxa til að ná markmiðinu um altækan aðgang að símaþjónustu, að meðtöldum þáttum sem varða skipulag bæja og sveita.

3. Taxtar fyrir aðgang að fasta almenna símanetinu og notkun þess skulu vera óháðir því hver tilgangur notenda er með honum, nema að því marki sem notkunin kallar á ólíka þjónustu eða sérþjónustu.

4. Taxtar fyrir sérþjónustu umfram tengingar við fasta almenna símanetið og veitingu talsímaþjónustu skulu samkvæmt lögum bandalagsins vera í nægilega ríkum mæli sérákveðnir fyrir hverja þjónustu til að notandi þurfi ekki að greiða fyrir sérþjónustu sem er óþörf vegna þeirrar þjónustu sem beðið er um.

5. Taxtar skulu að jafnaði fela í sér eftirfarandi einingar, sem sundurliða skal hverja fyrir sig gagnvart notandanum:

- grunn gjald fyrir tengingu við fasta almenna símanetið og áskrift að talsímaþjónustunni,
- leigugjald sem byggt er á þeirri gerð þjónustu og sérþjónustu sem notandinn hefur valið,
- notkunargjöld sem meðal annars geta verið háð álagstímum og tímum með litlu álagi.

Þegar aðrar taxaeyningar eru notaðar verða þær að vera gagnsæjar og byggjast á hlutlægum viðmiðunum.

6. Taxta skal birta með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. gr.

7. Breytingar á taxa skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en að liðnum hæfilegum tilkynningarfresti sem innlenda eftirlitsyfirvaldið setur.

#### 13. gr.

##### Meginreglur um rekstrarbókhald

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þau fjarskiptafyrirtæki þeirra, sem eru tilkynnt í samræmi við 2. mgr. 26. gr., noti rekstrarbókhaldskerfi, eigi síðar en 31. desember 1996, sem hentar til framkvæmdar 12. gr. og að til þess bær aðili, óháður fyrirtækjunum, fylgist með því að kerfið sé notað. Reglubundið skal birta yfirlýsingu um að kerfinu sé fylgt.

2. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að lýsing á rekstrarbókhaldskerfinu, þar sem kostnaðarskipting kemur fram, sé fáanleg samkvæmt beiðni ásamt reglunum um kostnaðarskiptingu vegna talsímaþjónustu. Sé þess óskað skulu innlend eftirlitsyfirvöld senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um rekstrarbókhaldskerfin sem fjarskiptafyrirtækin nota.

3. Eftirfarandi einingar skulu koma fram í kerfinu sem um getur í 1. mgr., samanber þó síðustu undirgrein þessarar málsgreinar:

- a) kostnaður við talsímaþjónustu skal einkum fela í sér beinan útlagðan kostnað fjarskiptafyrirtækjanna vegna uppsetningar, reksturs og viðhalds talsímaþjónustu ásamt markaðssetningu og reikningsútskrift í tengslum við hana;
- b) sameiginlegur kostnaður, með öðrum orðum kostnaður sem hvorki er hægt að færa beint á talsímaþjónustu né á aðra starfsemi, og skal honum skipt sem hér segir:
  - i) sameiginlegur kostnaðarliður skal, að svo miklu leyti sem hægt er, skipt á grundvelli beinnar sundurgreiningar á uppruna kostnaðarliðanna,
  - ii) þegar beinni sundurgreiningu verður ekki við komið skal sameiginlegur kostnaðarliður skipt á grundvelli óbeinna tengsla við annan kostnaðarlið eða flokk kostnaðarliða þar sem hægt er að koma við beinni heimfærslu eða skiptingu. Óbeinu tengslin skulu grundvölluð á sambærilegri kostnaðarsamsetningu,
  - iii) þegar hvorki er hægt að koma við beinni né óbeinni kostnaðarskiptingu skal kostnaðarliðnum skipt á grundvelli almenns bókhaldslykils sem er reiknaður út með því að nota hlutfall allra útgjalda er tengjast beint eða varða talsímaþjónustu sem er veitt á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar annars vegar og aðra þjónustu hins vegar.



Heimilt er að nota önnur rekstrarbókhaldskerfi ef þau henta til framkvæmdar 12. gr. og innlenda eftirlitsyfirvaldið hefur viðurkennt að þau séu nothæf fyrir fjarskiptafyrirtæki, enda hafi framkvæmdastjórninni verið tilkynnt fyrirfram um notkun þeirra.

4. Látta skal innlenda eftirlitsyfirvaldinu í té, í trúnaði, nákvæmar upplýsingar um bókhald, sé þess óskað.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjárhagsreikningar þeirra fjarskiptafyrirtækja, sem eru tilkynnt í samræmi við 26. gr., séu samdir, birtir og endurskoðaðir í samræmi við ákvæði landslaga.

#### 14. gr.

##### Afsláttur, fyrirkomulag vegna lítilrar notkunar og önnur sérstök taxaákvæði

1. Innlendum eftirlitsyfirvöldum er heimilt að samþykkja að notendum sé boðinn magnafsláttur. Slíkt fyrirkomulag skal vera háð eftirliti innlendu eftirlitsyfirvaldanna.

2. Innlendum eftirlitsyfirvöldum er heimilt að samþykkja sérstaka taxa vegna þjónustu sem hefur félagslegt gildi, svo sem neyðarþjónustu, eða vegna þeirra sem nota þjónustuna lítið eða tiltekinna þjóðfélagsþópa.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að uppbygging taxa sé með þeim hætti að gert sé ráð fyrir símtölum gegn lægra gjaldi innan bandalagsins utan álagstíma, að meðtöldum nætur- og helgartaða ef við á.

4. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að sérstakir taxtar fyrir talsímaþjónustu, sem veitt er vegna sérstakra verkefna í takmarkaðan tíma, séu tilkynntir fyrirfram til viðkomandi innlands eftirlitsyfirvalds.

#### 15. gr.

##### Sundurliðaðir reikningar

Undir eftirliti innlendra eftirlitsyfirvalda skulu markmið ákveðin og birt varðandi upptöku sundurliðaðra reikninga sem notendum skal boðið upp á sem sérþjónusta, að teknu tilliti til þess hversu þróað netið er og eftirspurnar á markaðnum.

Með fyrirvara um næstu málsgrein og þá nákvæmni, sem viðeigandi löggjöf um vernd persónuupplýsinga og einkalífs leyfir, skal samsetning álagðra gjalda koma fram á sundurliðaða reikningnum.

Símtöl sem eru A-notanda að kostnaðarlausu, meðal annars símtöl við hjálparlínur, skulu ekki koma fram á sundurliðuðum reikningi A-notanda.

Innan þessa ramma má bjóða notendum mismikla sundurliðun gegn sanngjörmu gjaldi.

#### 16. gr.

##### Símaskrárþjónusta

Með fyrirvara um viðeigandi löggjöf um vernd persónuupplýsinga og einkalífs skulu innlend eftirlitsyfirvöld sjá til þess að:

- notendur fái aðgang að reglulega uppfærðum skráum yfir áskrifendur talsímaþjónustunnar annaðhvort á prentuðu eða tölvutæku formi;
- notendur hafi frjálst val um það hvort þeir eru í skrá sem eru almennt fáanlegar;
- fjarskiptafyrirtæki veiti, sé um það beðið, almennar símaskráupplýsingar vegna talsímaþjónustunnar með birtum skilmálum sem eru réttlátir, sanngjarnir og án mismununar.

#### 17. gr.

##### Almennir símasjálfsalar

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að almennir símasjálfsalar séu nógu margir og nógu útbreiddir til að sinna eðlilegum þörfum notenda og að hægt sé að hringja neyðarsímtöl úr slíkum sífum. Upphringingar í samevrópska neyðarnúmerið, sem um getur í ákvörðun 91/396/EBE, skulu vera ókeypis.

#### 18. gr.

##### Fyrirframgreidd símakort

1. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að Fjarskipta-staðlastofnun Evrópu (ETSI) og/eða Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) semji staðla um samhæft fyrirframgreitt símakort sem nota megir í símasjálfsala í öllum aðildarríkjum og staðla um netskilfleti sem þessu tengjast, til að gera notendum kleift að nota fyrirframgreidd símakort frá einu aðildarríki í öðrum aðildarríkjum. Birta skal tilvísun í þessa staðla og staðla sem þessu tengjast í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

2. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu stuðla að því að smám saman séu teknir í notkun almennir símasjálfsalar sem uppfylla fyrirnefnda staðla.

#### 19. gr.

##### Sérstök skilyrði vegna fatlaðra og fólks með sérþarfir

Innlendum eftirlitsyfirvöldum er heimilt að setja sérstök skilyrði til að aðstoða fatlaða notendur og fólk með sérþarfir við að nýta sér talsímaþjónustuna.



**20. gr.****Forskriftir vegna netaðgangs, að meðtöldum tenglinum**

1. Ef við á, skal framkvæmdastjórnin, í samráði við nefndina um frjálsan netaðgang og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 30. gr., fara þess á leit við Fjarfskiptastaðlastofnun Evrópu að hún semji staðla um nýjar gerðir samhæfðs netaðgangs í samræmi við viðmiðunarráðgjafmann sem settur er fram í 2. lið II. viðauka við tilskipun 90/387/EBE. Birta skal tilvísanir í þessa staðla í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.
2. Þar sem notendum er veitt talsímaþjónusta í ISDN-samneti um S/T-viðmiðunarpunktinn skulu innlend eftirlitsyfyrirvöld sjá til þess að nýir nettengipunkturar séu í samræmi við viðeigandi forskriftir um efnislega skilfleti eftir að tilskipun þessi kemur til framkvæmda, einkum forskriftir um tengla, sem vísað er til í staðlaskránni sem birt er í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**21. gr.****Númeraúthlutun**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að innlenda eftirlitsyfyrirvaldið annist eftirlit með innlendum númeraáætlunum til að tryggja réttmæta samkeppni. Einkum skal þess gætt að aðferðir við úthlutun einstakra númera og númeraraða séu gagnsæjar, réttlátar og skjótvirkar, auk þess sem úthlutunin sjálf skal vera hlutlæg, gagnsæ og án mismununar.
2. Innlend eftirlitsyfyrirvöld skulu sjá til þess að birtir séu helstu þættir úthlutunarkerfis fyrir símanúmer innanlands svo og allar viðbætur og breytingar sem síðar kunna að verða gerðar á þeim, án annarra fyrirvara en þeirra sem lúta að takmörkunum vegna þjóðaröryggis.
3. Innlend eftirlitsyfyrirvöld skulu hvetja til viðeigandi notkunar samevrópskra kerfa við númeraúthlutun sem kunna að vera fyrir hendi fyrir veitingu sérþjónustunnar sem um getur í 2. lið III. viðauka.

**22. gr.****Aðgangs- og notkunarskilyrði ásamt grunnkröfum**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skilyrði, sem takmarka aðgang að föstum almennum símanetum eða talsímaþjónustu eða notkun þeirra, séu aðeins byggð á þeim forsendum sem fjallað er um í 3., 4. og 5. mgr. og séu með fyrirvara um samþykki innlendra eftirlitsyfyrivalda.
2. Innlend eftirlitsyfyrirvöld skulu mæla fyrir um aðferðir sem gera þeim kleift að ákvarða, í hverju einstöku tilviki og á eins skömmum tíma og hægt er, hvort heimila skuli fjarfskipta-fyrirtækjunum eða ekki að grípa til ráðstafana eins og að neita að

þjóða aðgang að fasta almenna símanetinu, hætta að þjóða talsímaþjónustu eða draga úr henni á þeim forsendum að grunur leiki á um að notendur hafi ekki uppfyllt notkunarskilyrðin. Með þessum aðferðum má einnig gera ráð fyrir þeim möguleika að innlenda eftirlitsyfyrirvaldið heimili fyrirfram tilteknar ráðstafanir þegar um nánar tiltekin brot á notkunarskilyrðum er að ræða.

Innlenda eftirlitsyfyrirvaldið skal tryggja að með þessum aðferðum sé gert ráð fyrir gagnsæju ákvarðanatökuferli þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til réttinda aðila. Ákvörðunin skal tekin eftir að báðir aðilar hafa fengið tækifæri til að gera grein fyrir máli sínu. Ákvörðunin skal ígrunduð og tilkynnt aðilum innan viku frá því að hún er samþykkt.

Birta skal yfirlit yfir þessar aðferðir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. gr.

Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á rétt hlutaðeigandi aðila til að leita til dómstóla.

3. Hverjar þær hömlur, sem notendum eru settar á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar á talsímaþjónustu, skulu vera í formi reglugerða og birtar í samræmi við ákvæði 4. gr.

4. Skilyrði fyrir tengingu notendabúnaðar við fasta almenna símanetið skulu vera í samræmi við tilskipun 91/263/EBE og birt í samræmi við 4. gr. þessarar tilskipunar.

Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 91/263/EBE skulu innlend eftirlitsyfyrirvöld sjá til þess, ef um það er að ræða að notendabúnaður uppfylli ekki eða uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir samþykki eða er þannig bilaður að það hafi neikvæð áhrif á heildarvirkni netsins, eða að fólki stafi líkamleg hætta af honum, að eftirfarandi málsmeðferð sé fylgt:

- fjarfskipta-fyrirtæki getur rofið þjónustu þar til búið er að aftengja notendabúnaðinn frá nettengipunktinum,
- fjarfskipta-fyrirtækið skal tilkynna notandanum þegar í stað um að þjónustu sé hætt og ástæður þess,
- þjónustu skal hefja aftur jafnskjótt og notandinn hefur gengið úr skugga um að búið sé að aftengja notendabúnaðinn, sem ekki uppfyllir skilyrðin, frá nettengipunktinum.

5. Ef aðgangur að fasta almenna símanetinu eða notkun þess er takmörkuð á grundvelli grunnkrafna skulu innlend eftirlitsyfyrirvöld sjá til þess að í viðkomandi ákvæðum landslaga komi fram á hverjum grunnkrafna í a- til d-lið hér á eftir takmarkanirnar eru byggðar.

Birta skal takmarkanir á grundvelli grunnkrafna með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. gr.

Setja skal með reglugerðum þær takmarkanir sem byggja á grunnkröfum.



Með fyrirvara um 5. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. í tilskipun 90/387/EBE skulu grunnkröfurnar, sem eru tilgreindar í 2. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, gilda um fasta almenna símanetið og talsímaþjónustuna samkvæmt eftirfarandi:

a) *Rekstraröryggi netsins*

Ekki skal takmarka aðgang að fasta almenna símanetinu né notkun þess vegna rekstraröryggis netsins nema í neyðartilvikum, en þá getur fjarskiptafyrirtæki gert eftirfarandi ráðstafanir til að tryggja rekstraröryggi netsins:

- rofið þjónustuna,
- takmarkað framboð á þjónustu,
- lokað fyrir aðgang nýrra notenda að netinu og þjónustunni.

Neyðartilvik merkir í þessu sambandi stórfellt hrun netsins eða óvenjulegt dæmi um óviðráðanlegar aðstæður (*force majeure*), eins og aftakaveður, flóð, eldingar eða eldsvoða, aðgerðir á vinnumarkaði eða verkbann, stríð, hernaðaraðgerðir eða óeirðir. Í neyðartilvikum skal fjarskiptafyrirtækið neyta allra úrræða til að tryggja að þjónustan nái til allra notenda.

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu tryggja að fjarskiptafyrirtæki hafi yfir að ráða aðferðum sem koma tilkynningum þegar í stað til notenda og innlendra eftirlitsyfirvalda um upphaf og lok neyðarástandsins sem og um eðli og umfang tímabundinna takmarkana á þjónustunni.

b) *Heildarvirkni netsins haldið gangandi*

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að takmörkunum á aðgangi að fasta almenna símanetinu og notkun til að viðhalda heildarvirkni netsins, meðal annars til að vernda netbúnað, hugbúnað eða geymd gögn, sé haldið í því lágmarki sem þarf til að netið starfi eðlilega. Takmarkanir skulu byggðar á viðmiðunum sem eru birtar og hlutlægar og þeim skal beitt án mismununar.

c) *Rekstrarsamhæfi þjónustugreina*

Þegar notendabúnaður hefur verið samþykktur og er notaður í samræmi við tilskipun 91/263/EBE skal ekki setja frekari takmarkanir á notkun hans vegna rekstrarsamhæfis þjónustugreina.

Ef innlend eftirlitsyfirvöld setja skilyrði um rekstrarsamhæfi þjónustugreina í samningum, sem varða samtengingu almennra neta eða sérstakan netaðgang, skal birta skilyrðin með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. gr.

d) *Verndun gagna*

Hvað varðar verndun gagna er aðildarríkjunum heimilt að takmarka aðgang að fasta almenna símanetinu og notkun til þess að vernda gögn þess eftir því sem þurfa þykir til að tryggja að farið sé að viðeigandi ákvæðum um verndun gagna, þar með talið vernd persónuupplýsinga, leyndra upplýsinga, sem eru sendar eða geymdar, sem og verndun einkalífsins samkvæmt lögum bandalagsins.

6. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að fjarskiptafyrirtæki tilkynni notendum fyrirfram og með viðeigandi hætti, eftir því sem við á, um tímabil þegar aðgangur að fasta almenna símanetinu kann að vera takmarkaður eða lokaður vegna fyrirhugaðra viðhaldsaðgerða.

**23. gr.**

**Ógreiddir reikningar**

Aðildarríkin skulu heimila tilgreindar ráðstafanir vegna ógreiddra reikninga og hlés á þjónustu eða aftengingu sem af vanskilunum kann að stafa, og skulu þær birtar með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. gr. Þessar ráðstafanir skulu tryggja að hlé á þjónustu eigi aðeins við um þá þjónustu sem um ræðir, sé það tæknilega mögulegt, og að notandinn sé fyrirfram varaður við.

**24. gr.**

**Tæknistaðlar**

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu hvetja til þess að þjónusta sé veitt samkvæmt eftirtöldum stöðlum:

- stöðlum sem birtir eru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/387/EBE,

eða, ef ekki er um slíka staðla að ræða,

- Evrópustöðlum sem Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) eða Staðlasamtök Evrópu (CEN)/Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) hafa samþykkt,

eða, ef ekki er um slíka staðla að ræða,

- alþjóðlegum stöðlum eða tilmælum sem Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU), Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) eða Alþjóðlega raftækniráðið (IEC) hafa samþykkt,

eða, ef ekki er um slíka staðla að ræða,

- innlendum stöðlum eða forskriftum,

samanber þó tilvísanir í Evrópustaðla sem heimilt er að lögbinda samkvæmt 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/387/EBE.



2. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að fjarskiptafyrirtæki veiti þeim notendum, sem þess óska, upplýsingar um staðla eða forskriftir, að meðtöldum þeim Evrópustöðlum og/eða alþjóðlegu stöðlum sem komið er í framkvæmd með innlendum stöðlum og þjónustan og sérþjónustan, sem um ræðir í þessari tilskipun, er veitt í samræmi við.

## 25. gr.

### Ákvæði um samleitni alls staðar í bandalaginu

1. Framkvæmdastjórnin kannar, á grundvelli skýrslanna sem innlendu eftirlitsyfirvöldin leggja fram samkvæmt 5. mgr. 26. gr. og upplýsinganna sem birtar eru samkvæmt 4. gr., hvernig miðar að ná fram samleitni markmiða og koma á sameiginlegri þjónustu og sérþjónustu innan bandalagsins.

2. Ef uppfylling krafanna í 5., 9. eða 15. gr. virðist ekki nægja til að tryggja á vettvangi bandalagsins að notendum sé veitt samhæfð þjónusta og sérþjónusta er heimilt að ákveða samhæfð stefnumið og fresti í samræmi við málsmæðferðina í 31. gr.

Í málsmæðferðinni, sem framkvæmdastjórnin hefur frumkvæði að, skal tekið fullt tillit til þess hversu þróað netið er og eftirspurnar á mörkuðum hvers aðildarríkis um sig.

3. Ef ekki er unnt að ná viðskiptasamningum milli fjarskiptafyrirtækja er heimilt að gera tillögur um skilyrði sem nauðsynleg eru til að ná því að veita öllum notendum samhæfða sérþjónustu, einkum að því er varðar þá sérþjónustu sem krefst samvinnu um allt bandalagið og um ræðir í 2. mgr. 9. gr.

Í tillögunum skal tekið fullt tillit til þess hversu þróað netið er, ólíkrar uppbyggingar og eftirspurnar á mörkuðum bandalagsins.

## 26. gr.

### Tilkynningar og skýrslugerð

1. Aðildarríkin skulu eigi síðar en 13. desember 1996 tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða eftirlitsyfirvald þau hafa tilnefnt.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau fjarskiptafyrirtæki sem þessi tilskipun gildir um, einkum til að tryggja að veittur sé netaðgangur og þjónusta í samræmi við ákvæði 3. gr.

Aðildarríkjum, sem hafa afnumið einkarétt á talsímaþjónustu, er heimilt, án þess að það hafi áhrif á beitingu ráðstafana vegna frjáls aðgangs að netum í framtíðinni, að beita ákvæðum þessarar tilskipunar gagnvart stofnunum sem skilgreindar eru á grundvelli umtalsverðrar markaðshlutdeildar eða yfirburðastöðu á því sviði sem þær hafa rekstrarleyfi á, þannig að tryggt sé að alls staðar á yfirráðasvæði þeirra sé ein stofnun hið minnsta sem ákvæði þessarar tilskipunar gilda um.

Aðildarríkjum er heimilt að sjá til þess að fjarskiptafyrirtækjum sé skylt að veita nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða hvort ákvæðum þessarar tilskipunar er beitt.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau fjarskiptafyrirtæki á yfirráðasvæði þeirra sem hafa heimild til að samtengja föst net sín beint netum fjarskiptafyrirtækja í öðrum aðildarríkjum í þeim tilgangi að veita talsímaþjónustu.

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þá sem reka almenna farsímaþjónustu á yfirráðasvæði þeirra og hafa heimild til að samtengja föst net sín beint netum fjarskiptafyrirtækja í öðrum aðildarríkjum í þeim tilgangi að veita talsímaþjónustu.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta nöfn þeirra aðila sem um getur í 2. og 3. mgr. í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu einu sinni á hverju almanaksári leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu, hvert á sínu ábyrgðarsviði, um það hvernig miðað hefur í átt að þeim stefnumiðum sem þau hafa samþykkt samkvæmt 5., 9. og 15. gr.

Ársskýrslan skal send framkvæmdastjórninni innan fimm mánaða frá árslokum.

6. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu halda til haga nákvæmum upplýsingum um einstök mál sem komið hafa fyrir þau, nema þau mál sem 23. gr. nær til, þar sem aðgangur að almenna símanetinu eða talsímaþjónustunni eða notkun netsins eða þjónustunnar hefur verið takmörkuð eða henni hætt, einnig um ráðstafanirnar sem gripið er til og rökstuðninginn fyrir þeim, og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar fari hún fram á það.

Þó skal þetta ákvæði ekki gilda um aðgerðir sem gripið er til samkvæmt innlendu fyrirkomulagi til að fylgja eftir skilyrðum fyrir leyfisveitingu í samræmi við lög bandalagsins, né heldur um málarekstur fyrir innlendum dómstólum.

## 27. gr.

### Sáttameðferð og lausn deilumála innanlands

Með fyrirvara um:

- aðgerðir sem framkvæmdastjórnin eða aðildarríki getur gripið til samkvæmt sáttmálanum;
- réttindi þess sem gripið hefur til málsmæðferðarinnar í 3. og 4. mgr., hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækis eða annarra aðila samkvæmt gildandi landslögum, nema þeir geri samning um lausn deilumála sín á milli;



- c) ákvæði þessarar tilskipunar um að innlendum eftirlitsyfirvöldum sé heimilt að ákveða skilmála samninga milli fjarskiptafyrirtækja og notenda,

skal notandinn eiga vól á eftirfarandi málsmeðferð:

- 1) Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir aðilar, að meðtöldum notendum, þjónustuveitendum, neytendum og öðrum fjarskiptafyrirtækjum sem eiga í óútljádum deilumálum við fjarskiptafyrirtæki vegna meints brots á ákvæðum þessarar tilskipunar, eigi rétt á að leita til innlenda eftirlitsyfirvaldsins eða annars óháðs aðila. Koma skal á aðgengilegum og almennt ódýrum aðferðum í hverju ríki um sig til að leysa slík deilumál á réttlátan, gagnsæjan og fljótlegan hátt. Þessar aðferðir skulu einnig gilda þegar notendur deila við fjarskiptafyrirtæki vegna símreikninga.
- 2) Ef deilumálið tengist fjarskiptafyrirtækjum í fleiri en einu aðildarríki er notanda eða fjarskiptafyrirtæki heimilt að grípa til sáttameðferðarinnar sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. með skriflegri tilkynningu til innlenda eftirlitsyfirvaldsins og framkvæmdastjórnarinnar. Aðildarríkin geta einnig heimilað innlendum eftirlitsyfirvöldum sínum að grípa til sáttameðferðarinnar.
- 3) Komist innlendu eftirlitsyfirvöldin eða framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til frekari rannsóknar á máli, sem tilkynnt er um samkvæmt 2. mgr., geta þau vísað málinu til formanns nefndarinnar um frjálstan netaðgang.
- 4) Við þær aðstæður sem um getur í 3. mgr. skal formaður nefndarinnar um frjálstan netaðgang setja af stað málsmeðferðina sem lýst er hér á eftir, sé hann sannfærður um að allt hafi verið reynt innanlands sem ætlast má til:
  - a) formaður nefndarinnar um frjálstan netaðgang kallar eins fljótt og auðið er saman starfshóp sem í eru minnst tveir nefndarmenn úr nefndinni um frjálstan netaðgang og einn fulltrúi hlutaðeigandi innlendra eftirlitsyfirvalda, ásamt formanni nefndarinnar um frjálstan netaðgang eða öðrum embættismanni framkvæmdastjórnarinnar sem hann tilnefnir. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í starfshópnum og skal hópurinn að öðru jöfnu funda innan tíu daga frá því hann er kallaður saman. Formanni starfshópsins er heimilt að ákveða, að fenginni tillögu einhvers í starfshópnum, að bjóða mest tveimur einstaklingum að auki að vera hópnum til ráðgjafar sem sérfræðingar;

- b) starfshópurinn skal gefa aðilanum sem gripið hefur til þessarar málsmeðferðar, innlendum eftirlitsyfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja og hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækjum tækifæri til að setja fram skoðanir sínar munnlega eða skriflega;

- c) starfshópurinn skal leitast við að ná samkomulagi milli deiluaðila innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr. Formaður nefndarinnar um frjálstan netaðgang skal tilkynna nefndinni um niðurstöður málsmeðferðarinnar svo hún geti komið skoðunum sínum að.

- 5) Sá aðili, sem grípur til þessarar málsmeðferðar, skal sjálfur bera kostnað af þátttökunni.

## 28. gr.

### Frestun á ákveðnum skuldbindingum

1. Ef aðildarríki er ófært, eða sér fram á að verða ófært, um að uppfylla ákvæði 12. og 13. gr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um ástæður þess.
2. Einungis er hægt að samþykkja frestun á því að staðið sé við skuldbindingar samkvæmt 12. eða 13. gr. í þeim tilvikum þar sem hlutaðeigandi aðildarríki geta sýnt fram á að það legði óhóflegar byrðar á fjarskiptafyrirtæki í því aðildarríki.
3. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni innan hvaða tímamarka hægt er að uppfylla kröfurnar og til hvaða ráðstafana það hyggst grípa til að virða frestinn.
4. Þegar framkvæmdastjórnin fær tilkynningu samkvæmt 1. mgr. skal hún upplýsa aðildarríkið hvort hún álitur að sérstakar aðstæður í aðildarríkinu réttlæti að það fái frestun, á grundvelli viðmiðananna í 2. mgr., til að koma ákvæðum 12. eða 13. gr. til framkvæmda og hve lengi megi réttlæta slíka frestun.

## 29. gr.

### Tæknileg aðlögun

Breytingar, sem gera þarf á 2. lið I. viðauka og II. og III. viðauka til að laga þá að tækniframförum eða að breytingum á eftirspurn á mörkuðum, skal ákvarða í samræmi við málsmeðferðina í 31. gr.



**30. gr.****Málsmeðferð með ráðgjafarnefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 90/387/EBE.

Nefndin skal einkum hafa samráð við fulltrúa fjarskiptafyrirtækja, notendur, neytendur, framleiðendur og þjónustuveitendur.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitid skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

**31. gr.****Málsmeðferð í stjórnsýslunefnd**

1. Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. skal eftirfarandi málsmeðferð gilda að því er varðar þau atriði sem um ræðir í 25. og 29. gr.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

4. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

**32. gr.****Endurskoðun**

1. Evrópuþingið og ráðið skulu eigi síðar en 1. janúar 1998 taka ákvörðun um endurskoðun þessarar tilskipunar til að laga hana að kröfum um afnám hafta á mörkuðum, að fenginni tillögu sem framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir með góðum fyrirvara.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna hvernig til tekst með framkvæmd þessarar tilskipunar og leggja skýrslu um málið fyrir Evrópuþingið og ráðið, í fyrsta sinn eigi síðar en 13. desember 1998. Skýrslan skal meðal annars byggja á upplýsingum sem aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni og nefndinni um frjálstan netaðagang. Ef með þarf má gera tillögu um frekari ráðstafanir í skýrslunni til að stuðla enn betur að því að markmið tilskipunarinnar náist.

**33. gr.****Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að fara að þessari tilskipun fyrir 13. desember 1996. Þau skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau hafa samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.



**34. gr.****Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**35. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 1995.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**K. HÄNSCH**

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

**J. L. DICENTA BALLESTER**

forseti.



## I. VIÐAUKI

### EFNISATRIÐASKRÁ UPPLÝSINGA SEM BIRTA SKAL Í SAMRÆMI VIÐ 4. GR.

#### 1. Nafn og heimilisfang fjarskiptafyrirtækis/-fyrirtækja

þ.e. nafn og heimilisfang höfuðstöðva fjarskiptafyrirtækisins/-fyrirtækjanna sem veitir/veita aðgang að föstum almennum símanetum og/eða talsímaþjónustu.

#### 2. Framboð fjarskiptaþjónustu

##### 2.1. Gerðir tenginga við fasta almenna símanetið

Krafist er tæknilegra einkenna skilflata á venjulegum nettengipunktum, að meðtöldum tilvísunum í innlenda og/eða alþjóðlega staðla eða tilmæli, þar sem við á, í samræmi við 24. gr.:

- vegna hliðrænna og/eða stafrænna neta:
  - a) einlínuskilflötur;
  - b) marglínuskilflötur;
  - c) skilflötur fyrir beina innhringingu (DDI);
  - d) aðrir algengir skilfletir,
- vegna ISDN-samneta:
  - a) forskrift vegna skilflata fyrir grunntengingu og frumtengingu við S/T-viðmiðunarpunktana, að meðtalinni merkjakenniskrá;
  - b) nákvæmar upplýsingar um burðarþjónustu sem flutt getur talsímaþjónustu;
  - c) aðrir algengir skilfletir,
- og allir aðrir algengir skilfletir.

Auk upplýsinganna hér að ofan, sem birta skal reglulega með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 4. gr., skulu fjarskiptafyrirtæki veita seljendum notendabúnaðar upplýsingar um sérstaka eiginleika netsins sem kunna að hafa áhrif á eðlilega starfsemi samþykks endabúnaðar, án óþarfa tafar.

##### 2.2. Framboð símaþjónustu

Lýsing á grundvallaratriðum talsímaþjónustunnar sem í boði er, þar sem fram kemur hvað er innifalið í áskriftargjaldi og leigugjaldi (t.d. þjónusta talsímavarða, símaskrár, viðhald).

Lýsing á aukasérþjónustu og aukabúnaði talsímaþjónustunnar sem eru verðlögð án tengsla við grunnframboðið, að meðtöldum, eftir því sem við á, viðeigandi tæknistöðlum eða forskriftum sem þau samrýmast, í samræmi við ákvæði 24. gr.

##### 2.3. Taxtar

fyrir aðgang, notkun og viðhald og nákvæmar upplýsingar um afsláttarkerfi sem kunna að vera í boði.



2.4. *Stefna varðandi bætur/endurgreiðslu*

að meðtöldum einstökum atriðum bóta- eða endurgreiðslukerfa sem kunna að vera í boði.

2.5. *Tegundir viðhaldsþjónustu sem í boði eru*

2.6. *Pöntunaraðferð*

að meðtöldum upplýsingum um til hvaða deildar fjarskiptafyrirtækisins skal snúa sér.

2.7. *Staðlaðir samningsskilmálar*

að meðtöldum lágmarkssamningstíma, ef einhver er.

3. **Skilyrði fyrir leyfisveitingu**

Hér skal vera skilmerkileg lýsing á öllum skilyrðum fyrir leyfisveitingu sem hafa áhrif á notendur, að meðtöldum þjónustuveitendum, þ.e. að minnsta kosti:

- upplýsingar um eðli skilyrðanna fyrir leyfisveitingu, einkum hvort krafist er skráningar og/eða heimildar í hverju tilviki eða hvort leyfið er almenns eðlis og krefst ekki skráningar eða heimildar í hverju tilviki,
- gildistími viðeigandi leyfa eða heimilda,
- skrá yfir öll skjöl sem innihalda viðeigandi skilyrði sem aðildarríkið setur fyrir leyfisveitingu.

4. **Skilyrði fyrir tengingu notendabúnaðar**

Hér skal vera nákvæmt yfirlit yfir þær kröfur sem innlenda eftirlitsyfirvaldið gerir til notendabúnaðar í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/263/EBE, að meðtöldum skilyrðum um tengingar á athafnasvæði viðskiptamanns og staðsetningu nettengipunkts, ef við á.

5. **Takmarkanir á aðgangi og notkun**

Hér skulu koma fram allar takmarkanir á aðgangi og notkun sem kunna að vera settar í samræmi við kröfurnar í 22. gr.

6. **Færibreytur um afköst og gæði þjónustu**

Skilgreiningar, mæliaðferðir, stefnumið og tölur um þau afköst sem nást, í samræmi við kröfurnar í 5. gr.

7. **Stefnumið vegna upptöku nýrrar þjónustu, möguleika, sérþjónustu og taxta**

Birta skal taxta í samræmi við kröfurnar í 9. og 15. gr.

8. **Skilyrði fyrir sérstökum aðgangi að netum**

Hér skulu koma fram skilyrði fyrir sérstökum aðgangi að netum sem innlend eftirlitsyfirvöld setja í samræmi við 5. mgr. 10. gr.

9. **Að fá lýsingu á rekstrarbókhaldskerfinu**

Heimilisfangið sem skal snúa sér til til að fá lýsingu á rekstrarbókhaldskerfinu í samræmi við kröfurnar í 13. gr.



**10. Helstu þættir innlenda úthlutunarkerfisins**

Í samræmi við kröfurnar í 21. gr.

**11. Skilyrði fyrir notkun upplýsinga í símaskrá**

Í samræmi við c-lið 16. gr.

**12. Sáttameðferð og lausn deilumála**

Hér skulu vera leiðbeiningar fyrir notendur um þær leiðir sem þeim standa opnar varðandi sáttameðferð og lausn deilumála við fjarskiptafyrirtæki, samkvæmt málsmeðferðinni sem lýst er í 27. gr. Hér skal einnig vera yfirlit yfir þær aðferðir við lausn deilumála sem um getur í 2. mgr. 22. gr.

**13. Málsmeðferð vegna ógreiddra reikninga**

Í samræmi við kröfurnar í 23. gr.



## II. VIÐAUKI

### AFGREIÐSLUFRESTUR OG VÍSBENDINGAR UM GÆÐIÞJÓNUSTU Í SAMRÆMI VIÐ KRÖFURNAR Í 5. GR.

Í skránni hér á eftir eru tilgreind svið þar sem krafist er vísbendinga um gæði þjónustu vegna fjarskiptafyrirtækja sem tilkynnt eru í samræmi við 2. mgr. 26. gr.:

- afgreiðslufrestur upphaflegrar nettengingar,
- bilanatíðni á tengingu,
- biðtími eftir viðgerð,
- villutíðni í upphringingum,
- bið eftir sóni,
- bið eftir upphringingu,
- tölur um gæði flutnings,
- viðbragðstími þjónustu talsímavarða,
- hlutfall nothæfra mynt- og kortasímasjálfsala,
- nákvæmni reikninga.



### III. VIÐAUKI

#### VEITING AÐGANGS AÐ HÁÞRÓAÐRI SÉRÞJÓNUSTU Í SAMRÆMI VIÐ 9. GR.

1. **Skrá yfir sérþjónustu sem um getur í 1. mgr. 9. gr.:**

a) *Notkun tvítóna-margtíðnisíma (DTMF)*

Nota má tvítóna-margtíðnisíma í fasta almenna símanetinu til að senda merki til símsstöðvar með tónunum sem skilgreindir eru í tilmælum ITU-T Q.23 og nota má sömu tóna til að senda merki milli enda tengingarinnar um netið, jafnt innan aðildarríkis sem milli aðildarríkja.

b) *Bein innhringing* (eða sambærileg sérþjónusta)

Unnt er að hringja beint í notendur sjálfvirkra auka-einkastöðva (PBX) eða sambærilegra einkakerfa úr fasta almenna símanetinu án íhlutunar þess sem sér um sjálfvirku auka-einkastöðina.

c) *Framsending símtals*

Upphringingar eru sendar á annan viðtökustað í sama aðildarríki eða öðru (þ.e. ef ekki er svarað, ef er á tali eða skilyrðislaust).

Veita skal þessa sérþjónustu í samræmi við viðeigandi löggjöf um verndun gagna og einkalífs.

d) *Birting innhrinignúmers*

B-notandi sér númer A-notanda áður en símtalið hefst.

Veita skal þessa sérþjónustu í samræmi við viðeigandi löggjöf um verndun gagna og einkalífs.

2. **Skrá yfir þjónustu og sérþjónustu sem um getur í 2. mgr. 9. gr.:**

a) *Aðgangur að grænum númerum/frínúmerum alls staðar í bandalaginu*

Upphringipjónusta, ýmist kölluð græn númer, frínúmer, 0800-númer o.s.frv., þar sem A-notandi greiðir ekkert fyrir símtalið eða aðeins hluta heildarverðsins.

b) *Símaklefareikningsfærsla um allt bandalagið*

Gjöld fyrir notkun þjónustunnar sem notuð er um net fjarskiptafyrirtækis eru sameinuð gjöldum fyrir sjálft símtalið.

c) *Umflutningsþjónusta um allt bandalagið*

Flutningur símtals, sem þegar er hafið, til þriðja aðila í sama aðildarríki eða öðru.

d) *Sjálfvirk svargreiðsluþjónusta um allt bandalagið vegna símtala sem bæði eru hafin og tekið við innan bandalagsins*

Áður en tengingu er komið á samþykkir B-notandi að greiða fyrir símtalið, að beiðni A-notanda.

e) *Númerabirting um allt bandalagið*

B-notandi sér númer A-notanda áður en símtalið hefst.

Veita skal þessa sérþjónustu í samræmi við viðeigandi löggjöf um verndun gagna og einkalífs.



- f) *Aðgangur að þjónustu talsímavarda í öðrum aðildarríkjum*

Notendur í einu aðildarríki geta hringt í afgreiðslu talsímavarda/hjálparþjónustu í öðru aðildarríki.

- g) *Aðgangur að símaskrárþjónustu í öðrum aðildarríkjum*

Notendur í einu aðildarríki geta hringt í símaskrárþjónustu í öðru aðildarríki.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/48/05**

**nr. 26/98**  
**frá 27. mars 1998**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 97/C 109/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

**3. gr.**

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/98 frá 30. janúar 1998<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Ályktun ráðsins 97/C 109/01 frá 24. mars 1997 um nýtt átak til að auka samkeppnishæfni sjóflutninga í bandalaginu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 87. lið (ályktun ráðsins 97/C 194/03) í XIII. viðauka við samninginn:

„88. **397 Y 0408(01)**: Ályktun ráðsins 97/C 109/01 frá 24. mars 1997 um nýtt átak til að auka samkeppnishæfni sjóflutninga í bandalaginu (Stjtið. EB nr. C 109, 8. 4. 1997, bls. 1).”.

Gjört í Brussel 27. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

**F. Barbato**

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 272, 8. 10. 1998, bls. 7 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 8.10.1998, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 109, 8. 4. 1997, bls. 1.



## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 24. mars 1997

## um nýtt átak til að auka samkeppnishæfni sjóflutningabandalaginu(\*)

(97/C 109/01)

## RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

1. FAGNAR almennu skipulagi og stefnumiðum í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, „Ný stefna í siglingamálum“, sem miðar að því að efla flota bandalagsins og fjölga atvinnutækifærum sjómanna í bandalaginu, og þar sem einkum er lögð áhersla á hliðstæða og samstillta þróun á lykilsviðum sem framkvæmdastjórnin tiltekur, en þau eru:
    - samkeppnishæfni flota bandalagsins á alþjóðavettvangi,
    - frjálsir markaðir,
    - frjáls samkeppni,
    - öryggi;
  2. VEKUR ATHYGLI Á að framangreind lykilsvið tengjast innbyrðis, enda geta stefnumarkandi ráðstafanir á einu sviði haft áhrif á eitt eða fleiri hinna;
  3. LEITAST VIÐ að tryggja efnahagslegan ábata á vaxandi markaði fyrir þjónustu tengdri sjóflutningum og að fjölga í senn atvinnutækifærum sjómanna í bandalaginu og starfsmanna í landi og efla verkkunnáttu tengda siglingum;
  4. VIÐURKENNIR að sjóflutningamarkaðurinn er heimsmarkaður, þar sem skipaeigendur í bandalaginu verða að keppa á alþjóðavettvangi og að stefnumið og reglur bandalagsins hljóti að miðast við það;
  5. VIÐURKENNIR að rétt er að þróa sjóflutninga, enda vistvænn valkostur eða viðbót við aðrar greinar flutninga, og að flutningar á stuttum sjóleiðum, að meðtalinni reglubundinni ferjuþjónustu, gegna veigamiklu hlutverki í verslun innan bandalagsins og því að annast tengiflutninga fyrir úthafssiglingar.
  6. TELUR að í ljósi vaxandi samkeppni á alþjóðavettvangi hafi sjálfur sjóflutningageirinn mikilvægu hlutverki að gegna með því að laga sig að breytingum innan þess lagaramma, sem sjóflutningum er settur, og með hliðsjón af þeim markmiðum sem eru sett fram í þessari ályktun;
  7. VIÐURKENNIR að sértækra ráðstafana er þörf til að framfylgja markmiðum bandalagsins á þeim lykilsviðum sem fyrr er getið, einkum til að stuðla að samkeppnishæfni flota bandalagsins og atvinnutækifærum sjómanna í bandalaginu, enn fremur til að efla frjálsa markaði;
  8. ER SAMMÁLA framkvæmdastjórninni um að öryggi á hafi úti sé mikilvægur þáttur og hægt sé að ná óæskilegu samkeppnisforskoti á sviði sjóflutninga með því að vanrækja öryggis- og umhverfisþætti; því er rétt að grípa til ráðstafana þar sem við á, í því augnamiði að:
    - stuðla að aukinni ábyrgð allra á öllum stigum sjóflutningageirans gagnvart gæða- og öryggismálum,
    - tryggja að þegar ekki er farið eftir lögbundnum alþjóðlegum öryggis- og gæðastöðlum og öryggis- og gæðastöðlum bandalagsins leiði það ekki til skertrar efnahags- og samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem fara eftir settum stöðlum.<sup>(1)</sup>
- FELLST Á að aðgerða sé þörf á eftirtöldum sviðum og samkvæmt eftirfarandi meginreglum:
- A1. Aðstoða ber sjóflutningageirann innan bandalagsins við að standast strangar gæðakröfur og efla samkeppnishæfni hans með því að:
- a) tryggja áfram að menntun og hjálfun sjómanna af öllum stigum innan bandalagsins og starfsmanna í landi standist strangar gæðakröfur, með því að hagnýta sem best úrræði aðildarríkjanna og lagagerninga bandalagsins;
  - b) tryggja sjóflutningum aukið vægi í rannsókn- og þróunaráætlunum bandalagsins (svo sem Euret, MAST, Maris) og að þessar áætlanir séu vandlega

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 109, 8. 4. 1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/98 frá 27. mars 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Sjá einnig ályktun ráðsins frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti, Stjtið. EB nr. C 271, 7. 10. 1993, bls. 1.



samræmdar, bæði innbyrðis og við áætlanir aðildarríkjanna, og þar verði lögð sérstök áhersla á að fjármagn sé nýtt á sem skilvirkastan hátt;

- c) þróa flutninga á stuttum sjóleiðum sem vistvænan valkost eða viðbót við aðrar greinar flutninga <sup>(1)</sup>;
- d) tryggja að samkeppnisreglum bandalagsins sé beitt á skýran hátt, að teknu tilliti til sérstöðu sjóflutninga;
- e) styrkja samkeppnisstöðu skipaeigenda í bandalaginu gagnvart alþjóðlegum samkeppnisaðilum;
- f) tryggja að lagasetning og stjórnsýslumeðferð sem varða skipaeigendur og sjóflutninga sé ávallt við hæfi.

2. Rétt er að aðildarríkin íhugi þann kost að fullgilda samþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) frá 84. siglingaráðstefnu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem haldin var í Genf í október 1996.
  3. Brýnt er að framkvæmdastjórnin samþykki endurskoðaðar viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð í samræmi við 92. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins, að teknu tilliti til sérstakrar yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar um þetta efni.
- B.1. Framkvæmdastjórninni ber að leggja fram, eins skjótt og auðið er, orðsendingu sína um samskipti við ríki utan bandalagsins, en hún verður lögð til grundvallar við sérstaka umræðu um stefnumótun.
2. Halda ber áfram marghliða og tvíhliða aðgerðum sem stuðla að afnámi hafta í alþjóðaviðskiptum, bæði með tilliti til sjóflutninga og greina sem tengjast þeim svo að bandalagsfyrirtæki í atvinnugreininni njóti sömu tækifæra og fyrirtæki þriðju ríkja innan bandalagsins.

C.1. Aðildarríkjunum og bandalaginu ber að styðja þróun gæðaviðmiðana sem eru bindandi á alþjóðavísu fyrir fánayfirvöld og skipaskrár á vettvangi Alþjóðasiglinga-málastofnunarinnar.

2. Þar sem við á:

- ber að samþykkja lagagerning innan bandalagsins til að tryggja viðeigandi og einsleita framkvæmd þessara viðmiðana, þar sem kveðið er á um meginreglur til að tryggja öruggan rekstur skipaskráa aðildarríkjanna,
- ber, þegar þar að kemur, að leysa vandamál varðandi skilgreiningu á gagnsæri ábyrgðarskyldu, eignarrétti, yfirráðum og stjórnunarkröfum og enn fremur raunveruleg efnahagsleg tengsl greinarinnar, um leið og ákvæði framangreinds stofnsáttmála bandalagsins eru virt.

3. Herða verður eftirlit með því að skip bandalagsins og þriðju ríkja uppfylli alþjóðlega staðla með skilvirkri beitingu tilskipunar ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um það hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna <sup>(2)</sup>, til að hámarka fyrirbyggjandi áhrif hennar; þar skiptir samræmd beiting reglna um kyrrsetningu og raunverulegt gagnsæi höfuðmáli.
4. Athuga ber, í samráði við atvinnugreinina, hvort ábyrgð á öruggum rekstri skipa skuli við tilteknar aðstæður ná til farmeigenda.
5. Örva ber frumkvæði innan atvinnugreinarinnar sem miðar að því að gæðaviðmiðanir í sjóflutningum verði bættar.

<sup>(1)</sup> Sjá einnig ályktun ráðsins frá 11. mars 1996 um flutning á stuttum sjóleiðum, Stjtið. EB nr. C 99, 2. 4. 1996, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 157, 7. 7. 1995, bls. 1.



# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/48/06

nr. 27/98  
frá 27. mars 1998

## um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn og um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki(\*)

### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIV. viðauka var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/97 frá 2. febrúar 1998<sup>(1)</sup>.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Skráin í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn endurspeglar almenna stöðu löggjafar bandalagsins á þessu sviði.

Bókun 21 var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/97 frá 14. mars 1997<sup>(3)</sup>.

Taka ber reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja inn í skrána í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn

### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

- lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89) í XIV. viðauka skal breytt sem hér segir:

Eftirfarandi undirliður bætist við:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 R 1310:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1).”.

- Í stað aðlögunartexta við ákvæði 1. til 5. gr. reglugerðarinnar komi eftirfarandi:

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 193, 9. 7. 1998, bls. 71 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9.7.1998, bls. 173.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 44.

- a) Í 1. mgr. 1. gr. skal klausunni „eða í samræmi við ákvæði bókunar 21 við EES-samninginn“ skotið inn á eftir orðunum „Með fyrirvara um 22. gr.“.

Enn fremur komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.

- b) Í 2. mgr. 1. gr. komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.

Enn fremur komi „velta innan bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „velta innan bandalagsins“.

Í síðustu undirgreininni komi „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“ í stað orðsins „aðildarríki“.

- c) Í 3. mgr. 1. gr. komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.

Enn fremur komi „velta innan bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „velta innan bandalagsins“.

Í b-lið og c-lið 3. mgr. 1. gr. og í síðustu undirgrein 3. mgr. 1. gr. komi „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“ í stað orðsins „aðildarríki“.

- d) Ákvæði 4. og 5. mgr. 1. gr. gilda ekki.

- e) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.

- f) Í lok 2. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.

- g) Í lok 3. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.

- h) Í fyrstu undirgrein 4. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.



- i) Í b-lið 5. mgr. 3. gr. komi „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“ í stað orðsins „aðildarríkis“.
- íbúum á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða frá íbúum eins EFTA-ríkis“.
- j) Í 1. mgr. 4. gr. komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.
- í stað „...“, skal taka til greina heildariðgjöld greidd af íbúum innan bandalagsins og af íbúum innan eins aðildarríkis“.
- Enn fremur skal klausunni „í samræmi við 57. gr. EES-samningsins“, í fyrsta málslíð, skotið inn á eftir orðunum „Tilkynna skal framkvæmdastjórninni“.
- k) Í 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi í stað síðustu undirgreinarinnar:
- „Til veltu, innan bandalagsins eða aðildarríkis EB, skal telja tekjur af sölu vöru og þjónustu til fyrirtækja eða neytenda innan bandalagsins eða aðildarríkis EB eftir því sem við á. Sama gildir að því er varðar veltu á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða í EFTA-ríki.“
- Í 1. mgr. 3. gr. í bókun 21 við samninginn bætist eftirfarandi undirliður við 1. lið
- „... eins og henni var breytt með:
- **397 R 1310:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 frá 30. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1).“
- l) Í a-lið 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi í stað síðustu undirgreinarinnar:
- „Til veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar innan bandalagsins eða aðildarríkis EB skal telja tekjuliðina, samkvæmt framangreindri skilgreiningu, sem útibú eða deild stofnunarinnar í bandalaginu eða viðkomandi aðildarríki EB aflar, eftir því sem við á. Sama gildir að því er varðar veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða í EFTA-ríki.“
- Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1310/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.
- m) Í síðustu setningu b-liðar 3. mgr. 5. gr. komi:
- „...“, skal taka til greina heildariðgjöld greidd af íbúum innan bandalagsins og af íbúum innan eins aðildarríkis EB. Hið sama skal gilda hvað varðar heildariðgjöld frá
- 2. gr.**
- 3. gr.**
- 4. gr.**
- 5. gr.**

Gjört í Brussel 27. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

**F. Barbaso**



## REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1310/97

frá 30. júní 1997

### um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 87. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samfylkingar, sem hafa umtalsverð áhrif í mörgum aðildarríkjanna og eru undir þeim viðmiðunarmörkum sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja <sup>(4)</sup>, geta uppfyllt skilyrði um athugun innan ramma samrunaefnirlitskerfa ýmissa ríkja. Það eykur á réttaróvissu, vinnu og kostnað fyrirtækja að þurfa að tilkynna um sömu viðskipti til margra aðila og slíkt getur leitt til ósamrýmanlegra úttekta.
- 2) Með því að láta samrunaefnirlit bandalagsins einnig ná til samfylkinga, sem hafa umtalsverð áhrif í mörgum aðildarríkjanna, verður aðeins eitt kerfi í gildi og greiðir slíkt, í samræmi við dreifræðisregluna, fyrir mati á áhrifum samfylkinga á samkeppni í bandalaginu í heild.
- 3) Rétt er að taka upp frekari viðmiðanir við beitingu samrunaefnirlits bandalagsins svo að unnt verði að ná framangreindum markmiðum. Slíkar viðmiðanir skulu felast í ákvörðun nýrra viðmiðunarmarkna með tilliti til heildarveltu hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði, á vettvangi bandalagsins og í ekki færri en þremur aðildarríkjum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 27/98 frá 27. mars 1998 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn og um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 350, 21. 11. 1996, bls. 8 og 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 362, 2. 12. 1996, bls. 130.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 56, 24. 2. 1997, bls. 71.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1. Reglugerðin var leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13, og henni breytt með aðildarlögunum frá 1994.

4) Við lok fyrsta áfanga beitingar þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin skila ráðinu skýrslu um framkvæmd allra gildandi viðmiðunarmarkna og viðmiðana, svo að ráðið geti, í samræmi við 145. gr. sáttmálans, breytt viðmiðunum eða leiðrétt viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

5) Rétt er að skilgreina hugtakið samfylkingu þannig að það taki til aðgerða sem hafa í för með sér varanlega breytingu á skipulagi hlutaðeigandi fyrirtækja. Einkum er rétt, þegar um fyrirtæki um sameiginleg verkefni er að ræða, að gildissvið og málsmeðferð reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 nái til fyrirtækja um sameiginleg verkefni í fullum rekstri. Auk prófanna, sem notuð eru til að greina yfirburðastöðu samkvæmt 2. gr. þeirrar reglugerðar, er rétt að framkvæmdastjórnin beiti viðmiðunum 1. og 3. mgr. 85. gr. sáttmálans á slík fyrirtæki um sameiginleg verkefni, að svo miklu leyti sem veruleg takmörkun á samkeppni milli þeirra fyrirtækja, sem halda sjálfstæði sínu, telst bein afleiðing þess að stofnað var til slíkra verkefna. Ef áhrif slíkra fyrirtækja um sameiginleg verkefni á markaðinn varða fyrst og fremst skipulag, á 1. mgr. 85. gr. að jafnaði ekki við. Þó getur 1. mgr. 85. gr. átt við ef tvö eða fleiri móðurfyrirtæki eru áfram virk á markaði fyrirtækis þeirra um sameiginlegt verkefni, enn fremur ef stofnun fyrirtækisins hefur það að markmiði eða þau áhrif að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni milli móðurfyrirtækjanna á mörkuðum á fyrri eða seinni stigum eða skyldum mörkuðum. Í þessu samhengi ber að meta alla samkeppnisþætti, sem tengjast stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, samkvæmt sömu málsmeðferð.

6) Við útreikning á veltu lánastofnana og fjármálastofnana eru bankatekjur betri viðmiðun en hlutfall eigna, þar sem þær gefa réttari mynd af efnahagslegum raunveruleika bankageirans í heild.

7) Kveða þarf skýrt á um að ákvarðanir, sem teknar eru við lok fyrsta áfanga málsmeðferðarinnar, skuli ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.



- 8) Í öðrum áfanga málsmeðferðarinnar getur framkvæmdastjórnin lýst því yfir að samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði, en því fylgja skuldbindingar málsaðilanna sem skulu taka mið af samkeppnisvandanum og vera alfarið til lausnar á honum. Einnig er rétt að samþykkja slíkar skuldbindingar í fyrsta áfanga málsmeðferðarinnar, þygi samkeppnisvandinn augljós og auðleystur. Kveða þarf skýrt á um að í slíkum tilvikum geti framkvæmdastjórnin bundið ákvörðun sína skilyrðum og skuldbindingum. Í báðum áföngum málsmeðferðarinnar skal leitast við að tryggja gagnsæi og skilvirkar umræður aðildarríkjanna og þriðju málsaðila sem eru hagsmunaaðilar.
- 9) Til þess að tryggja skilvirkt eftirlit ætti að krefjast frestunar samfylkingar þar til lokaákvörðun liggur fyrir. Hins vegar má falla frá kröfu um frestun þar sem við á. Við ákvörðun um hvort beri að falla frá kröfu um frestun eður ei ber framkvæmdastjórninni að taka mið af öllum þáttum sem máli skipta, svo sem eðli og umfangi skaða sem samfylkingin veldur hlutaðeigandi fyrirtækjum eða þriðju málsaðilum, enn fremur þeirri hættu sem samkeppni stafar af samfylkingunni.
- 10) Reglur um tilvísun samfylkinga milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna ber að endurskoða um leið og fastsettar verða frekari viðmiðanir um framkvæmd samrunaefirlits bandalagsins. Slíkar reglur standa vörð um samkeppnishagsmuni aðildarríkjanna með viðhlítandi hætti og miðast við réttaröryggi og meginregluna um eitt kerfi í gildi. Þó er rétt að bæta eða skýra frekar ákveðna þætti tilvísunarreglnanna.
- 11) Einkum og sér í lagi getur framkvæmdastjórnin því aðeins lýst því yfir að samfylking samræmist ekki hinum sameiginlega markaði, að hún hindri virka samkeppni í verulegum hluta hans. Beiting innlendra samkeppnislaga á því sérstaklega við þegar samfylking hefur áhrif á samkeppni á aðgreindum markaði innan aðildarríkis, sem ekki verði talinn verulegur hluti hins sameiginlega markaðar. Þegar svo hagar til verður þess ekki krafist í beiðninni um tilvísun að sýnt verði fram á að hætta sé á að samfylkingin geti leitt til eða styrkt yfirburðastöðu sína á þeim aðgreinda markaði.
- 12) Í undantekningartilvikum má lengja frestinn sem framkvæmdastjórnin hefur til að taka ákvörðun í fyrsta áfanga málsmeðferðarinnar.
- 13) Kveða þarf skýrt á um að tvö eða fleiri aðildarríki geti lagt fram sameiginlega beiðni samkvæmt ákvæðum 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Til þess að tryggja skilvirkni eftirlitsins þarf að kveða á um að fresta skuli framkvæmd samfylkingar sem eitt eða fleiri aðildarríki hafa vísað til framkvæmdastjórnarinnar.

- 14) Veita þarf framkvæmdastjórninni heimild til þess að samþykkja framkvæmdarákvæði ef þörf krefur.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 er breytt sem hér segir:

1. Í 1. gr.:
- a) komi eftirfarandi í stað 1. mgr.:
- „1. Með fyrirvara um 22. gr. nær þessi reglugerð til allra samfylkinga er varða hagsmuni bandalagsins eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr.“
- b) komi eftirfarandi í stað 3. mgr.:
- „3. Í þessari reglugerð telst samfylking, sem nær ekki viðmiðunarmörkunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr., varða hagsmuni bandalagsins þegar:
- a) samanlögð velta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði fer yfir 2 500 milljónir ekna;
- b) samanlögð velta allra hlutaðeigandi fyrirtækja í hverju minnst þriggja aðildarríkja fer yfir 100 milljónir ekna,
- c) minnst tvö hlutaðeigandi fyrirtæki hafa hvort/hvert um sig samanlagða veltu í hverju minnst þriggja aðildarríkja, samanber b-lið, sem fer yfir 25 milljónir ekna,
- d) minnst tvö hlutaðeigandi fyrirtæki hafa hvort/hvert um sig samanlagða veltu í bandalaginu sem fer yfir 25 milljónir ekna,
- nema hvert fyrirtæki, sem á í hlut, hafi yfir tvo þriðju samanlagðrar veltu sinnar innan bandalagsins úr einu og sama aðildarríki.“
- c) eftirfarandi málsgreinar bætist við:
- „4. Framkvæmdastjórnin skal skila ráðinu skýrslu eigi síðar en 1. júlí 2000 um framkvæmd viðmiðunarmarkanna og viðmiðananna sem koma fram í 2. og 3. mgr.
5. Í framhaldi af skýrslunni sem um getur í 4. mgr. og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar getur ráðið, með auknum meirihluta, endurskoðað viðmiðunarmörkin og viðmiðanirnar sem um ræðir í 3. mgr.“



2. Eftirfarandi bætist við 2. gr.:

„4. Að því marki sem stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, sem telst samfylking samkvæmt 3. gr., hefur það markmið eða þau áhrif að samræma samkeppnishegðun fyrirtækja sem áfram halda sjálfstæði sínu, skal meta slíka samræmingu á grundvelli viðmiðananna í 1. og 3. mgr. 85. gr. sáttmálans með það í huga að ákvarða hvort aðgerðin samrýmist hinum sameiginlega markaði eður ei.

Við slíkt mat skal framkvæmdastjórnin einkum taka mið af eftirfarandi:

- hvort tvö eða fleiri móðurfyrirtæki halda áfram uppi umtalsverðri starfsemi á sama markaði og fyrirtækið um sameiginlegt verkefni eða á markaði sem er á fyrri eða seinni stigum, með tilliti til þessa markaðar, eða á skyldum markaði sem er nátengdur honum,
- hvort samræmingin, sem er bein afleiðing þess að stofnað er til fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, leiðir til þess að hlutaðeigandi fyrirtæki hafi möguleika á að útiloka samkeppni með tilliti til verulegs hluta framleiðslunnar eða þjónustunnar sem um er að ræða.“

3. Í 3. gr. breytist 2. mgr. sem hér segir:

- a) fyrsta undirgrein falli niður;
- b) í annarri undirgrein falli niður setningarliðurinn: „og veldur því ekki að aðilar, sem hlut eiga að máli, samræmi samkeppni sín á milli eða milli sín og fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni.“

4. Í 5. gr.:

- komi eftirfarandi í stað 3. mgr.:

„3. Eftirfarandi skal nota í stað veltu:

- a) þegar um er að ræða lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir, að því er varðar 2. og 3. mgr. 1. gr., summu eftirtalinna tekjuliða eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana(\*), að frádregnum virðisauka-skatti og öðrum sköttum sem tengjast þessum tekjuliðum beint, eftir því sem við á:

i) vaxatekjur og áþekkar tekjur,

ii) tekjur af verðbréfum:

- tekjur af hlutabréfum og öðrum breytilegum verðbréfum,

- tekjur af hlutdeild í öðrum fyrirtækjum,

- tekjur af hlutum í tengdum fyrirtækjum,

iii) þóknunartekjur,

iv) hreinar tekjur af fjármálastarfsemi,

v) aðrar rekstrartekjur.

Til veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar innan bandalagsins eða í aðildarríki skal telja tekjuliðina, eins og skilgreint er hér að framan, sem útibú eða deild stofnunarinnar í bandalaginu eða viðkomandi aðildarríki aflar, eftir því sem við á;

- b) þegar um er að ræða váttryggingafélag, heildarfjárhæð iðgjalda sem samanstendur af öllum fjárhæðum sem greiddar hafa verið eða eru til greiðslu vegna váttryggingasamninga, sem váttryggingafyrirtæki hafa gert eða sem gerðir hafa verið fyrir þeirra hönd, þar með talinn kostnaður vegna endurtryggingaiðgjalda, að frádregnum sköttum og skatttengdum framlögum eða gjöldum reiknuðum á grundvelli einstakra iðgjalda eða heildarfjárhæðar iðgjalda. Að því er varðar b-lið 2. mgr. 1. gr. og niðurlag 2. mgr. 1. gr., skal taka með í reikninginn heildariðgjöld greidd af íbúum innan bandalagsins og af íbúum innan eins aðildarríkis.

(\*) Stjóð. EB nr. L 372, 31. 12. 1986, bls. 1.“;

- komi eftirfarandi í stað inngangsmálsliðar 4. mgr.:

„4. Með fyrirvara um 2. mgr. skal reikna heildarveltu hlutaðeigandi fyrirtækis í skilningi 2. og 3. mgr. 1. gr. með því að leggja saman veltu hvers eftirtalinna:“;

- komi eftirfarandi í stað inngangsmálsliðar 5. mgr.:

„5. Þegar reiknuð er út velta hlutaðeigandi fyrirtækja, að því er varðar 2. og 3. mgr. 1. gr., þar sem fyrirtæki, sem falla undir samfylkinguna, hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem um getur í b-lið 4. mgr.:“.

5. Í 6. gr.:

- a) í 1. mgr.:

- bætist eftirfarandi undirgrein við b-lið:



„Ákvörðunin, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé samrýmanleg hinum sameiginlega markaði, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.“;

- komi eftirfarandi í stað c-liðar:

„c) Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, með fyrirvara um a-lið 1. mgr., að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, falli undir gildissvið þessarar reglugerðar og veki alvarlegar efasemdir um að hún sé samrýmanleg hinum sameiginlega markaði, ákveður hún að hefja málsmeðferð.“

- b) bætist eftirfarandi málsgreinar við:

„1.a Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, eftir að breytingar hafa verið gerðar hjá hlutaðeigandi fyrirtækjum, að samfylking, sem tilkynnt hafði verið um, veki ekki lengur alvarlegar efasemdir í skilningi c-liðar 1. mgr., getur hún ákveðið að lýsa því yfir að samfylkingin sé samrýmanleg hinum sameiginlega markaði samkvæmt b-lið 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt samkvæmt b-lið 1. mgr. að binda ákvörðun sína skilyrðum og skuldbindingum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki ræki skyldur þær sem þau hafa tekist á hendur gagnvart framkvæmda-stjórninni og miða að því að gera samfylkinguna samrýmanlega hinum sameiginlega markaði.

1. b Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla ákvörðun sem hún hefur tekið í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. ef:

- a) ákvörðunin er byggð á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á, eða fengin fram með blekkingum, eða
- b) hlutaðeigandi fyrirtæki bregðast skuldbindingu sem fylgir ákvörðuninni.

1. c Í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin tekið ákvörðun samkvæmt 1. mgr. og er þá ekki bundin þeim tímamörkum sem um getur í 1. mgr. 10. gr.“

## 6. Í 7. gr.:

- a) komi eftirfarandi í stað 1. mgr.:

„1. Samfylking, eins og hún er skilgreind í 1. gr., skal hvorki taka gildi áður en tilkynnt hefur verið um hana né fyrr en búið er að lýsa hana samrýmanlega hinum sameiginlega markaði með ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr., eða á grundvelli ályktunar samkvæmt 6. mgr. 10. gr.“;

- b) falli 2. mgr. niður;

- c) breytist 3. mgr. sem hér segir:

í stað orðanna „1. og 2. mgr.“ í upphafi málsgreinarinnar komi „1. mgr.“;

- d) komi eftirfarandi í stað 4. mgr.:

„4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, samkvæmt beiðni, að veita undanþágu frá skuldbindingum þeim sem fram koma í 1. og 3. mgr. Röskyðja ber beiðni um undanþágu. Við afgreiðslu beiðninnar skal framkvæmdastjórnin meðal annars taka mið af áhrifum frestunarinnar á eitt eða fleiri fyrirtæki, sem hlut eiga að samfylkingu, eða á þriðja málssaðila, og þeirri hættu sem samkeppninni stafar af samfylkingunni. Slíka undanþágu er heimilt að binda skilyrðum og skuldbindingum í þeim tilgangi að tryggja virka samkeppni. Heimilt er að sækja um og veita undanþágu hvenær sem er, jafnvel áður en tilkynnt er um samfylkingu eða eftir að viðskiptunum er lokið.“;

- e) komi eftirfarandi í stað 5. mgr.:

„5. Gildi viðskipta, sem brjóta í bága við ákvæði 1. mgr., skal háð ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 2. eða 3. mgr. 8. gr. eða ályktun á grundvelli 6. mgr. 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa þó engin áhrif á gildi viðskipta með verðbréf, þar með talin breytanleg verðbréf, sem fara fram á verðbréfamarkaði undir eftirliti og umsjón til þess bærara yfirvalda, sem er starfræktur reglubundið og almenningur hefur aðgang að með beinum eða óbeinum hætti, nema því aðeins að kaupandi og seljandi hafi haft eða hefðu átt að hafa vitneskju um að viðskiptin brytu í bága við 1. mgr.“

## 7. Í 8. gr.:

- a) komi eftirfarandi í stað 2. mgr.:

„2. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, uppfylli að afstöðnum tilteknum breytingum, sem hlutaðeigandi fyrirtæki hafa gert, ef nauðsyn krefur,



skilyrði þau sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr., og í tilvikunum sem um getur í 4. mgr. 2. gr. skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé samrýmanleg hinum sameiginlega markaði.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að binda ákvörðun sína skilyrðum og skuldbindingum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki ræki skyldur þær sem þau hafa tekist á hendur gagnvart framkvæmdastjórninni og miða að því að gera samfylkinguna samrýmanlega hinum sameiginlega markaði. Ákvörðunin, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé samrýmanleg hinum sameiginlega markaði, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.“;

b) komi eftirfarandi í stað 3. mgr.:

„3. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking fullnægi viðmiðununum, sem eru skilgreindar í 3. mgr. 2. gr., eða í tilvikunum sem um getur í 4. mgr. 2. gr., að hún fullnægi ekki viðmiðununum, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé ósamrýmanleg hinum sameiginlega markaði.“

8. Í 9. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 2. mgr.:

„2. Innan þriggja vikna frá viðtöku eintaks af tilkynningunni er aðildarríki heimilt að tilkynna framkvæmdastjórninni, sem aftur skal tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum:

- a) að samfylking geti skapað eða styrkt yfirburðastöðu með þeim afleiðingum að virk samkeppni yrði verulega hindruð á markaði innan aðildarríkisins, sem ber öll einkenni aðgreinds markaðar, eða
- b) að samfylking hafi áhrif á samkeppni á markaði innan aðildarríkisins, sem ber öll einkenni aðgreinds markaðar og sem telst ekki verulegur hluti hins sameiginlega markaðar.“;

b) í 3. mgr.:

- komi eftirfarandi í stað b-liðar:

„b) vísa málinu í heild eða að hluta til lögðærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki í því skyni að ákvæðum samkeppnislaga þess verði beitt.“;

- bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Þegar svo ber undir að aðildarríki upplýsir framkvæmdastjórnina um að samfylking hafi áhrif á samkeppni á aðgreindum markaði á yfirráðasvæði þess, sem telst ekki verulegur hluti hins sameiginlega markaðar, skal framkvæmdastjórnin vísa málinu í heild eða þeim hluta þess, sem varðar aðgreinda markaðinn, til hlutaðeigandi aðildarríkis, enda telji hún að áhrifanna gæti á hinum aðgreinda markaði.“;

c) komi eftirfarandi í stað 10. mgr.:

„10. Þessi grein verður endurskoðuð um leið og viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. gr.“

9. Í 10. gr.:

a) bætist eftirfarandi texti við í lok annarrar undirgreinar í 1. mgr.:

„eða, í framhaldi af tilkynningu um samfylkingu, þegar hlutaðeigandi fyrirtæki leggja fram skuldbindingar samkvæmt 1. mgr. a í 6. gr., sem málsaðilar hyggjast leggja til grundvallar ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr.“;

b) komi orðin „fresti þá sem settir eru í 1. og 3. mgr.“ í upphafi 4. mgr. í stað orðanna „frest þann sem settur er í 3. mgr.“

10. Í 18. gr.:

a) komi orðin „4. mgr. 7. gr.“ í 1. mgr. í stað orðanna „2. og 4. mgr. 7 gr.“;

b) komi eftirfarandi í stað 2. mgr.:

„2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., er heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun um að veita undanþágu frá frestun, eins og um getur í 4. mgr. 7. gr., án þess að gefa hlutaðeigandi einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja fyrst tækifæri til að kynna sjónarmið sín, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin gefi þeim færi á því eins fljótt og auðið er eftir að hún hefur tekið ákvörðun sína.“



## 11. Í 19. gr. bætist eftirfarandi texti við í lok 1. mgr.:

„Meðal slíkra skjala skulu vera skuldbindingar sem málsaðilar hyggjast leggja til grundvallar ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr eða 2. mgr. 8. gr.“

## 12. Í 22. gr.:

## a) komi eftirfarandi í stað 1. og 2. mgr.:

„1. Þessi reglugerð ein gildir um samfylkingu eins og hún er skilgreind í 3. gr. og reglugerðir nr. 17<sup>(1)</sup>, (EBE) nr. 1017/68<sup>(2)</sup>, (EBE) nr. 4056/86<sup>(3)</sup> og (EBE) nr. 3975/87<sup>(4)</sup> gilda ekki, nema í tengslum við fyrirtæki um sameiginleg verkefni sem varða ekki hagsmuni bandalagsins en hafa það að markmiði eða hafa þau áhrif að samræma samkeppnishegðun fyrirtækja sem áfram halda sjálfstæði sínu.“

## b) breytist 3. mgr. sem hér segir:

„3. Komist framkvæmdastjórnin að því, að framkominni beiðni frá aðildarríki eða sameiginlegri beiðni tveggja aðildarríkja eða fleiri, að samfylking, eins og hún er skilgreind í 3. gr., sem ekki varðar hagsmuni bandalagsins í skilningi 1. gr., skapi eða styrki yfirburðastöðu sem leiðir til þess að virk samkeppni skerðist umtalsvert á yfirræðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja, sem standa sameiginlega að beiðninni, getur hún, að svo miklu leyti sem samfylkingin hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkja, samþykkt ákvarðanirnar sem kveðið er á um í annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. og í 3. og 4. mgr. sömu greinar.“

## c) komi eftirfarandi í stað 4. mgr.:

„4. Ákvæði 2. (a- og b-liðar 1. mgr.), 5., 6., 8. og 10.-20. gr. gilda um beiðni sem lögð er fram í samræmi við ákvæði 3. mgr. Ákvæði 7. gr. skulu eiga við svo

fremi samfylkingin hafi ekki komið til framkvæmda á þeim degi sem framkvæmdastjórnin upplýsir málsaðila um að beiðni hafi verið lögð fram.

Frestur, sem veittur er til að hefja málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 10. gr., skal hefjast daginn eftir að beiðnin berst frá hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum. Leggja verður beiðnina fram innan eins mánaðar hið lengsta frá þeim degi er aðildarríkin, eða öll aðildarríkin sem stóðu að sameiginlegri beiðni, fengu vitneskju um samfylkinguna eða frá því hún varð að veruleika. Fresturinn hefst á þeim degi er hið fyrra af þessu tvennu gerist.“

## d) bætist í 5. mgr. við orðin „eða aðildarríkjanna“ á eftir orðunum „á yfirræðasvæði aðildarríkisins“;

## e) falli 6. mgr. niður.

## 13. Í 23. gr.:

## a) komi orðin „fresti samkvæmt 7., 9., 10. og 22. gr.“ í stað orðanna „fresti samkvæmt 10. gr.“

## b) bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Framkvæmdastjórnin hefur umboð til þess að ákvarða málsmeðferð og tímamörk fyrir framlagningu skuldbindinga samkvæmt 1. mgr. a í 6. gr. og 2. mgr. 8. gr.“

**2. gr.**

Þessi reglugerð tekur ekki til samfylkinga sem samið eða tilkynnt er um eða þar sem yfirræðum er náð í skilningi 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EES) nr. 4064/89 fyrir 1. mars 1998 og hún gildir ekki undir neinum kringumstæðum um samfylkingar sem hafa verið teknar til meðferðar fyrir 1. mars 1998 hjá yfirvaldi í aðildarríki sem ber ábyrgð á samkeppnismálum.

**3. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. mars 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 30. júní 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

**A. NUIS**

forseti.



## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/48/07

nr. 28/98  
frá 30. apríl 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun)  
við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

## 2. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/20/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

## 3. gr.

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/20/EB frá 18. apríl 1997 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/306/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

## ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (tilskipun ráðsins 72/306/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0020:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/20/EB frá 18. apríl 1997 (Stjtið. EB nr. L 125, 16. 5. 1997, bls. 21).”.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 134, 7.5.1998, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 125, 16. 5. 1997, bls. 21.



## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/20/EB

frá 18. apríl 1997

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/306/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum(\*)

(Texti sem varðar EES)

### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

#### 1. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/306/EBE frá 2. ágúst 1972 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/491/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 72/306/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópubingsins og ráðsins 96/79/EB <sup>(4)</sup>. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, sem varða kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga við um tilskipun 72/306/EBE.

Vegna tilskipunar 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal þar sem fram koma þau atriði í I. viðauka við þá tilskipun sem skipta máli ásamt gerðarviðurkenningarvottorði samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun í því skyni að koma á tölvuskráningu gerðarviðurkenninga.

Þær breytingar, sem hér um ræðir, eiga aðeins við um stjórnsýslufyrirmæli í tilskipun 72/306/EBE; af þeim sökum ber hvorki að fella úr gildi núgildandi viðurkenningar samkvæmt tilskipun 72/306/EBE né koma í veg fyrir að ný ökutæki, sem þess konar viðurkenningar gilda um, verði skráð, seld eða tekin í notkun.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með tilskipun 70/156/EBE.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 125, 16. 5. 1997, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 190, 20. 8. 1972, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 238, 15. 8. 1989, bls. 43.

(3) Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

(4) Stjtið. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 7.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 72/306/EBE:

#### 1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. gr.

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll vélknúin ökutæki með dísilhreyfli sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum eða fleiri hjólum, og hönnuð fyrir hámarkshraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og öllum hreyfanlegum vélbúnaði.“;

#### 2. Í 2. gr. komi „kröfurnar í viðeigandi viðaukum við þessa tilskipun“ í stað „kröfurnar í I., II., III., IV. og VI. viðauka“;

#### 3. Í 3. gr. komi „lið 1.1“ í stað „lið 2.2“;

#### 4. Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

#### 2. gr.

Frá og með 1. október 1997:

- skulu aðildarríkin hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, og
- er aðildarríkjunum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu,

fyrir nýja gerð ökutækis af ástæðum sem varða útblástur mengunarefna frá dísilhreyflum sé hún ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 72/306/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.



Með þessari tilskipun eru engar áður veittar viðurkenningar, samkvæmt tilskipun 72/306/EBE, felldar úr gildi né komið í veg fyrir rýmkun slíkra viðurkenninga samkvæmt skilmálum þeirrar tilskipunar sem þær voru upphaflega veittar samkvæmt.

**3. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**4. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**5. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. apríl 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.



**VIÐAUKI****BREYTINGAR Á VIÐAUKUM VIÐ TILSKIPUN 72/306/EBE**

1. Skrá yfir viðauka bætist við milli meginmáls og I. viðauka og verði svohljóðandi:

**„SKRÁ YFIR VIÐAUKA**

**I. viðauki:** Skilgreiningar, umsókn um EB-gerðarviðurkenningu, veiting EB-gerðarviðurkenningar, tákn fyrir leiðréttan gleypnistuðul, forskriftir og prófanir, breytingar á gerðinni, samræmi í framleiðslu

1. viðbætur: Upplýsingaskjal  
2. viðbætur: Gerðarviðurkenningavottorð

**II. viðauki:** Dæmi um tákn fyrir leiðréttan gleypnistuðul

**III. viðauki:** Prófanir við jafnan snúningshraða undir fullu álagi

**IV. viðauki:** Prófun við hröðun

**V. viðauki:** Tæknilegar forskriftir fyrir viðmiðunareldsneyti

**VI. viðauki:** Markgildi fyrir prófanir við jafnan snúningshraða

**VII. viðauki:** Eiginleikar reykþéttnimæla

**VIII. viðauki:** Uppsetning og notkun reykþéttnimælis.”

**I. VIÐAUKI**

2. Tilvísun í neðanmálsgrein í fyrirsögn með bókstafnum „a” og tilsvareandi neðanmálsgrein falli brott.  
3. Fyrirsögnin verði svohljóðandi:

**„SKILGREININGAR, UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU, VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR, TÁKN FYRIR LEIÐRÉTTAN GLEYPNISTUÐUL, FORSKRIFTIR OG PRÓFANIR, BREYTINGAR Á GERÐINNI, SAMRÆMI Í FRAMLEIÐSLU”.**

4. 2. liður verði 1. liður.  
5. Liðir 2.2 til 2.5 verði liðir 1.1 til 1.4.  
6. Í lið 1.1 (áður liður 2.2):  
komi „1. viðbæti” í stað „II. viðauka”.  
7. 3. liður verði 2. liður.  
8. Liður 3.1 verði liður 2.1 svohljóðandi:

„2.1. Framleiðandi ökutækis skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE, með tilliti til útblásturs mengunarefna frá dísilhreyflum.”



9. Liður 3.2 verði liður 2.2 svohljóðandi:  
„2.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti.”
10. Liðir 3.2.1 og 3.2.2 falli brott.
11. Í lið 3.3:
  - verði liður 3.3 liður 2.3;
  - komi „1. viðbæti” í stað „II. viðauka við þessa reglugerð”.
12. Liður 3a verði 3. liður svohljóðandi:  
„3. EB-GERÐARVIÐURKENNING  
3.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt samkvæmt 3. mgr. 4. gr. og, ef við á, 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE ef viðeigandi kröfum er fullnægt.  
3.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í 2. viðbæti.  
3.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækja skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð vélknúins ökutækis sama númeri.”
13. Liðir 4.4 til 4.6 verði liðir 4.1 til 4.3.
14. Í lið 4.1 (áður lið 4.4):  
komi „viðbót við gerðarviðurkenningarvottorðið í 2. viðbæti” í stað „viðauka við gerðarviðurkenningarvottorðið sem sýnt er í X. viðauka”.
15. Í lið 4.3 (áður lið 4.6):  
komi „II. viðauka” í stað „IX. viðauka”.
16. 6. liður verði svohljóðandi:  
„6. BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGUM  
6.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar gerðar eru breytingar á gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.”
17. Liður 7.1 verði svohljóðandi:  
„7.1. Almennt ber að gera ráðstafanir til að tryggja samræmi í framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.”
18. Liður 7.3 verði liður 7.2 svohljóðandi:  
„7.2. Samræmi ökutækis við viðurkennda gerð skal sérstaklega sannreynt, að því er varðar útblástur mengandi efna frá dísilhreyflum, á grundvelli niðurstaðna sem eru skráðar í viðbótinni við gerðarviðurkenningarvottorðið í 2. viðbæti. Þar að auki:”
19. Liðir 7.3.1, 7.3.1.1 og 7.3.1.2 verði liðir 7.2.1, 7.2.1.1 og 7.2.1.2.



20. Í lið 7.2.1.2 (áður lið 7.3.1.2):

- komi í ensku útgáfunni „7.2.1.1” í stað „7.3.1”;
- komi í öðrum útgáfum „7.2.1.1” í stað „7.3.1.1”.

21. 8. og 9. liður falli brott.

22. Eftirfarandi 1. og 2. viðbætur bætist við og verði svohljóðandi:

„1. viðbætur

#### UPPLÝSINGASKJAL nr....

**samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EEC(\*) sem fjallar um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til aðgerða gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla**

*(Tilskipun 72/306/EEC, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... .. /EEC)*

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutar eða aðskildar tækieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti): .....

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu<sup>(b)</sup>: .....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....

0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(c)</sup>: .....

0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki: .....

3. HREYFILL<sup>(d)</sup>

3.1. Framleiðandi: .....

3.1.1. Hreyfilmerki framleiðanda: (eins og það sem sett er á hreyfilinn eða annars konar auðkenni):

(\*) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera liða og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EEC. Liðum, sem varða ekki þessa tilskipun, er sleppt.



- 3.2.1.1 Vinnsluháttur: rafkveikja/þrýstikveikja, fjörgengishreyfill/tvígengishreyfill<sup>(1)</sup>
- 3.2.1.2 Fjöldi og fyrirkomulag strokka:
- 3.2.1.2.1. Borvídd(°): ..... mm
- 3.2.1.2.2. Slaglengd(°): ..... mm
- 3.2.1.2.3. Kveikiröð: .....
- 3.2.1.3. Slagrými(°): ..... cm<sup>3</sup>
- 3.2.1.4. Rúmmálsþrýstihlutfall<sup>(2)</sup>: .....
- 3.2.1.5. Teikningar af brunahólfi, bulluhöfði og, ef um er að ræða rafkveikjuhreyfil, bulluhringjum:
- 3.2.1.6. Hraði í hægagangi<sup>(2)</sup>: ..... min<sup>-1</sup>
- 3.2.1.8. Hámarksnettóafli (°): ..... kW við ..... min<sup>-1</sup> (uppgengið gildi framleiðanda)
- 3.2.1.9. Leyfilegur hámarkshraði hreyfils sem framleiðandi mælir fyrir um: ..... min<sup>-1</sup>
- 3.2.4. Eldsneytisgjöf
- 3.2.4.2. Með eldsneytisinnspýtingu (einungis fyrir ökutæki með þrýstikveikju): já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.2.4.2.1. Kerfis lýsing:
- 3.2.4.2.2. Vinnsluháttur: bein innspýting/forhitun/iðuhólf<sup>(1)</sup>
- 3.2.4.2.3. Inngjafardæla
- 3.2.4.2.3.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.4.2.3.2. Gerð(ir): .....
- 3.2.4.2.3.3. Hámarkseldsneytis kömmun<sup>(1)(2)</sup>: ..... mm<sup>3</sup>/slag eða hringur við dæluhraðann: ..... min<sup>-1</sup> eða, að öðrum kosti, línurit:
- 3.2.4.2.3.4. Tímastilling innspýtingar<sup>(2)</sup>: .....
- 3.2.4.2.3.5. Ferill fyrir tímastillingu innspýtingar<sup>(2)</sup>: .....
- 3.2.4.2.3.6. Kvörðunaraðferð: prófunarbekkur/hreyfill<sup>(1)</sup>
- 3.2.4.2.4. Gangráður
- 3.2.4.2.4.1. Gerð: .....
- 3.2.4.2.4.2. Lokunarpunktur
- 3.2.4.2.4.2.1. Lokunarpunktur undir álagi: ..... min<sup>-1</sup>
- 3.2.4.2.4.2.2. Lokunarpunktur án álags: ..... min<sup>-1</sup>
- 3.2.4.2.5. Leiðslur fyrir inngjöf
- 3.2.4.2.5.1. Lengd: ..... mm



- 3.2.4.2.5.2. Innanmál: ..... mm
- 3.2.4.2.6. Inngjöf eða -gjafir
- 3.2.4.2.6.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.4.2.6.2. Gerð(ir): .....
- 3.2.4.2.6.3. Þrýstingur við op <sup>(2)</sup>: ..... kPa eða einkennandi línurit<sup>(2)</sup>: .....
- 3.2.4.2.7. Kaldræsikerfi
- 3.2.4.2.7.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.4.2.7.2. Gerð(ir): .....
- 3.2.4.2.7.3. Lýsing: .....
- 3.2.4.2.9. Rafstýringareining
- 3.2.4.2.9.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.4.2.9.2. Lýsing kerfisins: .....
- 3.2.4.4. Eldsneytisdeila
- 3.2.4.4.1. Þrýstingur <sup>(2)</sup> ..... kPa eða einkennandi línurit<sup>(2)</sup>: .....
- 3.2.7. Kælikerfi (vökvi/loft) <sup>(1)</sup>
- 3.2.8. Inntakskerfi
- 3.2.8.1. Búnaður til að stjórna þrýstingi: já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.2.8.1.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.8.1.2. Gerð(ir): .....
- 3.2.8.1.3. Lýsing á kerfinu (t.d. hámarksþjöppunarálag: .....Pa, úttaksventill, ef við á: .....
- 3.2.8.2. Innbyggt millikælikerfi: já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.2.8.3. Undirþrýstingur í inntaki við nafnsnúningshraða hreyfils og við 100% álag
- leyfilegt lágmark: ..... kPa
- leyfilegt hámark: ..... kPa
- 3.2.8.4. Lýsing og teikningar af inntaksrörum og viðbótarbúnaði þeirra (yfirþrýstingshólf, hitunarbúnaður, viðbótarinntök fyrir loft o.s.frv.): .....
- 3.2.8.4.1. Lýsing á inntaksgrein (að meðtöldum teikningum og/eða ljósmyndum): .....
- 3.2.8.4.2. Loftsfá, teikningar: ..... , eða
- 3.2.8.4.2.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.8.4.2.2. Gerð(ir): .....



- 3.2.8.4.3. Inntakshljóðdeyfir, teikningar: ..... , eða
- 3.2.8.4.3.1. Tegund(ir): .....
- 3.2.8.4.3.2. Gerð(ir): .....
- 3.2.9. Útblásturskerfi
- 3.2.9.1. Lýsing og/eða teikning af útblástursgrein: .....
- 3.2.9.2. Lýsing og/eða teikning af útblásturskerfi: .....
- 3.2.9.3. Leyfður hámarksbakþrýstingur útblásturs við nafnsnúningsshraða hreyfils og 100% álag: ..... kPa
- 3.2.10. Lágmarkspversnið af inn- og úttaksrásum: .....
- 3.2.11. Tímastilling ventla eða jafngildar upplýsingar
- 3.2.11.1. Hámarkslyfting ventlanna, opnunar- og lokunarhorn eða upplýsingar um tímastillingar í annars konar dreifikerfum miðað við miðjustöðu. ....
- 3.2.11.2. Viðmiðunar- og/eða stillingarmörk <sup>(1)</sup>: .....
- 3.2.12. Ráðstafanir gegn loftmengun
- 3.2.12.2. Aðrar mengunarvarnir (ef einhverjar eru og falla ekki undir aðra liði): .....
- 3.2.12.2.1. Hvarfakútur: já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.2.12.2.1.1. Fjöldi hvarfakúta og eininga: .....
- 3.2.12.2.1.2. Stærð, lögun og rúmtak hvarfakúts eða -kúta: .....
- 3.2.12.2.1.3. Gerð hvörfunar: .....
- 3.2.12.2.1.4. Heildarmagn góðmálma: .....
- 3.2.12.2.1.5. Hlutfallslegur styrkleiki: .....
- 3.2.12.2.1.6. Ensímhvarfefni (bygging og efni): .....
- 3.2.12.2.1.7. Frumuþéttleiki: .....
- 3.2.12.2.1.8. Gerð húss utan um hvarfakút eða -kúta: .....
- 3.2.12.2.1.9. Staðsetning hvarfakúts eða -kúta (staður og viðmiðunarfjarlægð í útblásturskerfinu): .....
- 3.2.12.2.4. Útblásturshringrás: já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.2.12.2.4.1. Eiginleikar (loftstreymi o.s.frv.): .....
- 3.2.12.2.6. Sía fyrir agnir: já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.2.12.2.6.1. Stærð, lögun og rúmtak síu fyrir agnir: .....
- 3.2.12.2.6.2. Gerð og hönnun síu fyrir agnir: .....



3.2.12.2.6.3. Staðsetning (viðmiðunarlengd í útblásturskerfinu): .....

3.2.12.2.6.4. Aðferð eða kerfi við endurnýjun, lýsing og/eða teikning: .....

3.2.12.2.7. Önnur kerfi (lýsing og vinnsluháttur): .....

3.2.13. Staðsetning tákns fyrir gleypnistuðul (einungis fyrir hreyfla með þrýstikveikju): .....

#### 4. GÍRSKIPTING<sup>(\*)</sup>

4.3. Hverfitregða sveifluhjóls hreyfils: .....

4.3.1. Viðbótarhverfitregða þegar enginn gír er tengdur: .....

(Dagsetning, skrá)

(<sup>1</sup>) Stríkið yfir það sem á ekki við.

(<sup>2</sup>) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tækneiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

*Viðbót við 1. viðbæti*

### UPPLÝSINGAR UM PRÓFUNARSKILYRÐI

#### 1. SMUREFNI

1.1. Tegund: .....

1.2. Gerð: .....

(Sé smurefni blandað saman við eldsneytið skal tilgreina hundraðstölu olíunnar)

#### 2. AFKÖST HREYFILLSINS

2.1. Afl við mælipunktana sex sem um getur í lið 2.1 í III. viðauka: .....

2.1.1. Afl hreyfilsins mælt í prófunarbekk: .....

2.1.2. Afl mælt á hjólum ökutækisins: .....

Hreyfilhraði (min <sup>-1</sup> )	Mælt afl (kW)
1. ....	.....
2. ....	.....
3. ....	.....
4. ....	.....
5. ....	.....
6. ....	.....



2. viðbætur

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

**EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ**

Tilkynning um:

Stimpill yfirvalds

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- rýmkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- synjun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar<sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun ... /... /EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer: .....

Ástæða fyrir rýmkun: .....

**I. HLUTI**

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti: .....
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni<sup>(1)(2)</sup>: .....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(1)(3)</sup>: .....
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar: .....
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

**II. HLUTI**

- 1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á): Sjá viðbót
- 2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar: .....
- 3. Dagsetning prófunarskýrslu: .....
- 4. Númer prófunarskýrslu: .....
- 5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót
- 6. Staður: .....



7. Dagsetning: .....
8. Undirskrift: .....
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.
- 
- (<sup>1</sup>) Strikið yfir það sem á ekki við.
- (<sup>2</sup>) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).
- (<sup>3</sup>) Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

*Viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...*

*varðandi gerðarviðurkenningu ökutækis með hliðsjón af tilskipun 72/306/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB*

1. Viðbótarupplýsingar
- 1.1 Hreyfill
- 1.1.1. Hreyfilmerki framleiðanda (eins og það sem sett er á hreyfilinn eða annars konar auðkenni):
- 1.2. Niðurstöður úr prófunum
- 1.2.1. Við jafnan snúningshraða:

Hreyfilhraði (min <sup>-1</sup> )	Nafngildi loft-streymis G (lítrar/sek.)	Markgildi gleypni (m <sup>-1</sup> )	Mæld gleypni (m <sup>-1</sup> )
1. ....	.....	.....	.....
2. ....	.....	.....	.....
3. ....	.....	.....	.....
4. ....	.....	.....	.....
5. ....	.....	.....	.....
6. ....	.....	.....	.....

- 1.2.2. Við hröðun
- 1.2.2.1. Mælt gildi gleypnistuðuls:..... m<sup>-1</sup>
- 1.2.2.2. Leiðrétt gildi gleypnistuðuls:..... m<sup>-1</sup>
- 1.2.2.3. Staðsetning tákns fyrir gleypnistuðul á ökutækinu: .....



5. Athugasemdir .....

II. VIÐAUKI

23. II. viðauki falli brott.

III. VIÐAUKI

24. Liður 3.1.2:

„1. viðbæti við I. viðauka” komi í stað „II. viðauka”.

25. Liður 3.1.3:

„1. viðbæti við I. viðauka” komi í stað „II. viðauka”.

V. VIÐAUKI

26. Markgildi fyrir styrkleikastig brennisteins í töflunni verði svohljóðandi:

„hámark 0,05% miðað við massa”.

IX. VIÐAUKI

27. IX. viðauki verði II. viðauki.

X. VIÐAUKI

28. X. viðauki falli brott.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/48/08**

**nr. 29/98**  
**frá 30. apríl 1998**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/28/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/28/EB frá 11. júní 1997 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/756/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

**ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 76/756/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0028:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/28/EB frá 11. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 171, 30. 6. 1997, bls. 1).”.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 134, 7.5.1998, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 171, 30. 6. 1997, bls. 1.



**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/28/EB****frá 11. júní 1997****um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/756/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra(\*)****(Texti sem varðar EES)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópubingsins og ráðsins 96/79/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/756/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/663/EBE <sup>(4)</sup>, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 76/756/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem var tekin upp með tilskipun ráðsins 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, sem varða kerfi, fhlotu og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga við um þessa tilskipun.

Vegna tilskipunar 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal ásamt gerðarviðurkenningarvottorði samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun í því skyni að koma á tölvuskráningu gerðarviðurkenninga. Því ber að breyta gerðarviðurkenningarvottorðinu, sem kveðið er á um í tilskipun 76/756/EBE, til samræmis við þetta.

Nauðsynlegt er að einfalda aðferðina til þess að tilteknar sértilskipanir og samsvarandi reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu haldist jafngildar, eins og fjallað er um í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 70/156/EBE, þegar fyrrnefndum reglugerðum er breytt. Fyrsta skrefið er að láta tæknilegar kröfur reglugerðar nr. 48 koma í stað tæknilegra krafna tilskipunar 76/756/EBE með því að nota millivísanir.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 171, 30. 6. 1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 7.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 1.

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB nr. L 366, 31. 12. 1991, bls. 17.

Í því skyni að bæta umferðaröryggi á vegum hefur meðal annars verið ákveðið að uppsetning þriðja hemlaljóskers á ökutækjum í flokki M<sub>1</sub> verði lögboðin og að heimila valfrjálsa uppsetningu ljóskera fyrir dagljósabúnað í ökutækjum.

Nauðsynlegt er að kanna frekar valfrjáls ákvæði sem varða nothæfiskröfur sem eru gerðar til hvers einstaks ljósa- og ljósmerkjabúnaðar og uppsetningu slíks búnaðar á ökutækjum og eftirvögnum þeirra. Frumskilyrði er að ljúka nauðsynlegri tæknivinnu til þess að hraða megi frekari breytingum á tilskipun 76/756/EBE.

Vísad er til tilskipunar ráðsins 76/757/EBE <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/29/EB <sup>(6)</sup>.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með tilskipun 70/156/EBE.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 76/756/EBE:

1. Eftirfarandi komi í stað fyrsta málslíðar 4. gr.:

„Aðildarríki, sem hefur veitt EB-gerðarviðurkenningu, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að því berist upplýsingar um sérhverja breytingu á hlutum eða eiginleikum, sem um getur í skilgreiningu á gerð ökutækis, með tilliti til uppsetningar ljósa- og ljósmerkjabúnaðar.“

2. Viðauki við þessa tilskipun komi í stað viðaukanna við tilskipun 76/756/EBE.

(<sup>5</sup>) Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 32.

(<sup>6</sup>) Stjtið. EB nr. L 171, 30. 6. 1997, bls. 11.



**2. gr.**

1. Frá og með 1. janúar 1998 - eða, hafi birting textanna sem um getur í 3. gr. dregist fram yfir 1. júlí 1997, sex mánuðum eftir birtingardag textanna - er aðildarríkjunum óheimilt, af ástæðum sem varða uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar:

- að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða
- að banna að ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun,

ef ökutækin fullnægja kröfum tilskipunar 76/756/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. október 1998:

- skulu aðildarríkin hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningu, og
- er aðildarríkjunum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu,

fyrir gerð ökutækis af ástæðum sem varða uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar ef kröfum tilskipunar 76/756/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, er ekki fullnægt.

3. Frá og með 1. október 2000:

- skulu aðildarríkin líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar, og
- er aðildarríkjunum heimilt að synja um að ný ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun sem ekki fylgir samræmisvottorð í samræmi við tilskipun 70/156/EBE,

af ástæðum sem varða uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar ef kröfum tilskipunar 76/756/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, er ekki fullnægt.

**3. gr.**

Birta skal málsgreinar og viðauka reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (ECE) nr. 48, sem um getur í 1. lið í II. viðauka, í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* fyrir 1. júlí 1997.

**4. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1998. Hafi birting textanna sem um getur í 3. gr. dregist fram yfir 1. júlí 1997 ber aðildarríkjunum að uppfylla þessa skuldbindingu sex mánuðum eftir birtingardag textanna. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 1998 eða, hafi birting textanna sem um getur í 3. gr. dregist fram yfir 1. júlí 1997, sex mánuðum eftir birtingardag textanna.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**5. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**6. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. júní 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.



## VIÐAUKI

## „SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI: Stjórnsýsluákvæði um gerðarviðurkenningu

1. viðbætur: Upplýsingaskjal

2. viðbætur: Gerðarviðurkenningarvottorð

II. VIÐAUKI: Tæknilegar kröfur



## I. VIÐAUKI

### STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI UM GERÐARVIÐURKENNINGU

1. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKISGERÐAR
  - 1.1. Framleiðandi ökutækis skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis vegna uppsetningar ljósa- og ljósmerkjabúnaðar í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
  - 1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti.
  - 1.3. Láta ber tæknipjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi í té:
    - 1.3.1. dæmigert ökutæki fyrir gerðina sem á að viðurkenna.
2. VEITING EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR ÖKUTÆKISGERÐAR
  - 2.1. EB-gerðarviðurkenning skal veitt samkvæmt 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE ef viðeigandi kröfum er fullnægt.
  - 2.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í 2. viðbæti.
  - 2.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.
3. BREYTINGAR Á GERÐ OG Á VIÐURKENNINGUM
  - 3.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar gerðar eru breytingar á gerð ökutækis sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.
4. SAMRÆMI Í FRAMLEIÐSLU
  - 4.1. Almennt ber að gera ráðstafanir til að tryggja samræmi í framleiðslu í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.
  - 4.2. Mælt er fyrir um sérkröfur, að því er varðar þær prófanir sem gera skal, í 9. viðauka við skjölin sem um getur í 1. lið II. viðauka við þessa tilskipun.



*I. viðbætur*

**Upplýsingaskjal nr. ...**

**samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE sem fjallar um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til ljósa- og ljósmerkjabúnaðar (tilskipun 76/756/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB)(\*)**

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti, ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, hlutar eða aðskildar tækieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
  - 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
  - 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti): .....
  - 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu (b): .....
  - 0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....
  - 0.4. Ökutækjaflokkur (c): .....
  - 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
  - 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
  - 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki: .....
  - 1.8. Stýri, hægra eða vinstra megin<sup>(1)</sup> .....
  - 1.8.1. Ökutækið er búið til aksturs í hægri/vinstri<sup>(1)</sup> umferð .....
2. MASSAR OG MÁL (e) (í kg og mm)
  - 2.1. Hjólhaf eða -höf (við fullt álag) (f): .....
  - 2.4. Stærðarsvið ökutækisins (heildarmál) .....
  - 2.4.1. Fyrir undirvagn án yfirbyggingar
    - 2.4.1.1. Lengd (j): .....
    - 2.4.1.2. Breidd (k): .....
    - 2.4.1.2.1. Hámarksbreidd: .....
    - 2.4.1.2.2. Lágmarksbreidd: .....
    - 2.4.1.3. Hæð (án hleðslu)<sup>(1)</sup> (ef upphengjur eru stillanlegar fyrir hæð skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur): .....

(\*) Númer liða og neðanmálsgreina í þessu upplýsingaskjali svara til númera liða og neðanmálsgreina í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Liðum sem varða ekki þessa tilskipun er sleppt.



- 2.4.2. Fyrir undirvagn með yfirbyggingu
- 2.4.2.1. Lengd (j): .....
- 2.4.2.2. Breidd (k): .....
- 2.4.2.3. Hæð (án hleðslu)<sup>(1)</sup> (ef upphengjur eru stillanlegar fyrir hæð skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur): .....
- 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu, og með tengibúnaði ef um dráttarbifreið er að ræða í öðrum flokki en  $M_1$ , tilbúins til aksturs eða massi undirvagns með stýrishúsi ef framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu og/eða tengibúnað á (með kælivökva, olíu, eldsneyti, öllum öðrum vökvum nema frárennslisvatni, áhöldum, varahjól og ökumanni og, ef um er að ræða hópbifreiðar og langferðabifreiðar, massa starfsmanns í bifreiðinni (75 kg) ef sæti er í ökutækinu fyrir starfsmann) (o) (hámark og lágmark fyrir hvora gerð): .....
- .....
- 2.6.1. Dreifing massans milli ásanna og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, hleðsla á tengipunkt (hámark og lágmark): .....
- 2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu eins og framleiðandi hefur tilkynnt hann (y) (hámark og lágmark): .....
- 2.8.1. Dreifing massans milli ásanna og, ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, hleðsla á tengipunkt (hámark og lágmark): .....
3. HREYFILL (q)
- 3.2.5. Rafkerfi
- 3.2.5.1. Nafnspenna: ..... V, jákvæð/neikvæð jarðtenging<sup>(1)</sup>
6. FJÖÐRUN
- 6.2.1. Hallastilling: já/nei/valfrjáls<sup>(1)</sup>
- 6.6. Hjólbarðar og hjól
- 6.6.2. Efri og neðri mörk snúningsradíusa
- 6.6.2.1. 1. ás: .....
- 6.6.2.2. 2. ás: .....
- 6.6.2.3. 3. ás: .....
- 6.6.2.4. 4. ás: .....  
o.s.frv.



9. YFIRBYGGING
- 9.10.3. Sæti
- 9.10.3.1. Fjöldi .....
- 9.10.3.2. Staðsetning og fyrirkomulag: .....
10. LJÓSA- OG LJÓSMERKJABÚNAÐUR
- 10.1. Tafla yfir allan búnað: fjölda, tegund, undirtegund, gerðarviðurkenningarmerki, hámarksljósstyrk háljóskera, lit, gaumljós o.s.frv.: .....
- 10.2. Teikning af staðsetningu ljósa og ljósmerkjabúnaðar: .....
- 10.3. Fyrir hvert ljósker og hver glitaugu, sem tilgreind eru í tilskipun 76/756/EBE, skal veita eftirfarandi upplýsingar (ritaðar og/eða með skýringarmynd)
- 10.3.1. Teikning sem sýni stærð ljósflatar: .....
- 10.3.2. Aðferð til að skilgreina sýnilegt yfirborð (liður 2.10 í skjölunum sem um getur í 1. lið II. viðauka við tilskipun 76/756/EBE): .....
- 10.3.3. Viðmiðunarás og viðmiðunarmiðja: .....
- 10.3.4. Aðferð við notkun felliljóskera: .....
- 10.3.5. Sérstök ákvæði um festingar og raftengingar: .....
- 10.4. Lág ljósker: venjuleg stilling samkvæmt lið 6.2.6.1 í skjölunum sem um getur í 1. lið II. viðauka við tilskipun 76/756/EBE:
- 10.4.1. Gildi upphafsstillingar: .....
- 10.4.2. Álestrarstaður: .....
- 10.4.3. Lýsing/teikning<sup>(1)</sup> og gerð jafnvægisbúnaðar fyrir háljósker (t.d. sjálfvirkur, handvirk þrepstilling, samfelld stilling) .....
- 10.4.4. Stjórnubúnaður .....
- 10.4.5. Viðmiðunarmerki .....
- 10.4.6. Merki til að gefa hleðslástand til kynna .....

á einungis við  
umökutæki með  
jafnvægisbúnað fyrir  
háljósker



## 2. viðbætur

## FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

## EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Tilkynning um:

stimpill yfirvalds

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>,
- rýmkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>,
- synjun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>,
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar<sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun 76/756/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer: .....

Ástæða fyrir rýmkun: .....

## I. HLUTI

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti: .....
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni<sup>(1)(2)</sup>  
.....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(1)(3)</sup>: .....
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar: .....
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

## II. HLUTI

- 1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á): sjá viðbót
- 2. Tæknipjónusta sem annast prófanirnar: .....
- 3. Dagsetning prófunarskýrslu: .....
- 4. Númer prófunarskýrslu: .....
- 5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót



6. Staður: .....
  7. Dagsetning: .....
  8. Undirskrift: .....
  9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.
- 
- (<sup>1</sup>) Stríkið út það sem á ekki við.
  - (<sup>2</sup>) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).
  - (<sup>3</sup>) Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

*Viðbót*

**við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...**

**varðandi gerðarviðurkenningu á ökutæki með hliðsjón af tilskipun 76/756/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ... /... /EB**

1. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR
- 1.1 Skrá yfir valfrjáls ljósker sem er heimilt að setja upp á þessari gerð ökutækis:.....
5. ATHUGASEMDIR
- 5.1 Umsagnir um færanlega íhluta:.....



## II. VIÐAUKI

### TÆKNILEGAR KRÖFUR

1. Tæknilegar kröfur er að finna í 2. lið, liðum 2.2 til 2.25.2, 5. og 6. lið og í 3. til 9. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (ECE) nr. 48 þar sem eftirfarandi skjölum er steypst saman:

- breytingaröð nr. 01 með leiðréttingum<sup>(1)</sup>,
- 2. leiðrétting á breytingaröð nr. 01<sup>(2)</sup>,
- 1. viðbót við breytingaröð nr. 01 með leiðréttingum á breytingaröð nr. 01 og 1. leiðréttingu á 1. endurskoðun reglugerðar nr. 48<sup>(3)</sup>,
- 4. leiðrétting á breytingaröð nr. 01<sup>(4)</sup>,

þó þannig að:

- 1.1. skilja ber lið 2.4 þannig:

„„Óhlaðið ökutæki“: ökutæki tilbúið til aksturs, samanber skilgreiningu í lið 2.6 í 1. viðbæti við I. viðauka þessarar tilskipunar, án ökumanns.”;

- 1.2. vísun til 2. neðanmálsgreinar í lið 2.7.24 falli brott ásamt þeirri neðanmálsgrein;

- 1.3. yrðinguna „eyðublað fyrir tilkynningu (liður 10.1 í 1. viðauka)“, sem um getur í lið 5.19.1, ber að skilja þannig: „gerðarviðurkenningarvottorð (liður 5.1 í viðbót við 2. viðbæti við I. viðauka þessarar tilskipunar)”;

- 1.4. yrðinguna „Samningsaðilar að viðkomandi reglugerðum“ í 4. neðanmálsgrein við lið 6.2.9, sem er sett inn með tilvísunarskjali (3) ber að skilja sem „Aðildarríki”;

- 1.5. „reglugerð nr. 3“ í liðum 6.14.2, 6.15.2, 6.16.2 og 6.17.2 ber að skilja sem „tilskipun 76/757/EBE”;

- 1.6. vísun til 5. neðanmálsgreinar í lið 6.19 falli brott ásamt þeirri neðanmálsgrein;

- 1.7. skilja ber 1. neðanmálsgrein í 5. viðauka þannig:

„Að því er varðar skilgreiningar flokkanna vísast til A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE”.

2. Með fyrirvara um kröfurnar í 8. gr., einkum liðum 2. a og 2. c og 3. lið tilskipunar 70/156/EBE, kröfurnar í þessum viðauka og kröfurnar í sértilskipununum er óheimilt að setja upp annan ljósa- og ljósmerkjabúnað en þann sem er skilgreindur í liðum 2.7.1 til 2.7.24 í skjölunum sem er vísað til í 1. lið hér að framan.

( <sup>1</sup> )	E/ECE/324	}	endursk./47. viðb./1. endursk.
	E/ECE/TRANS/505 1.		
( <sup>2</sup> )	E/ECE/324	}	endursk./47. viðb./1. endursk./1. leiðr.
	E/ECE/TRANS/505 1.		
( <sup>3</sup> )	E/ECE/324	}	endursk./47. viðb./1. endursk./1. breyt.
	E/ECE/TRANS/505 1.		
( <sup>4</sup> )	E/ECE/324	}	endursk./47. viðb./1. endursk./2. leiðr.”
	E/ECE/TRANS/505 1.		



# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/48/09

nr. 30/98  
frá 30. apríl 1998

## um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/97 frá 4. október 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB frá 19. júní 1995 um reglur sem lúta að beitingu tilskipunar ráðsins 76/768/EBE að því er varðar undanþágu frá því að skrá innihaldsefni, eitt eða fleiri, í innihaldslýsingu sem notuð er við merkingu á snyrtivörum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 8. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/45/EB) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„9. **395 L 0017:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB frá 19. júní 1995 um reglur sem lúta að beitingu tilskipunar ráðsins 76/768/EBE að því er varðar undanþágu frá því að skrá innihaldsefni, eitt eða fleiri, í innihaldslýsingu sem notuð er við merkingu á snyrtivörum (Stjttíð. EB nr. L 140, 23. 6. 1995, bls. 26).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„a) Ef ákvörðun þar til bærð yfirvalds í aðildarríki ESB er véfengd af öðru aðildarríki ESB, skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 10. gr. tilskipunar ráðsins 76/768/EBE og tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um ákvörðun sína.

Ef ákvörðun þar til bærð yfirvalds í aðildarríki ESB er véfengd af EFTA-ríki:

- i) Skal EFTA-ríkið leggja rökstudda véfengingu sína fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.
- ii) Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að véfengingin sé ekki á rökum reist, að lokinni rannsókn samkvæmt málsmeðferð í samræmi við d-lið 4. gr. í bókun 1 við þennan samning, skal hún taka ákvörðun um að senda framkvæmdastjórninni ekki véfenginguna og tilkynna henni um ákvörðun sína.

Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að véfengingin sé á rökum reist skal hún senda framkvæmdastjórninni hana.

Framkvæmdastjórnin skal hefja málsmeðferðina sem um getur í 10. gr. tilskipunar ráðsins 76/768/EBE.

- v) Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um ákvörðun sína.
- vi) Ef framkvæmdastjórnin úrskurðar að véfengingin sé ekki á rökum reist er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um hana í samræmi við 111. gr. þessa samnings.

- c) Ef ákvörðun þar til bærð yfirvalds í EFTA-ríki er véfengd af öðru EFTA-ríki skal Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferð sem um getur í d-lið 4. gr. í bókun 1 við þennan samning. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína og skal framkvæmdastjórnin senda hana aðildarríkjum ESB.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 134.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 140, 23. 6. 1995, bls. 26.



d) Ef ákvörðun þar til bærð yfirvalds í EFTA-ríki er vefengd af aðildarríki ESB:

i) Skal aðildarríki ESB leggja rökstudda vefengingu sína fyrir framkvæmdastjórnina.

ii) Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að vefengingin sé ekki á rökum reist, að loknu samráði og viðeigandi málsmeðferð ef þörf krefur, skal hún taka ákvörðun um að senda Eftirlitsstofnun EFTA ekki vefenginguna og tilkynna henni um ákvörðun sína.

iii) Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að vefengingin sé á rökum reist skal hún senda Eftirlitsstofnun EFTA hana.

iv) Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í d-lið 4. gr. í bókun 1 við þennan samning.

v) Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína.

vi) Ef Eftirlitsstofnun EFTA úrskurðar að vefengingin sé ekki á rökum reist er framkvæmdastjórninni heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um hana í samræmi við 111. gr. þessa samnings.”.

b) Í viðauka við þessa tilskipun (Reglur um úthlutun skráningarnúmers sem um getur í 4. gr.) komi eftirfarandi liður aftan við 2. lið:

„3 Eftirfarandi númerum skal úthlutað til EFTA/EES-ríkjanna:

91 Ísland

92 Liechtenstein

93 Noregur.”.

## 2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*



## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/17/EB

frá 19. júní 1995

um reglur sem lúta að beitingu tilskipunar ráðsins 76/768/EBE að því er varðar undanþágu frá því að skrá innihaldsefni, eitt eða fleiri, í innihaldslýsingu sem notuð er við merkingu á snyrtivörum(\*)

(Texti sem varðar EES)

## FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/32/EB <sup>(2)</sup>, einkum g-lið 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að mæla fyrir um forsendur og skilyrði vegna undanþágu sem framleiðandi getur sótt um, með skírskotun til viðskiptaleyndar, frá því að skrá innihaldsefni, eitt eða fleiri, í þá lágmarksinnihaldslýsingu sem setja skal á umbúðir snyrtivöru eða, ef því verður ekki komið við, á meðfylgjandi fylgiseðil, merkimiða, borða eða kort.

Þótt slík undanþága sé veitt skulu standa óhaggaðar aðrar skuldbindingar samkvæmt tilskipun 76/768/EBE og ábyrgð sem kveðið er á um í þeim greinum tilskipunarinnar sem varða öryggi snyrtivara, í viðaukunum og í þeim ákvæðum sem lúta að upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að veita megí rétta lækni meðferð og að aðgangi innlendra eftirlitsyfirvalda að upplýsingum.

Undanþágan má ekki skerða öryggi neytenda.

Umsókn um undanþágu skal leggja fram í aðildarríki því sem varan er framleidd í eða þar sem hún er fyrst flutt inn á bandalagsmarkaðinn, og skal það ríki einnig hafa aðgang að upplýsingunum sem um getur í 7. gr. a tilskipunar 76/768/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 93/35/EBE <sup>(3)</sup>, í eftirlitsskygni.

Til að mat á umsókninni og eftirlit með henni verði fullnægjandi verða að fylgja henni allar nauðsynlegar upplýsingar um umsækjendur, um innihaldsefnið og áhrif þess á heilsu manna

þegar það er notað í snyrtivöru(r), og um fyrirhugaða notkun efnisins; enn fremur ástæður sem geta réttlætt undanþágu og heiti vörunnar sem efnið er notað í.

Af fjárhagsástæðum og með réttindi umsækjanda að leiðarljósi ber lögbæru yfirvaldi að svara umsókn hans sem skjóttast og má fresturinn ekki vera lengri en fjórir mánuðir nema sérstakar ástæður séu til. Synjun skal vera rökstudd og henni skulu fylgja skýrar upplýsingar um leiðir til áfrýjunar og áfrýjunarfrest.

Til þess að stuðla að gagnsæi og góðu eftirliti skal lögbært yfirvald úthluta öllum samþykktum umsóknum skráningartölu. Sú tala skal koma í stað efnisins í innihaldslýsingu þeirri sem um getur í g-lið 1. mgr. í 6. gr. tilskipunar 76/768/EBE.

Umsækjandi verður að tilkynna lögbæru yfirvaldi allar breytingar á einstökum efnisatriðum í upphaflegu umsókninni, og má yfirvaldið afturkalla undanþáguna í ljósi þeirra upplýsinga eða ef nýjar upplýsingar koma fram sem gera það nauðsynlegt af knýjandi ástæðum sem varða almannaeilbrigði.

Undanþáguna má veita til fimm ára hið mesta, en í sérstökum tilvikum má lengja þann frest um önnur þrjú ár hið mesta.

Til þess að unnt sé að hafa eftirlit með öryggi vörunnar og rétttri fullnustu tilskipunarinnar skal senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum fullnægjandi upplýsingar um ákvarðanir hins lögbæra yfirvalds. Slíkar ákvarðanir skulu jafnframt virtar á öllu yfirráðasvæði bandalagsins, nema sérstakar ástæður séu til annars.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með snyrtivörur.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 140, 23. 6. 1995, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

(2) Stjtið. EB nr. L 181, 15. 7. 1994, bls. 31.

(3) Stjtið. EB nr. L 151, 23. 6. 1993, bls. 32.



**1. gr.**

Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um aðrar skuldbindingar vegna tilskipunar 76/768/EBE og þá ábyrgð sem af henni leiðir, einkum 2., 4., 5., 7. (3. mgr.) og 7. gr. a.

**2. gr.**

Hver sá, sem framleiðir snyrtivöru eða er umboðsmaður framleiðanda, lætur framleiða fyrir sig snyrtivöru eða ber ábyrgð á markaðssetningu innfluttrar snyrtivöru í bandalaginu, og vill með skírskotun til viðskiptaleyndar falla frá því að skrá eitt eða fleiri innihaldsefni snyrtivöru í innihaldslýsingu þá, sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. í tilskipun 76/768/EBE, skal sækja um það hjá lögbæru yfirvaldi, sem um getur í 10. gr. þessarar tilskipunar, í því aðildarríki sem varan er framleidd í eða þar sem hún er fyrst flutt inn, áður en varan er sett á markað í bandalaginu.

**3. gr.**

Í umsókninni sem um getur í 2. gr. skulu vera eftirtaldar upplýsingar:

- a) Nafn umsækjanda eða fyrirtækisheiti og heimilisfang eða höfuðstöðvar.
- b) Nákvæmar upplýsingar um innihaldsefnið sem undanþágan á að ná til, þar á meðal:
  - CAS- og EINECS-númer, litaskrárnúmer, efnaheiti, IUPAC-heiti, INCI-heiti<sup>(1)</sup>, heiti í evrópsku lyfjaskránni, almennt heiti samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og heiti í sameiginlegri skrá yfir innihaldsefni, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 76/768/EBE, ef þessi heiti eru til,
  - ELINCS-heiti og opinbert númer sem efninu er úthlutað ef tilkynnt hefur verið um það samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE<sup>(2)</sup>, ásamt upplýsingum um samþykki eða synjun umsóknar um undanþágu samkvæmt 19. gr. þeirrar tilskipunar,
  - ef heiti eða númer, sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið, eru ekki til, t.d. þegar um ræðir tiltekin náttúruleg innihaldsefni, skal getið um heiti undirstöðuefnisins, heiti plöntuhlutans eða dýrahlutans og heiti efnisþátta í innihaldsefninu, t.d. leysiefna.
- c) Mat á því hvort innihaldsefnið er öruggt heilsu manna, eins og það er notað í fullunnar vörur, með hliðsjón af eiturefnafræðilegum eiginleikum efnisins, uppbyggingu þess og áreitisstiginu, samkvæmt því sem mælt er fyrir um í d-lið og e-lið 1. mgr. 7. gr. a og 2. mgr. 7. gr. a í tilskipun 76/768/EBE.

<sup>(1)</sup> Áður CTFE-heiti.

<sup>(2)</sup> Stjórn. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1.

- d) Fyrirhuguð notkun innihaldsefnisins, einkum vörflokkar sem það verður notað í.

- e) Ítarleg greinargerð fyrir ástæðum þess að sótt er um undanþágu, svo sem:

- að eiginleikum innihaldsefnisins eða áhrifum þess í snyrtivörunni, sem setja skal á markað, hafi ekki verið lýst í heimildum og séu þessir þættir ekki á vitorði annarra í atvinnugreininni,
- að upplýsingarnar séu ekki enn þá almenningseign, enda þótt sótt hafi verið um einkaleyfi fyrir innihaldsefnið eða notkun þess,
- að væru upplýsingarnar opinberar væri auðvelt að dreifa þeim og myndi það valda umsækjanda tjóni.

- f) Heiti allra þeirra vörutegunda, sem nota á efnið eða efnin í, séu þau þekkt, og nákvæmar upplýsingar um hvert heiti um sig ef nota á mismunandi heiti á bandalagsmarkaði.

Ef heiti vörunnar er ekki þekkt enn þá má tilkynna það síðar, þó eigi síðar en 15 dögum áður en varan er sett á markað. Ef innihaldsefnið er notað í margar vörutegundir er nægilegt að leggja fram eina umsókn, að því tilskildu að lögbært yfirvald fái skýrar upplýsingar um hverja vörutegund um sig.

- g) Yfirlýsing þar sem fram kemur hvort umsókn hefur verið send lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki vegna innihaldsefnisins sem umsóknin varðar, ásamt upplýsingum um niðurstöðu þeirrar umsóknar.

**4. gr.**

1. Þegar borist hefur umsókn um undanþágu í samræmi við 3. gr. skal hið lögbæra yfirvald taka umsóknina til meðferðar innan fjögurra mánaða og tilkynna umsækjanda ákvörðun sína skriflega. Ef umsóknin er samþykkt skal yfirvaldið einnig senda umsækjanda skráningartöluna, sem vörunni er úthlutað í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í viðaukanum. Við sérstakar aðstæður er lögbæru yfirvaldi þó heimilt að tilkynna umsækjanda skriflega að nauðsynlegt sé að lengja meðferð umsóknarinnar um tvo mánuði.

2. Synjun um undanþágu skal fylgja rökstuðningur; umsækjanda skulu látnar í té skýrar upplýsingar um áfrýjunarfrest og áfrýjunarfrest.



**5. gr.**

Skráningartalan sem um getur í 1. mgr. 4. gr. skal koma í stað viðkomandi innihaldsefnis í innihaldslýsingunni sem um getur í g-lið 1. mgr. í 6. gr. tilskipunar 76/768/EBE.

**6. gr.**

1. Allar breytingar á upplýsingum, sem lagðar eru fram samkvæmt 3. gr., skulu sendar svo skjótt sem verða má því lögbæra yfirvaldi sem veitti undanþáguna. Þegar breytingar eru gerðar á heitum snyrtivara, sem innihalda efnið, skal jafnan tilkynna það lögbæru yfirvaldi eigi síðar en 15 dögum áður en vörurnar eru markaðssettar undir nýju heiti.

2. Hinu lögbæra yfirvaldi er heimilt að afturkalla undanþágu með hliðsjón af breytingunum, sem um getur í 1. mgr., eða ef þörf er á samkvæmt nýjum upplýsingum, einkum af knýjandi ástæðum sem varða almannaeilbrigði. Yfirvaldið skal þá tilkynna umsækjanda nýja ákvörðun sína innan þess frests og í samræmi við þá málsmæðferð sem um getur í 4. gr.

**7. gr.**

Ákvörðun um undanþágu gildir í fimm ár.

Ef sá, sem undanþágu nýtur, telur að sérstakar ástæður séu til þess að lengja undanþágutímann, getur hann lagt fram rökstudda umsókn hjá því lögbæra yfirvaldi sem upphaflega veitti undanþáguna.

Lögbært yfirvald skal úrskurða um nýju umsóknina innan sama frests og að sömu skilyrðum uppfylltum og um getur í 4. gr.

Undanþágutímann má ekki lengja um meira en þrjú ár.

**8. gr.**

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum ákvarðanir sínar um undanþágu eða framlengingu á gildistíma hennar, og taka fram nafn eða fyrirtækisheiti og heimilisfang eða höfuðstöðvar umsækjenda, heiti snyrtivaranna sem innihalda efnið sem undanþágan er veitt fyrir og skráningartöluna sem um getur í 1. mgr. 4. gr.

Framkvæmdastjórnin og hin aðildarríkin geta, ef þau óska þess, fengið afrit af málsskjölum sem varða umsókn um undanþágu og ákvörðun lögbærs yfirvalds. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnin skulu stuðla að góðu samstarfi að því er þetta varðar sérstaklega.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum tilkynningu um rökstuddar ákvarðanir um að synja um undanþágu eða afturkalla hana, eða synja um lengingu undanþágutímans.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja, til að tryggja að trúnaðargögnum, sem þau öðlast vitneskju um, sé ekki dreift með óréttmætum hætti.

**9. gr.**

Aðildarríkin skulu virða ákvarðanir sem lögbært yfirvald tekur um undanþágu eða lengingu gildistíma.

Vilji aðildarríki engu að síður andmæla ákvörðun sem lögbært yfirvald í öðru aðildarríki hefur tekið, eftir að hafa fengið tilkynningu um hana eða afrit af málsskjölum í samræmi við reglur 1. mgr. 8. gr., er aðildarríkinu heimilt að óska eftir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmæðferðina í 10. gr. tilskipunar 76/768/EBE.

**10. gr.**

Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbær yfirvöld sem um getur í þessari tilskipun og tilkynna framkvæmdastjórninni um þau, og skal hún birta skrá yfir slík yfirvöld í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Aðildarríki er einnig heimilt að tilnefna lögbært yfirvald í öðru aðildarríki sem fellst á það, í sérstökum tilvikum, að taka að sér meðferð umsóknanna sem um getur í 2. gr.

**11. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. nóvember 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**12. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.



**13. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júní 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Emma BONINO***

framkvæmdastjóri.



## VIÐAUKI

**AÐFERÐ VIÐ ÚTHLUTUN SKRÁNINGARTÖLUNNAR SEM UM GETUR Í 4. GR.**

1. Skráningartalan sem um getur í 4. gr. er sjö tölustafir og sýna hinir tveir fyrstu árið sem undanþágan er veitt, næstu tveir eru einkennistala sem hverju aðildarríki er úthlutað samkvæmt 2. lið, en þrjá síðustu stafina ákveður hið lögbæra yfirvald.
2. Aðildarríkin fá eftirtalдар einkennistölur:
  - 01 Frakkland
  - 02 Belgía
  - 03 Holland
  - 04 Þýskaland
  - 05 Ítalía
  - 06 Breska konungsríkið
  - 07 Írland
  - 08 Danmörk
  - 09 Lúxemborg
  - 10 Grikkland
  - 11 Spánn
  - 12 Portúgal
  - 13 Finnland
  - 14 Austurríki
  - 15 Svíþjóð.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/48/10**

**nr. 31/98**  
**frá 30. apríl 1998**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/98 frá 27. mars 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/51/EB frá 6. október 1997 um breytingu á tilskipunum ráðsins 90/387/EBE og 92/44/EBE til að laga þær að samkeppnisumhverfi í fjarskiptum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 90/387/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 L 0051:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/51/EB frá 6. október 1997 (Stjtið. EB nr. L 295, 29. 10. 1997, bls. 23).”.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5b (tilskipun ráðsins 92/44/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0051:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/51/EB frá 6. október 1997 (Stjtið. EB nr. L 295, 29. 10. 1997, bls. 23).”.

**3. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/51/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**5. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

**F. Barbaso**

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 309 , 19. 11. 1998 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 295, 29. 10. 1997, bls. 23.



## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/51/EB

frá 6. október 1997

## um breytingu á tilskipunum ráðsins 90/387/EBE og 92/44/EBE til að laga þær að samkeppnisumhverfi í fjarskiptum(\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDBSINS  
HAFÁ,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 28. maí 1997,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 90/387/EBE frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptabjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum <sup>(4)</sup> er fjallað um samhfæingu skilyrða fyrir frjálsum og greiðum aðgangi að almennum fjarskiptanetum og, þar sem við á, fjarskiptabjónustu, svo og notkun þeirra. Í samræmi við fyrrnefnda tilskipun hefur ráðið samþykkt tilskipun 92/44/EBE frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur <sup>(5)</sup>.
- 2) Í ályktun ráðsins frá 22. júlí 1993 um endurskoðun aðstæðna á fjarskiptasviðinu og þörfina á frekari þróun þess markaðar <sup>(6)</sup>, sem skoða ber í tengslum við ályktun ráðsins frá 22. desember 1994 um meginreglur og tímaáætlun varðandi afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum <sup>(7)</sup>, er hvatt til afnáms hafta á fjarskiptabjónustu og -grunnvirkjum fyrir

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 295, 29. 10. 1997, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 62, 1. 3. 1996, bls. 3 og Stjtið. EB C 291, 4. 10. 1996, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 204, 15. 7. 1996, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stjtið. EB C 166, 10. 6. 1996, bls. 87), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. september 1996 (Stjtið. EB C 315, 24. 10. 1996, bls. 41) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. desember 1996 (Stjtið. EB C 20, 20. 1. 1997, bls. 55). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. júlí 1997. Ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 1997.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 192, 24. 7. 1990, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 165, 19. 6. 1992, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/439/EB (Stjtið. EB L 181, 15. 7. 1994, bls. 40).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB C 213, 6. 8. 1993, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB C 379, 31. 12. 1994, bls. 4.

1. janúar 1998 (með aðlögunartíma fyrir tiltekin aðildarríki). Evrópuþingið studdi þetta með ályktun sinni frá 20. apríl 1993 um endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1992 á aðstæðum á fjarskiptasviðinu <sup>(8)</sup> og ályktun sinni frá 19. maí 1995 um grænbókina um afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum og kapalsjónvarpsnetum (II. hluta) <sup>(9)</sup>.

3) Í ályktun ráðsins frá 22. júlí 1993 er litið á það sem eitt helsta takmark fjarskiptastefnu bandalagsins að alls staðar í bandalaginu verði beitt, með tilliti til frekara afnáms hafta, meginreglunum um frjálstan aðgang að netum og þær samstilltar eftir þörfum, hvað varðar þau fyrirtæki sem þær taka til, að því er varðar altæka þjónustu, samtengingu og aðgangsgjöld og frekari málefni er koma til með að snerta skilyrði fyrir leyfisveitingu. Í ályktun ráðsins frá 18. september 1995 um setningu rammaákvæða fyrir fjarskipti <sup>(10)</sup> var framkvæmdastjórnin hvött til þess, í samræmi við tímaáætlunina, sem lögð var fram í ályktunum ráðsins frá 22. júlí 1993 og 22. desember 1994, að leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið, fyrir 1. janúar 1996, öll lagaákvæði sem eiga að mynda lagaramma á evrópskum vettvangi fyrir fjarskipti í tengslum við algert afnám hafta á þessu sviði, einkum að því er varðar aðlögun ráðstafana vegna frjáls aðgangs að netum að samkeppnisáðstæðum í framtíðinni.

4) Í ályktun Evrópuþingsins frá 6. maí 1994 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, en henni fylgdi tillaga að ályktun ráðsins um meginreglur um altæka þjónustu á fjarskiptasviðinu <sup>(11)</sup>, er lögð áhersla á að meginreglurnar um altæka þjónustu séu afar mikilvægar. Í ályktun ráðsins frá 7. febrúar 1994 um altækar meginreglur varðandi þjónustu

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB C 150, 31. 5. 1993, bls. 39.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB C 151, 19. 6. 1995, bls. 479.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB C 258, 3. 10. 1995, bls. 1.

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB C 205, 25. 7. 1994, bls. 551.



á fjarskiptasviðinu [sic] <sup>(1)</sup> er kveðið á um grunnskilgreiningu á altækri þjónustu og aðildarríkin hvött til að setja og viðhalda viðeigandi rammaákvæðum til að tryggja altæka þjónustu á öllu yfirráðasvæði sínu. Eins og ráðið viðurkenndi með þeirri ályktun þarf hugmyndin um altæka þjónustu að þróast í takt við tækniframfarir, þróun markaðarins og breyttar kröfur notenda. Altæk þjónusta í fjarskiptum mun hafa hlutverki að gegna við að auka félagslega og efnahagslega samheldni, einkum á svæðum í bandalaginu sem eru einangruð, afskekkt, án aðgangs að sjó eða í dreifbýli og á eyjum. Þar sem ástæður leyfa geta markaðsaðilar skipt með sér nettókostnaðinum sem hlýst af skuldbindingum um altæka þjónustu í samræmi við lög bandalagsins.

- 5) Breyta þarf grunnreglunum um aðgang að almennum fjarskiptanetum og -þjónustu, og notkun þeirra, sem settar eru fram innan ramma frjáls aðgangs að netum, þannig að tryggð sé þjónusta án hafta um alla Evrópu, til að hún gagnist notendum og fyrirtækjum sem reka almenn fjarskiptanet og/eða -þjónustu. Í umhverfi án hafta verður viðeigandi að beita valfrjálsri aðferð sem byggist á sameiginlegum tæknistöðlum og -forskriftum og þar sem haft er samráð, þegar þess gerist þörf til að sinna þörfum notenda. Engu að síður þarf að tryggja að veitt sé altæk þjónusta og að allir notendur í bandalaginu hafi aðgang að lágmarksþjónustu í samræmi við gildandi ráðstafanir bandalagsins. Þörf er á almennum ramma fyrir samtengingu við almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu til að enda á milli megi tryggja notendum í bandalaginu að þjónusta sé rekstrarsamhæfð.
- 6) Skilyrði fyrir frjálsu aðgangi að netum mega ekki takmarka notkun eða aðgang að almennum fjarskiptanetum eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, nema af ástæðum er varða grunnkröfur eða vegna þess að beitt sé sérstökum réttindum eða einkarétti sem aðildarríkin halda í samræmi við lög bandalagsins.
- 7) Ákvæði þessarar tilskipunar koma ekki í veg fyrir að aðildarríki grípi til ráðstafana sem eru réttlættað með ástæðum sem raktar eru í 36. og 56. gr. sáttmálans, einkum vegna almannaöryggis, allsherjarreglu og almenns siðferðis.
- 8) Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag <sup>(2)</sup> um ráðstafanir sem lúta að framkvæmd gerða sem samþykktar eru í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum.
- 9) Í samræmi við meginregluna um aðskilnað eftirlits- og rekstrarhlutverks ber aðildarríkjunum að tryggja sjálfstæði innlendra eftirlitsyfirvalda með það í huga að tryggja að þau taki óhlutdrægar ákvarðanir, og að tryggja að innlend

eftirlitsyfirvöld í hverju aðildarríki gegni lykilhlutverki í framkvæmd rammaákvæðanna sem sett eru í viðeigandi löggjöf bandalagsins. Þessi krafa um sjálfstæði hefur ekki áhrif á sjálfræði stofnana og stjórnskipulegar skyldur aðildarríkjanna, né á meginregluna um hlutleysi að því er varðar reglur um eignarhaldskerfi í aðildarríkjunum í samræmi við 222. gr. sáttmálans. Rétt er að innlend stjórnsýsluyfirvöld ráði yfir öllu nauðsynlegu starfsliði, sérþekkingu og fjármunum til að þau geti rækt starfsemi sína.

- 10) Númerakerfi og almennar pósthaf- og nafngjafir gegna mikilvægu hlutverki. Ef fylgt er samhæfðri aðferð við úthlutun númera og pósthafa og, þar sem við á, nafngjafir, mun það stuðla að samskiptum neytenda enda á milli um alla Evrópu og að rekstrarsamhæfi þjónustu. Auk númeraúthlutunar kann að vera rétt að beita meginreglunum um hlutlægni, gagnsæi og jafnræði ásamt hlutfallsreglunni við úthlutun nafna og pósthafa. Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB frá 13. mars 1996 um breytingu á tilskipun 90/388/EEB að því er varðar afnám samkeppnishafa á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu <sup>(3)</sup> er kveðið á um að nóg skuli vera til af númerum fyrir fjarskiptaþjónustu og að úthluta skuli númerum á hlutlægan og gagnsæjan hátt, án mismununar og samkvæmt hlutfallsreglu.
- 11) Til að tryggja megi framboð leigulína um allt bandalagið ber aðildarríkjunum að sjá til þess að notendur alls staðar á yfirráðasvæðum þeirra hafi aðgang að lágmarksleigulínum frá einu fyrirtæki hið minnsta. Aðildarríkin skulu tilnefna fyrirtæki sem ber skylda til að útvega leigulínur. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau fyrirtæki sem heyra undir þessa tilskipun, þær gerðir leigulína sem falla undir lágmarkið sem þeim er skylt að útvega, og landsvæðið þar sem þessi krafa gildir. Á tilteknu landsvæði eru allar þær gerðir leigulína, sem tilkynnt fyrirtæki útvegar, háðar almennum ákvæðum þessarar tilskipunar.
- 12) Markaðsstaða fyrirtækis er háð ýmsum þáttum, þar á meðal markaðshlutdeild þess fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu á landfræðilega markaðinum, sem um ræðir, veltu þess miðað við stærð markaðarins, getu þess til að hafa áhrif á markaðsaðstæður, yfirráðum þess yfir leiðum til að nálgast notendur, aðgangi þess að fjármagni og reynslu af því að bjóða upp á vörur og þjónustu á markaðinum. Rétt er að innlend eftirlitsyfirvöld ákvarði hvaða fyrirtæki hafi sterka markaðsstöðu, og taki við það mið af aðstæðum á viðkomandi markaði.
- 13) Hugmyndin um leigulínuþjónustu mun þróast í takt við tækniframfarir og breyttar markaðskröfur og við það fá notendur möguleika á að nota bandbreiddina á sveigjanlegri hátt.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 48, 16. 2. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 102, 4. 4. 1996, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 74, 22. 3. 1996, bls. 13.



- 14) Til að koma megi á skilvirkari samskiptum innan bandalagsins er mikilvægt að aðildarríkin hvetji til þess að sett verði upp samhæfð viðbótarsamstæða af háþróaðri leigulínum, að teknu tilliti til krafna markaðarins og framfara í stöðlunarmálum.
- 15) Þar til komið hefur verið á virku samkeppnisumhverfi er þörf á opinberu eftirliti með töxtum fyrir leigulínur með það fyrir augum að tryggja að kostnaðar- og gagnsæissjónarmið séu virt í samræmi við hlutfallsregluna. Rétt er að heimila að litið sé fram hjá kröfunni um tilkostnað og gagnsæi á tilteknum mörkuðum ef ekkert fyrirtæki hefur sterka markaðsstöðu eða virk samkeppni tryggir sanngjarna taxa fyrir leigulínur.
- 16) Í sameiginlegu tæknilegu reglugerðunum sem samþykktar voru með tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi <sup>(1)</sup>, og tilskipun ráðsins 93/97/EBE frá 29. október 1993 um viðbót við tilskipun 91/263/EBE að því er varðar gervihnattajarðstöðvarbúnað <sup>(2)</sup> eru skilgreind skilyrði fyrir tengingu notendabúnaðar við leigulínur.
- 17) Rétt er að gerðar verði vissar breytingar á þeim ráðstöfunum sem fyrir eru vegna frjáls aðgangs að netum til þess að tryggja að þær séu í samræmi við nýjustu tækni og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem verða hluti og heildarlaga-rammanum um fjarskipti.
- 18) Fjallað hefur verið um öll þau svið, sem til greina kemur samkvæmt I. viðauka við tilskipun 90/387/EBE að ákvæði um frjálsan aðgang að netum gildi um, í greiningarskýrslum sem opin umræða hefur farið fram um, í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 4. gr. þeirrar tilskipunar. Allar forgangsráðstafanirnar, sem tilgreindar eru í III. viðauka við hana, hafa verið samþykktar.
- 19) Til að framkvæmdastjórnin geti sinnt því eftirlitsstarfi sem henni er falið í sáttmálanum þarf að tilkynna henni skjótt um breytingar á innlendu eða innlendum eftirlitsyfirvöldum og þau fyrirtæki sem þetta snertir.
- 20) Í samræmi við dreifræðisregluna og hlutfallsregluna, eins og þær eru settar fram í 3. gr. b í sáttmálanum, geta aðildarríkin ekki náð því markmiði að laga tilskipanir 90/387/EBE og 92/44/EBE að samkeppnisumhverfi í fjarskiptum og því er bandalagið betur í stakk búið til þess.
- 21) Endurskoða ber hvernig tilskipanir 90/387/EBE og 92/44/EBE hafa reynst í framkvæmd eigi síðar en 31. desember 1999. Við endurskoðunina skal tekið tillit til aukinna áhrifa samkeppni á fjarskiptamörkuðum.

- 22) Þegar lagðar eru til frekari ráðstafanir í þágu markmiða þessarar tilskipunar skal taka tillit til eins samsteypst texta, sem inniheldur allar viðeigandi tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins sem fjalla um framkvæmd ákvæða um frjálsan aðgang að netum, til að gera löggjöf bandalagsins gagnsæri.
- 23) Samkvæmt 52. og 59. gr. sáttmálans skal stjórnsýslu-fyrirkomulagið á sviði fjarskipta vera samrýmanlegt og samkvæmt meginreglunum um staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu og taka tillit til þess að nauðsynlegt er að auðveldara verði að veita nýja þjónustu og breiða út notkun tækninýjunga.

## HAFI SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### 1. gr.

### Breyting á tilskipun 90/387/EBE

Tilskipun 90/387/EBE er breytt sem hér segir:

#### 1. Breyta skal 1. gr. sem hér segir:

##### a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Skilyrðunum sem nefnd eru í 1. mgr. er ætlað að auðvelda rekstur almennra fjarskiptaneta og/eða almennrar fjarskiptaþjónustu, innan og á milli aðildarríka, einkum þjónustu sem veitt er af félögum, fyrirtækjum og einstaklingum með staðfestu í öðru aðildarríki en það félag, fyrirtæki eða einstaklingur sem þjónustan er ætluð.

##### b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum skulu miða að því að:

- tryggja að lágmarkssamstæða þjónustu sé fáanleg,
- tryggja aðgang og samtengingu við almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu,
- hvetja til að veitt sé samhæfð fjarskiptaþjónusta í þágu notenda, einkum með því að benda á samhæfða tæknilega skilfleti fyrir opinn og skilvirkan aðgang og samtengingu og tengda staðla og/eða forskriftir, og stuðla með valfrjálsum aðferðum að notkun þeirra, og
- tryggja að veitt sé altæk þjónusta í fjarskiptum auk þess sem tillit skal tekið til þróunar mála í framtíðinni.“



## 2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „notendur”: einstaklingar, einnig neytendur, eða fyrirtæki sem nota eða biðja um fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg;

2. „fjarskiptanet”: sendibúnaður og, ef við á, skiptibúnaður og annar aðbúnaður sem gerir kleift að flytja merki milli skilgreindra tengipunkta með rafþræði, með útvarpsbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum;

„almennt fjarskiptanet”: fjarskiptanet sem notað er, í heild eða að hluta, til að veita fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg;

3. „fjarskiptaþjónusta”: þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að senda og beina merkjum um almennt fjarskiptanet, að undanskildum hljóðvarps- og sjónvarps-sendingum til almennings;

4. „altæk þjónusta”: skilgreind lágmarkssamstæða þjónustu með tilgreindum gæðum sem allir notendur eiga kost á óháð staðsetningu og, miðað við tilteknar innlendar aðstæður, á viðráðanlegu verði;

5. „nettengipunktur”: raunverulegur punktur þar sem notanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu ákveða staðsetningar nettengipunkta og þær skulu teljast mörk fjarskiptanetsins, að því er varðar stjórnsýslu;

6. „grunnkröfur”: sjónarmið sem varða almannaeðlis og geta valdið því að aðildarríki setji skilyrði fyrir stofnun og/eða rekstri almennra fjarskiptaneta eða framboðs á almennri fjarskiptaþjónustu. Þessi sjónarmið varða rekstraröryggi netsins, samstæði þess og, í rökstuddum tilvikum, rekstrarsamhæfi þjónustugreina, gagnavernd, verndun umhverfis og skipulag bæja og sveita, svo og skilvirka notkun tíðnisviðsins og það að forðast skaðlegar rafsegultruflanir milli fjarskiptakerfa, sem byggjast á útvarpsbylgjum, og annarra kerfa í geimnum eða á jörðu niðri. Gagnavernd getur tekið til verndar persónu-upplýsinga, leyndar upplýsinga sem sendar eru eða geymdar, svo og til verndar einkalífsins;

7. „samtenging”: efnisleg og rökleg tenging fjarskiptaneta, sem eru notuð af sama eða öðru fyrirtæki, til að gera notendum eins fyrirtækis kleift að hafa samskipti við notendur sama eða annars fyrirtækis eða að nálgast þjónustu sem önnur fyrirtæki veita. Þjónustuna geta þeir sem eru viðriðnir málið veitt eða aðrir aðilar sem hafa aðgang að netinu;

8. „skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum”: skilyrði, samhæfð í samræmi við þessa tilskipun, sem gilda um opinn og virkan aðgang að almennum fjarskiptanetum og, þar sem við á, almennri fjarskiptaþjónustu og um skilvirka notkun nefndra neta og þjónustu.

Án þess að það hafi áhrif á beitingu þeirra í einstökum tilvikum er heimilt að hafa í skilyrðum fyrir frjálsum aðgangi að netum samhæfð skilyrði að því er varðar:

- tæknilega skilfleti, ásamt skilgreiningu og útfærslu nettengipunkta, ef með þarf,

- notkunarskilyrði,

- meginreglur um taxta og

- aðgang að tíðnisviðum og númerum/póstföngum/nöfnum, ef með þarf í samræmi við viðmiðunarramma viðaukans;

9. „tækniforskriftir”, „staðlar” og „endabúnaður” hafa sömu merkingu og í 1. gr. tilskipunar 91/263/EBE (\*).

(\*) Stjótt. EB L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.”

## 3. Breyta skal 3. gr. sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum skulu ekki takmarka aðgang að almennum fjarskiptanetum eða almennri fjarskiptaþjónustu, nema á grundvelli grunnkrafna innan ramma bandalagslaga. Að auki skulu gilda þau skilyrði sem almennt gilda um tengingu endabúnaðar við net.

3. Í skilyrðum fyrir frjálsum aðgangi að netum er ekki heimilt að gera ráð fyrir viðbótartakmörkunum á notkun almennra fjarskiptaneta og/eða almennrar fjarskiptaþjónustu, nema þeim sem samrýmast lögum bandalagsins.”

b) Ákvæði 4. mgr. falli niður.



c) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Með fyrirvara um ákvæði tiltekinna tilskipana á sviði frjáls aðgangs að netum, og að því marki sem beiting grunnkrafna sem um getur í 2. mgr. getur orðið til þess að aðildarríki takmarki aðgang að almennum fjarskiptanetum eða -þjónustu, skal framkvæmdastjórnin ákveða, ef við á, í samræmi við málsmæðferðina í 10. gr., reglur um samræmda beitingu grunnkrafna, einkum að því er varðar rekstrarsamhæfi þjónustugreina og gagnavernd.“

4. Ákvæði 4. gr. falli niður.

5. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

1. Birta skal tilvísanir í staðla og/eða forskriftir, sem samdar eru sem grundvöllur fyrir samhæfða tæknilega skilfleti og/eða þjónustuþætti vegna frjáls aðgangs að netum, í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, þannig að þær henti kröfunni um opin og virkan aðgang, samtengingu og rekstrarsamhæfi, til að stuðla að því að um allt bandalagið sé veitt samhæfð fjarskiptaþjónusta, til hagsbóta fyrir notendur.

Ef með þarf er framkvæmdastjórninni heimilt að fara fram á að evrópskar staðlastofnanir senji staðla, að höfðu samráði við nefndina sem um getur í 9. gr.

2. Aðildarríkin skulu hvetja til þess að staðlarnir og/eða forskriftirnar, sem vísað er til í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í samræmi við 1. mgr., séu notaðar þegar komið er upp tæknilegum skilflötum og/eða netaðgerðum.

Þar til slíkir staðlar og/eða forskriftir hafa verið samþykktir skulu aðildarríkin hvetja til notkunar:

- staðla og/eða forskrifta sem evrópskar staðlastofnanir á borð við Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) eða sameiginlegu evrópsku staðlastofnunina, Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) hafa samþykkt,

eða, ef slíkir staðlar og/eða forskriftir eru ekki til,

- alþjóðlegra staðla eða tilmæla sem Alþjóðafjarskipta-sambandið (ITU), Alþjóðlega staðlastofnunin (ISO) eða Alþjóðlega raftækniráðið (IEC) hafa samþykkt,

eða, ef slíkir staðlar og/eða forskriftir eru ekki til,

- innlendra staðla og/eða forskrifta.

3. Ef beiting staðlanna og/eða forskriftanna sem um getur í 1. mgr. virðist ekki nægja til að tryggja rekstrarsamhæfi þjónustu yfir landamæri í einu eða fleiri aðildarríkjum, er heimilt að gera beitingu slíkra staðla og/eða forskrifta skyldubundna með málsmæðferðinni sem mælt er fyrir um í 10. gr., að því marki sem bráðnauðsynlegt er til að tryggja slíkt rekstrarsamhæfi og auka valfrelsi notenda, samanber þó 85. og 86. gr. í sáttmálanum.

Áður en beiting staðlanna og/eða forskriftanna er gerð skyldubundin í samræmi við fyrstu undirgrein skal framkvæmdastjórnin bjóða öllum hlutaðeigandi aðilum að gera athugasemdir opinberlega, með því að birta auglýsingu þess efnis í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að samhæfðu staðlarnir og/eða forskriftirnar sem um getur í 1. mgr. falli ekki að markmiðinu um opin og virkan aðgang, samtengingu og rekstrarsamhæfi, einkum grunnreglunum og grunnkröfunum sem um getur í 3. gr., skal ákveða hvort nauðsynlegt sé að afturkalla tilvísanir í þá staðla og/eða forskriftir í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 10. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um slíkar ákvarðanir og birta upplýsingar um afturköllun staðlanna og/eða forskriftanna í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

1. Ef fleiri en einn aðili sinna verkefnunum sem innlendum eftirlitsyfirvöldum eru falin í löggjöf bandalagsins skulu aðildarríkin sjá til þess að verkefnin, sem hver og einn aðili sinnir, séu gerð opinber.

2. Til að tryggja sjálfstæði innlendra eftirlitsyfirvalda:

- skulu innlend eftirlitsyfirvöld vera lagalega aðgreind frá öllum fyrirtækjum sem veita aðgang að fjarskiptanetum, -búnaði eða -þjónustu og starfa óháð þeim,

- skulu aðildarríki, sem viðhalda eignarhaldi eða verulegum yfirráðum yfir fyrirtækjum sem reka fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu, tryggja að eftirlitsstarfsemi sé kirfilega aðskilin frá starfsemi sem tengist eignarhaldi eða yfirráðum, að því er varðar allt skipulag.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að innanlands séu til aðferðir sem veita aðilum, sem tiltekin ákvörðun innlendu eftirlitsyfirvaldanna varðar, rétt til að áfrýja til stofnunar sem er óháð aðilunum sem í hlut eiga.



4. Aðildarríkjnum er heimilt að grípa til aðgerða til að tryggja að innlend eftirlitsyfirvöld geti fengið allar upplýsingar, sem þau þurfa til að beita löggjöf bandalagsins, frá fyrirtækjum sem veita aðgang að fjarskiptanetum og/eða -þjónustu.”

7. Ákvæði 6. og 7. gr. falli niður.

8. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Framkvæmdastjórnin skal kanna hvernig til tekst með framkvæmd þessarar tilskipunar og leggja skýrslu um málið fyrir Evrópuþingið og ráðið, í fyrsta sinn eigi síðar en 31. desember 1999. Skýrslan skal meðal annars byggja á upplýsingum sem aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni og nefndinni sem um getur í 9. og 10. gr. Ef með þarf skal kanna í skýrslunni hvaða ákvæðum þessarar tilskipunar beri að breyta í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á markaðinum. Gera má tillögur um frekari ráðstafanir í skýrslunni til að stuðla enn betur að því að markmið þessarar tilskipunar náist. Í skýrslunni skal framkvæmdastjórnin enn fremur kanna hvort hagstætt sé að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi til að sinna þeim verkefnum sem í ljós kæmi að betra væri að sinna á vettvangi bandalagsins.”

9. Í annarri undirgrein 1. mgr. 9. gr. komi „fyrirtækja, sem reka almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg” í stað „fjarskiptafyrirtækja”.

10. Ákvæði I. og III. viðauka falli brott.

11. Í stað II. viðauka komi I. viðauki við þessa tilskipun.

## 2. gr.

### Breytingar á tilskipun 92/44/EEC

Tilskipun 92/44/EEC er breytt sem hér segir:

1. Í allri tilskipuninni komi „fyrirtæki sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um í samræmi við 1. mgr. a í 11. gr.” í stað „fjarskiptafyrirtækja”.

2. Við 1. gr. bætist eftirfarandi málsgreinar:

„Aðildarríkin skulu sjá til þess að alls staðar á yfirráðasvæði þeirra sé að minnsta kosti eitt fyrirtæki háð skilyrðum þessarar tilskipunar.

Aðildarríkin skulu tryggja að skuldbindingar, sem stafa af þessari tilskipun, séu ekki lagðar á fyrirtæki, sem ekki hafa sterka markaðsstöðu á leigulínumarkaðinum sem um ræðir, nema ekkert fyrirtæki hafi sterka markaðsstöðu á þeim leigulínumarkaði í tilteknu aðildarríki.”

3. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

### Skilgreiningar

1. Skilgreiningarnar í tilskipun 90/387/EEC, eins og henni var breytt með tilskipun 97/51/EB (\*), gilda um þessa tilskipun eftir því sem við á.

2. Að auki skal merking eftirfarandi hugtaka í þessari tilskipun vera sem hér segir:

- „leigulínur”: fjarskiptabúnaður þar sem boðið er upp á gagnsæja flutningsgetu milli nettengipunkta án þess að biðja þurfi um tengingu (þ.e. notandi getur stýrt tengingum sem hluta af leigulínuframboðinu),

- „nefnd um frjálsan netaðgang”: nefndin sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar 90/387/EEC,

- „innlent eftirlitsyfirvald”: aðilinn sem um getur í 5. gr. a í tilskipun 90/387/EEC.

3. Í þessari tilskipun telst fyrirtæki hafa sterka markaðsstöðu ef markaðshlutdeild þess fyrir viðkomandi leigulínur í tilteknu aðildarríki er 25% eða stærri. Meta skal markaðinn fyrir viðkomandi leigulínur á grundvelli þeirra gerða leigulína sem í boði eru á tilteknu landsvæði. Þetta landsvæði getur náð yfir allt yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess.

Innlendum eftirlitsyfirvöldum er heimilt að ákveða að fyrirtæki, sem hefur minni markaðshlutdeild en 25% í markaðinum fyrir viðkomandi leigulínur, hafi sterka markaðsstöðu. Þeim er einnig heimilt að ákveða að fyrirtæki, sem hefur 25% markaðshlutdeild eða meiri í markaðinum fyrir viðkomandi leigulínur, hafi ekki sterka markaðsstöðu.

Í báðum tilvikum skal tekið tillit til getu fyrirtækisins til að hafa áhrif á skilyrði á leigulínumarkaðinum, veltu þess í samanburði við stærð markaðarins, aðgangi þess að fjármagni og reynslu af því að bjóða upp á vörur og þjónustu á markaðinum.

4. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars málslíðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Birta skal breytingar á framboði þjónustu og upplýsingar um nýtt framboð eins fljótt og auðið er. Innlenda eftirlitsyfirvaldinu er heimilt að mæla fyrir um hæfilegan tilkynningarfrest.”

b) Ákvæði 3. mgr. falli brott.

(\*) Stjóð. EB L 295, 29. 10. 1991, bls. 23.”



## 5. Í stað fyrstu undirgreinar annars liðar í 4. gr. komi eftirfarandi:

„- dæmigerðan afgreiðslufrest, en hann er talinn frá þeim degi er notandi lagði fram ákveðna beiðni um leigulínu og fram að þeim tíma er 95% allra leigulína af sömu gerð hafa verið settar upp hjá notendum.”

## 6. Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar takmarkanir eru settar á aðgang og notkun leigulína séu þær í samræmi við lög bandalagsins og að þessar takmarkanir séu settar fram með bindandi forskriftum af innlendum eftirlitsyfirvöldum.

Ekki skal taka upp eða viðhalda neinum tæknilegum takmörkunum á samtengingu leigulína innbyrðis eða leigulína annars vegar og opinberra fjarskiptaneta hins vegar.”

## b) Í stað annarrar undirgreinar a-liðar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Neyðartilvik merkir í þessu sambandi óvenjulegt dæmi um óviðráðanlegar aðstæður, eins og aftakaveður, jarðskjálfta, flóð, þrumur eða eldingar, eða eldsvoða.”

## c) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. og 1. nmgr. komi eftirfarandi:

„Aðgangsskilyrðum vegna notendabúnaðar telst fullnægt þegar notendabúnaðurinn uppfyllir viðurkennd skilyrði sem gilda um tengingu hans við nettengipunkt viðeigandi gerðar leigulínu í samræmi við tilskipun 91/263/EBE (\*) eða 93/97/EBE (\*\*).

(\*) Stjttð. EB L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

(\*\*) Stjttð. EB L 290, 24. 11. 1993, bls. 1.”

## 7. Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2.a Aðildarríkin skulu hvetja til þess að veittur sé aðgangur að öðrum gerðum leigulína, sem tilgreindar eru í III. viðauka, að teknu tilliti til eftirspurnar á markaði og framvindu stöðlunar.”

## b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja breytingar sem eru nauðsynlegar til að laga II. og III. viðauka að nýjum tækni framförum og breyttri eftirspurn á markaðinum, að meðtalinni hugsanlegri niðurfellingu ákveðinna gerða leigulína úr viðaukanum, samkvæmt málsmæðferðinni sem kveðið er á um í 10. gr. tilskipunar 90/387/EBE, að teknu tilliti til þróunar innlendra neta.”

## 8. Í stað 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„2. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal tryggja að þau fyrirtæki, sem tilkynnt eru í samræmi við 1. mgr. a í 11. gr., fylgi meginreglunni um jafnræði þegar þau veita aðgang að leigulínum. Þessi fyrirtæki skulu beita svipuðum skilyrðum við svipaðar aðstæður um fyrirtæki sem veita svipaða þjónustu og veita öðrum aðgang að leigulínum með sömu skilyrðum og sömu gæðum og þau veita vegna eigin þjónustu, eða þjónustu dótturfyrirtækja þeirra eða meðeigenda, ef við á.”

## 9. Ákvæði 9. gr. falli niður.

## 10. Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað a-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) taxtar fyrir leigulínur skulu óháðir því hver tilgangur notenda er með leigulínunum, með fyrirvara um jafnræðisregluna sem sett er fram í 2. mgr. 8. gr.;

## b) Í stað iii-liðar í b-lið 2. mgr. komi eftirfarandi:

„iii) þegar hvorki er hægt að koma við beinni eða óbeinni kostnaðarskiptingu skal kostnaðar-liðnum skipt á grundvelli almenns bókhaldslykils sem er reiknaður út með því að nota hlutfall allra útgjalda sem eru í beinum tengslum við eða varða annars vegar leigulínur og hins vegar aðra þjónustu.”

## c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal ekki beita kröfum 1. mgr. ef fyrirtæki hefur ekki sterka markaðsstöðu með tilliti til tiltekens framboðs á leigulínum á tilteknu landsvæði.

Innlenda eftirlitsyfirvaldinu er heimilt að ákveða að beita ekki kröfum 1. mgr. á tilteknu landsvæði ef það er sannfært um að á viðkomandi markaði fyrir leigulínur sé virk samkeppni sem komi fram í því að taxtar séu þegar í samræmi við fyrrnefndar kröfur.”

## 11. Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um nafn innlenda eftirlitsyfirvaldsins eða -yfirvaldanna sem bera ábyrgð á þeim verkefnum sem tilgreind eru í þessari tilskipun.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um breytingar á innlendu eftirlitsyfirvöldunum.”



- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1.a Innlend eftirlitsyfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um nöfn þeirra fyrirtækja sem veita aðgang að leigulínum, með fyrirvara um kröfur þessarar tilskipunar. Ef við á skal koma fram í tilkynningunni hvaða gerðir leigulína hverju fyrirtæki er skylt að veita aðgang að á hverju landsvæði til að kröfum 1. gr. teljist fullnægt, ásamt með upplýsingum um tilvik þar sem 1. mgr. 10. gr. er ekki beitt með hliðsjón af 4. mgr. 10. gr.”

- c) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal halda til haga og leggja fyrir framkvæmdastjórnina, óski hún þess, gögn um tilvik, þar sem aðgangur að eða notkun á leigulínum hefur verið takmörkuð, ásamt upplýsingum um ráðstafanir sem hafa verið gerðar og ástæður fyrir þeim.”

12. Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.

### Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal kanna hvernig til tekst með framkvæmd þessarar tilskipunar og leggja skýrslu um málið fyrir Evrópuþingið og ráðið, í fyrsta sinn eigi síðar en 31. desember 1999. Skýrslan skal meðal annars byggja á upplýsingum sem aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni og nefndinni um frjálsan netaðgang. Í skýrslunni skal vera mat á þörfinni fyrir að þessi tilskipun gildi áfram, að teknu tilliti til þróunarinnar í átt að umhverfi með fullri samkeppni. Ef með þarf skal í skýrslunni kanna hvaða ákvæðum þessarar tilskipunar væri rétt að breyta í ljósi þróunar á markaðinum, og gera má tillögu um frekari ráðstafanir til að stuðla enn betur að því að markmið tilskipunarinnar náist.”

13. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. nmgr. komi eftirfarandi:

„Stjtfð. EB L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB (Stjtfð. EB L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).”

- b) Ákvæði 1., 2., 3., 5. og 6. liðar í þætti D falli brott.

- c) Í stað þáttar E komi eftirfarandi:

### „E. Skilyrði fyrir tengingu notendabúnaðar

Upplýsingar um tengingarskilyrði skulu fela í sér tæmandi yfirlit yfir þær kröfur sem notendabúnaður, sem á að tengja við viðkomandi leigulínu, verður að uppfylla samkvæmt tilskipun 91/263/EBE eða 93/97/EBE.”

14. II. viðauki við þessa tilskipun bætist við sem III. viðauki.

### 3. gr.

### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

### 4. gr.

### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.



**5. gr.****Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. október 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

**J. M. GIL-ROBLES**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. POOS**

forseti.



## I. VIÐAUKI

### „VIÐAUKI

#### VIÐMIÐUNARRAMMI VEGNA BEITINGAR SKILYRÐA FYRIR FRJÁLSUM AÐGANGIÐ NETUM

Beita skal skilyrðum fyrir frjálsum aðgangi að netum, eins og þau eru skilgreind í 8. mgr. 2. gr., í samræmi við eftirfarandi viðmiðunarramma, að teknu tilliti til viðeigandi reglna í sáttmálanum:

##### 1. Samhæfðir tæknilegir skilfletir og/eða netaðgerðir

Þegar samin eru skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum skal taka tillit til eftirfarandi atriða að því er varðar skilgreiningu forskrifta vegna tæknilegra skilflata og/eða netaðgerða:

- Þegar um ræðir þjónustu og net sem fyrir er skal nota þær forskriftir um skilfleti sem fyrir eru.
- Þegar um ræðir nýja þjónustu eða umbætur á þjónustu sem fyrir er skal einnig nota þær forskriftir um skilfleti sem fyrir eru, að því marki sem það er gerlegt. Þegar skilfletir sem fyrir eru henta ekki þarf að tilgreina betrubætur og/eða nýjar forskriftir um skilfleti.
- Þegar um ræðir net sem enn eru ekki komin í notkun, en þegar er komin af stað áætlun um að staðla, skal taka tillit til krafna um frjálstan aðgang að netum í 3. gr. þegar þróaðar eru nýjar forskriftir um skilfleti og netaðgerðir.

Tillögur um frjálstan aðgang að netum skulu, þegar auðið er, vera í takt við það starf sem unnið er í evrópsku staðlastofnununum, einkum Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) og í þeim skal einnig tekið tillit til þess starfs sem unnið er í alþjóðlegum staðlasamtökum eins og ITU-T.

##### 2. Samhæfð afgreiðslu- og notkunarskilyrði

Í afgreiðslu- og notkunarskilyrðunum er kveðið á um skilyrði fyrir aðgangi að og framboði á þjónustu, eftir því sem þörf er á.

- a) Afgreiðsluskilyrðin fjalla um það við hvaða skilyrði þjónusta sem er boðin notendum. Þar á meðal geta verið:
  - dæmigerður afgreiðslufrestur,
  - dæmigerður lagfæringartími,
  - gæði þjónustu, einkum framboð og sendingargæði,
  - viðhald og netstjórnun.
- b) Notkunarskilyrði varða skilyrði sem eiga við um notendur, svo sem:
  - skilyrði fyrir netaðgangi,
  - skilyrði fyrir sameiginlegri notkun,
  - skilyrði sem varða vernd persónuupplýsinga og fjarskiptaleynd, ef þörf krefur.



### 3. Samhæfðar meginreglur um taxa

Meginreglur um taxa þurfa að samrýmast meginreglunum í 1. mgr. 3. gr.

Í fyrrnefndum meginreglum felst einkum eftirfarandi:

- Byggja skal taxa á hlutlægum viðmiðunum og þeir skulu að meginreglu til vera í samræmi við kostnaðarregluna þar til samkeppni byrjar að halda niðri verði til notenda, í þeim skilningi að ákvarðanir um hið eiginlega taxtaþrep heyri undir innlenda löggjöf án þess að þær séu háðar skilyrðum fyrir frjálsum aðgangi að netum. Ef fyrirtæki hefur ekki lengur sterka markaðsstöðu á viðkomandi markaði er þar til bæru innlendu eftirlitsyfirvaldi heimilt að falla frá kröfunni um að kostnaðarreglan sé virt. Eitt markmiðanna skal vera að skilgreina skilvirkar meginreglur um taxa alls staðar í bandalaginu og tryggja um leið almenna þjónustu fyrir alla.
- Taxtar skulu vera gagnsærir og auglýstir með viðeigandi hætti.
- Til að notendur geti valið um einstaka þjónustuþætti skulu taxtar vera í nægilega ríkum mæli ákveðnir fyrir hverja þjónustu sérstaklega samkvæmt samkeppnisreglum sáttmálans, ef það er tæknilega mögulegt. Einkum skal samkvæmt meginreglu greiða sérstaklega fyrir tiltekna aukaþjónustu annars vegar og fyrir innifalda þjónustuþætti og flutning þeirra hins vegar.
- Taxtar skulu vera án mismununar og tryggja jafna meðferð, ef frá eru taldar takmarkanir sem samrýmast lögum bandalagsins.

Allar greiðslur fyrir aðgang að netbúnaði eða -þjónustu skulu vera í samræmi við meginreglurnar hér að framan og við samkeppnisreglur sáttmálans og skal einnig tekið tillit til meginreglunnar um sanngjarna skiptingu heildarkostnaðar við notkun búnaðarins, þarfarinnar fyrir viðunandi arðsemi fjárfestinga og, þar sem við á, fjármögnunar altækra þjónustu í samræmi við tilskipunina um samtengingu<sup>(\*)</sup>.

Heimilt er að hafa mismunandi taxa, einkum til að taka tillit til breytilegs álags á mismunandi tímum, svo fremi mismunandi taxtar séu réttlætanlegir út frá viðskiptasjónarmiðum og stríði ekki gegn meginreglunum hér að framan.

### 4. Samhæfð nálgun við úthlutun númera/póstfanga/nafna

Í númera- og póstfangakerfum og í sumum tilvikum nafnakerfum er gert ráð fyrir að valinn sé ákvörðunarstaður eða -staðir, eða að valin sé þjónusta, þjónustuveitandi eða netfyrirtæki.

Því er nauðsynlegt að fylgt sé samhæfðri nálgun við númera- og póstfangaúthlutun og, þar sem við á, nafnaúthlutun, til að tryggja megi samtengingu notenda um allt kerfið í allri Evrópu svo og rekstrarsamhæfi þjónustugreina. Enn fremur skal úthlutun númera/póstfanga/nafna vera réttlát, í réttum hlutföllum og í samræmi við kröfur um jafnan aðgang.

Til að ná megi þessu fram er nauðsynlegt:

- að tryggja að í allri almennri fjarskiptaþjónustu sé boðið upp á, samkvæmt samhæfðum meginreglum, viðeigandi númeraraðir og pósthöf, forskeyti og styttri kóða og, þar sem við á, viðunandi nöfn,
- að tryggja samræmda afstöðu einstakra aðildarríkja innan alþjóðastofnana og á alþjóðavettvangi þar sem teknar eru ákvarðanir um númera-/póstfanga-/nafnakerfi, að teknu tilliti til hugsanlegrar framtíðarþróunar númera-/póstfanga-/nafnakerfa á Evrópuvettvangi,
- að sjá til þess að viðkomandi innlend númera-/póstfanga-/nafnakerfi fyrir fjarskipti séu undir eftirliti innlenda eftirlitsyfirvaldsins, til að tryggja sjálfstæði gagnvart fyrirtækjum sem reka almenn fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg,

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum með tilliti til þess að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglunum um frjálstan aðgang að netum (Stjtið. EB L 199, 26. 7. 1997, bls. 32).



- að tryggja skilvirka framkvæmd númeraflutninga til að ryðja úr vegi hindrunum sem standa í vegi fyrir því að notendur geti valið sér söluaðila,
- að tryggja að aðferðirnar við úthlutun einstakra númera/póstfanga/nafna, forskeyta og styttri kóða og/eða raða fyrir pósthöfng/númer séu gagnsæjar, réttlátar og skjótvirkar og að úthlutunin fari fram á hlutlægan, gagnsæjan hátt og án mismununar, þar sem tekið er tilliti til hlutfallsreglunnar,
- að gefa innlendum eftirlitsyfirvöldum möguleika á að setja skilyrði um notkun tiltekinna forskeyta eða styttri kóða í númera-/póstfangakerfum, einkum ef þau eru notuð fyrir þjónustugreinar sem þjóna hagsmunum almennings (t.d. símaskrárþjónustu eða neyðarþjónustu), eða til að tryggja jafnan aðgang.

#### 5. Aðgangur að tíðnisviðum

Aðildarríkin skulu tryggja að fjarskiptaþjónustugreinar hafi aðgang að tíðnisviðum í samræmi við lög bandalagsins. Aðgangur að tíðnisviðum, sem veittur er með leyfi eða annars konar heimildum, skal vera í samræmi við ályktun ráðsins frá 19. nóvember 1992 um framkvæmd ákvarðana Evrópunefndar um þráðlaus fjarskipti í bandalaginu<sup>(\*)</sup>.

(\*) Stjtið. EB C 318, 4. 12. 1992, bls. 1.“



II. VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

SKILGREINING Á LEIGULÍNUM SEM HVETJA SKAL TIL AÐ VEITTUR SÉ AÐGANGUR AÐ SAMKVÆMT 2. MGR. a í 7. GR.

Gerð leigulínu	Tæknilegir eiginleikar	
	Forskriftir fyrir skilfleti	Eiginleikar tengingar og afkastaforskriftir
34 368 kílóbita/s stafræn skipuleg	ETS 300 686 (*)	ETS 300 687 (*)
34 368 kílóbita/s stafræn óskipuleg	ETS 300 686 (*)	ETS 300 687 (*)
139 264 kílóbita/s stafræn skipuleg	ETS 300 686 (*)	ETS 300 688 (*)
139 264 kílóbita/s stafræn óskipuleg	ETS 300 686 (*)	ETS 300 688 (*)
155 megabita/s stafræn (STM-1) (**)	byggt á ITU-T G.708	byggt á ITU-T G.708

(\*) Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) er enn að þróa þessa staðla.

(\*\*) Farið hefur verið fram á það við Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) að hún vinni áfram að stöðlum) fyrir SDH stafræna bandbreidd fyrir leigulínur á VC-grunni.”



## Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin lýsir því yfir að hún mun, þegar hún sannprófar að fjarskiptatilskipanir bandalagsins hafi verið lögleiddar að fullu og á réttum tíma, gæta þess sérstaklega að tryggja að það fyrirkomulag, sem aðildarríki hafa komið á til að kosta og fjármagna altæka þjónustu, takmarki ekki aðgang að viðkomandi mörkuðum.



## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/48/11

nr. 32/98  
frá 30. apríl 1998

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2433/97 frá 8. desember 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1102/89 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 45. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1102/89) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **397 R 2433:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2433/97 frá 8. desember 1997 (Stjttíð. EB nr. L 337, 9. 12. 1997, bls. 10).”.

## 2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2433/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 242, 4. 9. 1997, bls. 70 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 337, 9. 12. 1997, bls. 10.



**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2433/97****frá 8. desember 1997****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1102/89 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2310/96 <sup>(2)</sup>, einkum 4. gr. a, 6. gr. og 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð (EBE) nr. 1101/89 með síðari breytingum kveður á um möguleika til þess að draga verulega úr umframflutningsgetu í flutningum á skipgengum vatnaleiðum í viðkomandi aðildarríkjum með samræmdum áætlunum á vettvangi bandalagsins um úreldingu skipa árin 1996, 1997 og 1998, þannig að dregið verði úr flutningsgetu flotans sem nemur um 15%.

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1102/89 frá 27. apríl 1989 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 241/97 <sup>(4)</sup>, gefur framkvæmdastjórnin fyrir mæli um tilhögun á framkvæmd úreldingaráætlana.

Hvað varðar úreldingaráætlunina fyrir árið 1998 eru samanlögð fjárframlög hlutaðeigandi aðildarríkja til úreldingarsjóða áætluð 64 milljónir ekna miðað við að dregið verði úr flutningsgetu sem nemur um 5%. Framlag hvers ríkis um sig ræðst af hlutfallslegri stærð flota þess í rekstri eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2254/96 <sup>(5)</sup>.

Á árinu 1998 skal skipta fjárframlögum hlutaðeigandi aðildarríkja og framlögum atvinnurekenda í greininni milli þurrflutningaskipa, stjakkbáta og tankskipa.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 337, 9. 12. 1997, bls. 10, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 313, 3. 12. 1996, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1997, bls. 11.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 304, 27. 11. 1996, bls. 1.

Rétt er að úreldingarbætur fyrir árið 1998 haldist óbreyttar frá árinu 1997 enda gáfu þær góða raun. Einnig er rétt að efri mörk bótahlutfallsins hækki úr 80% upp í 120% frá og með 1. janúar 1998 svo að úreldingaráætlunin verði vænlegri kostur með tilliti til stærstu skipanna sem hafa umframflutningsgetu, og til að gefa tilteknum skipaeigendum kost á að draga sig í hlé á viðunandi kjörum áður en markaðurinn verður gefinn algjörlega frjáls 1. janúar 2000.

Til þess að úreldingaráætlun ársins 1998, sem kemur til framkvæmda í júní og júlí 1998, nái fram að ganga er nauðsynlegt að fresta því áfram að taka við nýjum umsóknum samkvæmt a-lið 6. mgr. 6. gr. til þess að ekki sé unnt að skrá skip á ársfjórðungslegan biðlista og fella það samtímis undir úreldingaráætlunina fyrir 1998. Einnig verður að fresta áfram gildistöku ársfjórðungslegrar tilhögunar við að leggja inn umsóknir um bætur úr úreldingarsjóðum, eins og kveðið er á um í b-lið 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1102/89 með síðari breytingum.

Brýnt er að reglugerð þessi öðlistildi þegar í stað vegna þeirrar þýðingar sem hún hefur fyrir fjárlög viðkomandi aðildarríkja og vegna þess að nauðsynlegt er að hefja ferlið með því að samþykkja framkvæmdarráðstafanir innanlands í upphafi árs 1998.

Fyrirhugaðar breytingar hafa verið bornar undir aðildarríkin og þann hóp sérfræðinga í skipulagsumbótum vegna flutninga á skipgengum vatnaleiðum sem skipaður var samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1102/89.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 1102/89 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 7. mgr. bætist við 1. gr.:

„7. Með fyrirvara um ákvæði 1. til 6. mgr., og með tilliti til þess að nauðsynlegt er að draga úr burðargetu flota viðkomandi aðildarríkja á skipgengum vatnaleiðum sem nemur um 5% á árinu 1998, skulu aðildarríkin greiða af



fjárlögum sínum í úreldingarsjóð, frá 1. janúar 1998, þær upphæðir sem þarf til þess að úrelða skipin sem um getur í 2. gr. reglugerðar EBE nr. 1101/89, þ.e. 49 milljónir ekna, til viðbótar fjármagninu sem um getur í 4. mgr. Til þess að ná þessu markmiði er heildarfjárhagsáætlun, sem nemur 64 milljónum ekna, talin nauðsynleg á árinu 1998, þar af eru 40 milljónir ekna (\*) vegna úreldingar þurrflutningaskipa og stjóbáta og 24 milljónir ekna (\*) vegna úreldingar tankskipa. Fyrir árið 1998 skal hvert hinna hlutaðeigandi aðildarríkja greiða fjárframlag í hlutfalli við burðargetu þess flota sem það er með í rekstri, miðað við jafngildan tonnafjölda, og sundurliðast greiðslur þeirra svo:

- Austurríki: 769 300 ekur,
- Belgía: 7 163 800 ekur,
- Þýskaland: 12 137 300 ekur,
- Frakkland: 1 298 500 ekur,
- Holland: 27 631 100 ekur.

(\*) Áætluð tala enn sem komið er, en við hana verður bætt eftirstöðvum af áætlun ársins 1997.“

2. Í stað „1997“ komi „1998“ í 1. og 2. mgr. 5. gr.;

3. Ákvæði 2. mgr. 9. gr. breytist sem hér segir:

í stað orðanna „á þeim degi sem um getur í 2. gr.“ komi „á útkomudegi fyrstu Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna á árinu 1998 þar sem tilgreindir eru vextirnir sem Peningamálastofnun Evrópu reiknar á færslur sínar í eikum í janúarmánuði.“

## 2. gr.

Fyrir árið 1998 gildir eftirfarandi í stað 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1102/89:

„6. gr.

1. Umsóknir skipseigenda um úreldingarbætur verða að berast stjórn viðkomandi sjóðs á tímabilinu frá 1. júní til 31. júlí 1998. Umsóknir, sem berast eftir að þessi umsóknarfrestur rennur út, verða ekki teknar til greina. Ekki er hægt að draga til baka eða breyta umsókn um úreldingarbætur eftir að hún hefur verið afhent stjórn sjóðsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Neil KINNOCK**

framkvæmdastjóri.

2. Umsækjendur um úreldingarbætur skulu taka fram í umsóknum sínum hvaða hlutfall, innan markanna 80 til 120% af þeim hámarksupphæðum sem eru tilteknar í 5. gr., þeir óska eftir að fá í bætur fyrir að úrelða skip sín. Þetta hlutfall verður hér eftir nefnt „bótahlutfall“.

3. Gildar umsóknir um úreldingarbætur, sem jafngilda 80% af upphæðunum sem tilteknar eru í 1. og 2. mgr. 5. gr., skal sjóðurinn samþykkja, innan þeirra marka sem ráðstöfunarfé einstakra reikninga leyfir, eins og kveðið er á um í 7. mgr. 1. gr. Stjórn sjóðsins skal staðfesta samþykkt umsóknarinnar innan tveggja mánaða frá móttöku.

Stjórnir hinna ýmsu sjóða skulu fyrir 1. september senda framkvæmdastjórninni skrá yfir umsóknir sem hafa borist um úreldingarbætur sem jafngilda 80% og skrá yfir umsóknir sem hafa borist um úreldingarbætur umfram 80%. Framkvæmdastjórninni ber að ganga úr skugga um að umsóknir þessar fari ekki fram úr ráðstöfunarfé því sem um getur í 7. mgr. 1. gr. og gera stjórnnum sjóðanna kunnugt um stöðuna á hverjum tíma.

4. Sjóðstjórnir skulu, fyrir 1. október 1998, senda umsækjendum skriflegt svar við því hvort umsóknir þeirra um úreldingarbætur, sem fara yfir 80% af upphæðunum sem tilteknar eru í 1. og 2. mgr. 5. gr., hafi verið samþykktar eða ekki.“

## 3. gr.

Fyrir árið 1998 er 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1102/89 breytt sem hér segir:

- í 1. mgr. komi „1. apríl 1999“ í stað „1. desember 1990“.
- Síðasti málsliðurinn falli niður,
- í 4. mgr. komi „1. desember 2000“ í stað „1. desember 1992“.

## 4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/48/12**

**nr. 33/98**  
**frá 30. apríl 1998**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/97 frá 4. október 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB frá 26. september 1997 um breytingu á tilskipun ráðsins 94/57/EB um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi bætist við í lið 55b (tilskipun ráðsins 94/57/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 L 0058:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB frá 26. september 1997 (Stjtið. EB nr. L 274, 7. 10. 1997, bls. 8).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 5, 5. 2. 1997, bls. 175.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 274, 7. 10. 1997, bls. 8.



**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/58/EB****frá 26. september 1997****um breytingu á tilskipun ráðsins 94/57/EB um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaæftirlit og –skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda(\*)****(Texti sem varðar EES)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaæftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda<sup>(1)</sup>, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Viðauki við tilskipun 94/57/EB er byggður á ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.739(18) um viðmiðunarreglur vegna leyfisveitingar fyrir stofnanir sem starfa á vegum stjórnvalda.

Þing Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti á 19. fundi sínum ályktun A.789(19) um forskriftir hvað varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra stofnana sem starfa á vegum stjórnvalda.

Rétt er að líta á forskriftirnar í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.789(19) sem fylgiskjal með viðmiðunarreglunum sem koma fram í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.739(18).

Rétt er að fella ákvæði ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.789(19) inn í viðaukann við tilskipun 94/57/EB, að því marki sem þau eiga við.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 7. gr. tilskipunar 94/57/EB.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

Gjört í Brussel 26. september 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Neil KINNOCK**

framkvæmdastjóri.

**1. gr.**

Eftirfarandi 7. liður bætist við þátt „A. ALMENNAR KRÖFUR“ í viðauka við tilskipun 94/57/EB:

„7. Stofnunin skal starfa í samræmi við ákvæði viðaukans við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.789(19) um forskriftir hvað varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra stofnana sem starfa á vegum stjórnvalda, að því marki sem þær fjalla um málefni sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.“

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáðferðir til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1998.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu tafarlaust senda framkvæmdastjórninni öll ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

**3. gr.**Tilskipun þessi öðlast gildi á 20. degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 274, 7. 10. 1997, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 319, 12. 12. 1994, bls. 20.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/48/13**

**nr. 34/98**  
**frá 30. apríl 1998**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/97 frá 31. október 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 frá 9. október 1997 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 68a (tilskipun ráðsins 91/670/EEB) í VI. kafla XIII. viðauka við samninginn:

„68aa. **397 R 2027:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 frá 9. október 1997 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa (Stjtið. EB nr. L 285, 17. 10. 1997, bls. 1).”.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2027/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

**F. Barbaso**

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 160, 4. 6. 1998, bls. 40 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 4.6.1998, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 285, 17. 10. 1997, bls. 1.



**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2027/97****frá 9. október 1997****um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er, innan ramma sameiginlegrar stefnu í flutningamálum, að auka vernd farþega sem lenda í flugslysum.
- 2) Reglur um bótaábyrgð vegna slysa er að finna í samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sem undirritaður var í Varsjá 12. október 1929, eða sama samningi eins og honum var breytt í Haag 28. september 1955, enn fremur samningnum sem gerður var í Guadalajara 18. september 1961, eftir því sem við á, og verður hér eftir vísað til þessara samninga sem „Varsjársmningsins“. Varsjársmningnum er beitt um allan heim, bæði farþegum og flugfélögum í hag.
- 3) Þær skorður, sem bótaábyrgð eru settar í Varsjársmningnum, eru of þröngar miðað við núverandi efnahagslega og félagslega staðla og leiða oft til langdreginna málaferla sem skaða orðstír flughjónustunnar. Af þessum sökum hafa aðildarríkin rýmkað bótaábyrgðina með ýmsum hætti og hefur það leitt til mismunandi flutningsskilyrða á innri loftflutningamarkaði.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 285, 17. 10. 1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 34/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 104, 10. 4. 1996, bls. 18 og Stjtið. EB nr. C 29, 30. 1. 1997, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 212, 22. 7. 1996, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 17. september 1996 (Stjtið. EB nr. C 320, 28. 10. 1996, bls. 30), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. febrúar 1997 (Stjtið. EB nr. C 123, 21. 4. 1997, bls. 89) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 29. maí 1997 (Stjtið. EB nr. C 182, 16. 6. 1997).

4) Varsjársmningurinn tekur auk þess aðeins til millilandaflutninga. Á innri loftflutningamarkaði er ekki lengur greint á milli innanlands- og millilandaflugs. Því er við hæfi að umfang og eðli bótaábyrgðar sé sams konar í innanlands- og millilandaflugi.

5) Löngu er orðið tímabært að fara yfir Varsjársmninginn og endurskoða hann í heild og til langs tíma litið væri það einfaldara og hagkvæmara úrræði á alþjóðavettvangi hvað varðar bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa. Rétt er að viðleitninni til að rýmka þá bótaábyrgð, sem kveðið er á um í Varsjársmningnum, verði haldið áfram með alþjóðlegum samningaviðræðum.

6) Í samræmi við dreifræðisregluna er æskilegt að grípa til aðgerða á vettvangi bandalagsins til að ná fram samhæfingu á sviði bótaábyrgðar flugfélaga, og gætu þær aðgerðir nýst sem viðmiðunarreglur um aukna farþegavernd á heimsvísu.

7) Rétt er að afnema allar peningalegar takmarkanir á bótaábyrgð í skilningi 1. mgr. 22. gr. Varsjársmningsins og allar aðrar lög- eða samningsbundnar takmarkanir, í samræmi við nýlega framvindu á alþjóðavettvangi.

8) Til að koma í veg fyrir að fórnarlömb slysa standi uppi bótalaus ættu flugfélög í bandalaginu ekki að geta borið fyrir sig ákvæði 1. mgr. 20. gr. Varsjársmningsins ef settar eru fram kröfur vegna þess að farþegi lætur lífið eða verður fyrir líkamsmeiðslum eða heilsutjóni, samkvæmt 17. gr. Varsjársmningsins, ef kröfurnar eru undir ákveðnum mörkum.

9) Leysa má flugfélög í bandalaginu undan bótaábyrgð sinni teljist gáleysi hlutaðeigandi farþega ein af orsökum slyssins.

10) Nauðsynlegt er að kveða nánar á um skyldur samkvæmt þessari reglugerð með hliðsjón af 7. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum <sup>(4)</sup>. Með tilliti til þess er rétt að flugfélög séu tryggð upp að vissu marki eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.



- 11) Flugfélög í bandalaginu verða alltaf að geta gert kröfur á hendur þriðja aðila.
  - 12) Skjótar fyrirframgreiðslur geta komið slösuðum farþegum eða einstaklingum, sem eiga rétt á bótum, að verulegu gagni við að standa straum af brýnum kostnaði sem hlýst af flugslysi.
  - 13) Reglur um eðli og umfang bótaábyrgðar vegna farþega sem lætur lífið eða verður fyrir líkamsmeiðslum eða heilsutjóni eru hluti af skilmálum loftflutningasamnings milli flugfélags og farþega. Til þess að draga úr hættunni á að röskun verði á samkeppni ber flugfélögum þriðju landa að gera farþegum viðhlítandi grein fyrir flutningsskilmálum sínum.
  - 14) Peningalegar takmarkanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, verður að vera hægt að endurskoða með tilliti til þróunar í efnahagsmálum og á alþjóðavettvangi.
  - 15) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) vinnur nú að endurskoðun Varsjársmningsins. Meðan beðið er niðurstöðu þeirrar endurskoðunar geta bráðabirgðaaðgerðir bandalagsins stuðlað að betri vernd farþega. Rétt er að ráðið endurskoði þessa reglugerð eins fljótt og auðið er þegar endurskoðun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar er lokið.
- b) „flugfélag í bandalaginu”: flugfélag sem hefur gilt flugrekstrarleyfi sem gefið er út af einu aðildarríkjanna í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2407/92;
  - c) „bótakröfuhafi”: farþegi eða hver sá sem samkvæmt gildandi lögum getur krafist bóta vegna farþega;
  - d) „eka”: reikningseining sem notuð er við gerð fjárlaga Evrópubandalaganna eins og kveðið er á um í 207. og 209. gr. sáttmálans;
  - e) „SDR”: sérstök dráttarréttindi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skilgreinir;
  - f) „Varsjársmningurinn”: samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, undirritaður í Varsjá 12. október 1929 eða Varsjársmningurinn eins og honum var breytt í Haag 28. september 1955, enn fremur viðbótarsamningurinn sem gerður var í Guadalajara 18. september 1961 - hvað af þessu sem við á um loftflutningasamning hverju sinni - auk allra gildra alþjóðasamþykktar sem byggjast á þessum samningi og tengjast honum.
2. Þau hugtök í þessari reglugerð, sem ekki eru skilgreind í 1. mgr., hafa sömu merkingu og í Varsjársmningnum.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

### 1. gr.

Í þessari reglugerð er kveðið á um skuldbindingar flugfélaga í bandalaginu hvað varðar bótaábyrgð gagnvart farþegum ef slys ber að höndum með þeim afleiðingum að farþegi lætur lífið eða verður fyrir líkamsmeiðslum eða heilsutjóni, að því tilskildu að slysið, sem skaðanum veldur, beri að höndum um borð í loftfari eða þegar farþegi fer um borð í loftfar eða frá borði.

Í þessari reglugerð eru einnig tilgreindar nokkrar kröfur um tryggingar flugfélaga í bandalaginu.

Í þessari reglugerð eru auk þess ákvæði um upplýsingaskyldu flugfélaga sem hafa staðfestu utan bandalagsins en halda uppi flugi til bandalagsins, frá því eða innan þess.

### 2. gr.

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „flugfélag”: fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt flugrekstrarleyfi;

### 3. gr.

1. a) Bótaábyrgð flugfélags í bandalaginu ef slys ber að höndum með þeim afleiðingum að farþegi lætur lífið eða verður fyrir líkamsmeiðslum eða heilsutjóni skal ekki vera háð neinum fjárhagslegum takmörkunum, á grundvelli laga, samkomulags eða samnings.
- b) Með skyldutryggingu, sem kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92, er átt við að flugfélag í bandalaginu skuli að minnsta kosti vera tryggt fyrir jafnvirði þeirrar bótaábyrgðar, sem tilgreind er í 2. mgr., og að sanngjörnu marki umfram það.
2. Sé um að ræða tjón eða skaða að upphæð sem í ekum samsvarar allt að 100 000 SDR getur flugfélag í bandalaginu ekki útilokað eða takmarkað bótaábyrgð sína með því að sýna fram á að það eða starfsmenn þess hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir tjónið eða að ekki hafi verið unnt að gera slíkar ráðstafanir.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., má leysa flugfélag í bandalaginu undan bótaábyrgð að fullu eða að hluta í samræmi við gildandi lög ef það getur sýnt fram á að gáleysi hins særða eða látna farþega hafi valdið tjóninu eða átt þátt í því.



**4. gr.**

Ef slys ber að höndum með þeim afleiðingum að farþegi lætur lífið eða verður fyrir líkamsmeiðslum eða heilsutjóni skal ekkert í þessari reglugerð

- gefa til kynna að flugfélag í bandalaginu beri eitt skaðabótaábyrgð; eða
- takmarka rétt flugfélags í bandalaginu til þess að krefjast framlaga eða bóta af öðrum aðila í samræmi við gildandi lög.

**5. gr.**

- Flugfélag í bandalaginu skal tafarlaust, og eigi síðar en fimmtán dögum eftir að ljóst er orðið hvaða einstaklingur á rétt til bóta, inna af hendi fyrirframgreiðslu sem nægir til þess að standa straum af brýnustu fjárför og stendur í réttu hlutfalli við orðinn skaða.
- Með fyrirvara um 1. mgr. skal fyrirframgreiðsla ekki vera lægri upphæð en sem nemur jafngildi 15 000 SDR í ekum á hvern farþega ef um dauðsfall er að ræða.
- Fyrirframgreiðsla felur ekki í sér viðurkenningu á bótaábyrgð og getur komið til frádráttar bótum sem kunna að vera greiddar síðar samkvæmt bótaábyrgð flugfélags í bandalaginu, hins vegar er hún óafturkræf nema í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. 3. gr. eða þegar sannast eftir á að gáleysi þess sem fékk bæturnar hafi valdið tjóninu eða átt þátt í því, eða að viðkomandi hafi ekki átt tilkall til bóta.

**6. gr.**

- Ákvæði 3. og 5. gr. skulu felld inn í flutningsskilmála flugfélaga í bandalaginu.
- Fullnægjandi upplýsingar um ákvæði 3. og 5. gr. skulu fáanleg að beiðni farþega á skrifstofum flugfélaga í bandalaginu, ferðaskrifstofum og innritunarborðum og á söluskrifstofum. Farseðillinn eða ígildi hans skal innihalda yfirlit um þessi ákvæði á skýru og auðskildu máli.
- Flugfélög, sem hafa staðfestu utan bandalagsins en halda uppi flugi til bandalagsins, frá því eða innan þess og beita ekki ákvæðunum sem um getur í 3. og 5. gr., skulu skýra farþegum frá því afdráttarlaust og gagnert þegar farseðill er keyptur á skrifstofu viðkomandi flugfélags, ferðaskrifstofu eða innritunarborði á yfirráðasvæði einhvers aðildarríkjanna. Flugfélögin skulu dreifa til farþega eyðublaði þar sem skilmálar þeirra eru settir fram. Það teljast ekki nægilegar upplýsingar ef aðeins er getið marka bótaábyrgðar á farseðlinum eða ígildi hans.

**7. gr.**

Eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu um beitingu reglugerðarinnar þar sem meðal annars er tekið tillit til þróunar í efnahagsmálum og á alþjóðavettvangi. Skýrslunni geta fylgt tillögur um endurskoðun reglugerðarinnar.

**8. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi ári eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 9. október 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

**M. DELVAUX-STEHRÉS**

forseti.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/48/14**

**nr. 35/98**  
**frá 30. apríl 1998**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 96/C 99/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

**3. gr.**

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/98 frá 27. mars 1998<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Ályktun ráðsins 96/C 99/01 frá 11. mars 1996 um flutninga á stuttum sjóleiðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**4. gr.****ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 88. lið (ályktun ráðsins 97/C 109/01) í XIII. viðauka við samninginn:

„89. **396 Y 0402(01):** Ályktun ráðsins 96/C 99/01 frá 11. mars 1996 um flutninga á stuttum sjóleiðum (Stjtið. EB nr. C 99, 2. 4. 1996, bls. 1).”.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 309, 19. 11. 1998 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48 19.11.1998.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 99, 2. 4. 1996, bls. 1.



## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 11. mars 1996

## um flutninga á stuttum sjóleiðum(\*)

(96/C 99/01)

## RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

A. sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og tekur tillit til eftirfarandi:

Hvítbókarinnar frá 2. desember 1992 <sup>(1)</sup> um framtíðarþróun sameiginlegrar stefnu í flutningamálum, en ráðið lýsti ánægju sinni með hana á fundum sem haldnir voru 7., 8. og 19. júní 1993.

Orðsendingar ráðsins frá 5. júlí 1995 um flutninga á stuttum sjóleiðum <sup>(2)</sup>.

Mikilvægis flutninga fyrir efnahagslíf í Evrópusambandinu.

Stöðugt vaxandi álags almennt og mikils kostnaðar sem fylgir grunnvirkjum landflutninga.

Þess þáttar sem flutningar á stuttum sjóleiðum gætu átt í því að sjálfbærum hreyfanleika verði náð.

Í ljósi þess sem að framan greinir, að áþaki er þörf jafnt á vettvangi bandalagsins sem í aðildarríkjunum, til þess að örva eða bæta flutninga á stuttum sjóleiðum og virða jafnframt valfrelsi neytenda.

Þar sem hindranir standa í vegi fyrir þróun flutninga á stuttum sjóleiðum, ber héraðs-, staðar- eða hafnaryfirvöldum að beita sér fyrir úrbótum sem og aðilum í sjálfum sjóflutningageiranum.

## B. VEKUR ATHYGLI Á:

1. verulegum kostum flutninga á stuttum sjóleiðum fyrir Evrópusambandið fram yfir landflutninga, einkum varðandi:

- a) almennt framboð á flutningsrými á stuttum sjóleiðum;
- b) minni eldsneytisneyslu og minni losun á mengandi efnum út í andrúmsloftið;

c) möguleika á að greiða fyrir þróun jaðarsvæða í Evrópusambandinu;

d) þann kost að efla flutninga á stuttum sjóleiðum með litlum kostnaði við grunnvirki;

2. skýrslum og starfsáætlunum til margra ára sem samþykktar hafa verið á ýmsum ráðstefnum um sjóflutninga á tilteknum svæðum, til dæmis á Eystrasalti, Svartahafi og Miðjarðarhafi;

3. skýrslum og tillögum samráðsfundar í sjóflutningageiranum um hvort ráðlegt sé að efla flutninga á stuttum sjóleiðum sem hagkvæman valkost við landflutninga, sé litið til kostnaðar, orkunotkunar, öryggis og umhverfisverndar,

C. LÝSIR YFIR að helstu markmið hvað varðar flutninga á stuttum sjóleiðum eru:

- 1. að koma á jöfnum vexti í þessari grein flutninga; og
- 2. að flutningar á stuttum sjóleiðum, einnig tengiflutningar, verði felldir með virkum og jákvæðum hætti inn í hina samþætta flutningakeðju,

D. HYGGST vinna að þessum markmiðum með því að hvetja til eftirtalinna aðgerða:

- 1. að vistfræðilegur ávinningur af flutningum á stuttum sjóleiðum verði þróaður frekar;
- 2. að frjáls og sanngjörn samkeppni milli flutningagreina verði eflað til hagsbóta fyrir notendur, þannig að hver grein beri eigin kostnað, þar með talinn utanaðkomandi kostnað;
- 3. að hvatt verði til frjálsrar og sanngjarnrar samkeppni milli hafna í bandalaginu og milli skipafélaga;
- 4. að skilvirkni hafna verði aukin til þess að spara fé og tíma við hafnarstarfsemi;

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 99, 2. 4. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 35/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) COM(92) 494 lokagerð.

(2) COM(95) 317 lokagerð.



5. að samsettir flutningar verði nýttir við þróun flutninga á stuttum sjóleiðum;
6. að trú skipaeigenda og flutningafyrirtækja verði eflað á möguleikum flutninga á stuttum sjóleiðum;
7. að unnið verði að hagræðingu tollafgreiðslu og annarra stjórnsýslulegra formsatriða sem tengjast höfnum ásamt samhæfingu, samhæfingu og einföldun þar sem við á;
8. að frumkvæði skipafyrirtækja, sem fást við flutninga á stuttum sjóleiðum, verði eftt;
9. að tilraunaverkefni um flutninga á stuttum sjóleiðum verði undirbúið og þeim hrint í framkvæmd, þó þannig að samkeppni milli flutningagreiðna eða milli skipafélaga eða hafna aðildarríkja raskist ekki, og niðurstöðum slíkra verkefna dreift;
10. að stuðlað verði að þjálfun, rannsóknum og þróun á sviði flutninga á stuttum sjóleiðum og hafnarstarfsemi;
11. að stuðlað verði að rafrænum gagnaskiptum (EDI) og þau aukin,

E. Í LJÓSI ÞESS SEM AÐ FRAMAN GREINIR:

1. fagnar almennt aðgerðaáætluninni í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar;
2. vekur athygli á að framkvæmdastjórnin hyggst leggja fram svo fljótt sem auðið er grænbók sína um innhverfingu ytri kostnaðar í flutningum;
3. vekur athygli á að framkvæmdastjórnin hyggst þróa, svo fljótt sem auðið er, viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð við skipaútgætur og hafnir og hafa samráð við aðildarríkin og sjóflutningageirann um þessar viðmiðunarreglur;
4. fellst á að efling flutninga á stuttum sjóleiðum eigi að vera áfram mikilvægur þáttur í reglulegri starfsemi sambandsins og aðildarríkja, á borð við áætlunina um samevrópska flutninganetið og fjórðu rammaáætlunina um rannsóknir og þróun,

- F. HVETUR FRAMKVÆMDASTJÓRNINA til að leggja fyrir ráðið, eða skilgreina svo fljótt sem auðið er, að teknu tilliti til aðgerðaáætlunar sinnar og dreifræðisreglunnar, þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að ná fram markmiðunum sem um getur í C-hluta, einkum ráðstafanir sem gera kleift:

1. að koma í veg fyrir röskun á samkeppni milli hafna;
2. að hvetja hugsanlega notendur til að nýta sér flutninga á stuttum sjóleiðum í ríkari mæli;
3. að vinna að einföldun og hagræðingu núverandi tollafgreiðslu og annarra stjórnsýslulegra formsatriða sem tengjast höfnum, með tilliti til flutninga á stuttum sjóleiðum;
4. að efla frumkvæði skipafyrirtækja sem fást við flutninga á stuttum sjóleiðum;
5. að styðja áætlanir um þjálfun, rannsóknir og þróun í þessum geira flutninga;
6. að hvetja til notkunar upplýsingatækni svo að þessi grein flutninga þróist sem best,

G. HVETUR AÐILDARRÍKIN TIL ÞESS:

1. að styðja stefnumiðin og aðferðirnar sem um getur í C- og D-hluta;
2. að vinna með framkvæmdastjórninni að gerð rammaáætlunar innan bandalagsins til eflingar flutningum á stuttum sjóleiðum;
3. að beita sér fyrir aðgerðum til að örva flutninga á stuttum sjóleiðum, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar aðgerðaáætlunar sem um getur í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar og hvetja héraðs-, staðar- og hafnaryfirvöld og aðila í sjóflutningageiranum til hins sama;
4. að efla hagkvæmt samráð, til dæmis með ráðstefnum á borð við samráðsfundi sjóflutningageirans sem sóttir eru af fulltrúum sjóflutningageirans og héraðs-, staðar- og hafnaryfirvalda.



## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/48/15

nr. 36/98  
frá 30. apríl 1998

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á  
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)  
við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

,, eins og henni var breytt með:

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

- **397 L 0042:** Tilskipun ráðsins 97/42/EB frá 27. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 179, 8. 7. 1997, bls. 4).“.

## 2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 97/42/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/98 frá 6. mars 1998<sup>(1)</sup>.

## 3. gr.

Tilskipun ráðsins 97/42/EB frá 27. júní 1997 um fyrstu breytingu á tilskipun 90/394/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 4. gr.

## ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

## 1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 14. lið (tilskipun ráðsins 90/394/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn:

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 272, 8. 10. 1998, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 8.10.1998, bls. 93.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 179, 8. 7. 1997, bls. 4.



**TILSKIPUN RÁÐSINS 97/42/EB****frá 27. júní 1997****um fyrstu breytingu á tilskipun 90/394/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/394/EBE frá 28. júní 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) <sup>(1)</sup>, einkum 16. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(2)</sup>, sem gerð var í samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með útgáfu tilskipana, samþykka lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum að því er varðar vinnuumhverfi, til að tryggja aukna öryggis- og heilsuvernd launþega.
- 2) Samkvæmt þeirri grein skal í þessum tilskipunum forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 3) Í III. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/325/EBE frá 1. mars 1991 um tölftu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 179, 8. 7. 1997, bls. 4, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 317, 28. 11. 1995, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 97, 1. 4. 1996, bls. 25.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 20. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 198, 8. 7. 1996, bls. 182), sameiginleg afstaða ráðsins frá 2. desember 1996 (Stjtið. EB nr. C 6, 9. 1. 1997, bls. 15) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. apríl 1997 (Stjtið. EB nr. C 132, 28. 4. 1997).

samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna <sup>(5)</sup> eru teknar upp nýjar hættusetningar í þeim tilgangi að gefa til kynna heilsufarshættu, sem stafar af langvarandi áreitun, og hættu á krabbameini við innöndun.

- 4) Við allar vinnuáðstæður ber að vernda starfsmenn gegn efnablöndum sem innihalda einn krabbameinsvald eða fleiri og gegn krabbameinsvaldandi efnasamböndum sem verða til á vinnustöðum.
  - 5) Nauðsynlegt er að athuga allar ísogsléiðir fyrir sum efni, einnig möguleikann á gegnþrengingu um húð, til að tryggja eins mikla vernd og hugsanlegt er.
  - 6) Orðalag 2. liðar í I. viðauka við tilskipun 90/394/EBE viðvíkjandi fjölhringja arómatískum vetniskolefnum hefur valdið túlkunarörðugleikum í mörgum aðildarríkjum. Því er þörf á nýju og nákvæmara orðalagi.
  - 7) Í 16. gr. tilskipunar 90/394/EBE er kveðið á um að setja skuli viðmiðunarmörk fyrir áreitun, að því er varðar alla þá krabbameinsvalda sem hægt er, á grundvelli tiltækra upplýsinga, bæði á sviði vísinda og tækni.
  - 8) Líta ber á viðmiðunarmörk fyrir áreitun í starfi sem mikilvægan þátt í almennu skipulagi til að vernda starfsmenn. Þessi viðmiðunarmörk ber ætíð að endurskoða þegar ný vísindagögn gefa tilefni til.
  - 9) Bensen er krabbameinsvaldur sem er að finna við margs konar vinnuáðstæður. Heilsa fjölda starfsmanna gæti því verið í hættu. Þó að vísindaleg þekking sé um þessar mundir ekki næg til að unnt sé að setja tiltekið lágmark og fullyrða að neðan þess sé heilsu manna engin hætta búin, mun hættan samt sem áður minnka ef dregið er úr því að fólk verði fyrir áhrifum af bensen.
  - 10) Með því að virða lágmarkskröfurnar um verndun heilsu og öryggis starfsmanna með tilliti til sérstakrar áhættu sem tengist krabbameinsvöldum er ekki einvörðungu stefnt að því að tryggja heilsuvernd og öryggi einstakra starfsmanna, heldur einnig að því að tryggja öllum starfsmönnum í bandalaginu lágmarksvernd.
- <sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 180, 8. 7. 1991, bls. 1.



- 11) Ákveða ber sams konar vernd gegn áhættu sem tengist krabbameinsvöldum fyrir bandalagið í heild. Þá vernd ber ekki að ákveða með því að setja fram ófrávikjanlegar kröfur heldur meginreglur almenns eðlis til þess að gera öllum aðildarríkjunum kleift að fullnægja lágmarkskröfunum með sama hætti.
- 12) Þessi breyting er skref í þá átt að gera hina félagslegu hlið innri markaðarins að veruleika.
- 13) Samkvæmt ákvörðun 74/325/EBE <sup>(1)</sup> skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum þegar hún semur tillögur á þessu sviði.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 90/394/EBE:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.:

„4. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda að því er varðar asbest og einliður vinyllklóríðs, sem er fjallað um í sértilskipunum, ef þau tryggja betur öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum.“.

2. Eftirfarandi komi í stað 2. gr.:

„2. gr.

Í tilskipun þessari:

- a) merkir hugtakið „krabbameinsvaldur“:

- i) efni sem uppfyllir viðmiðanirnar, sem greint er frá í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, fyrir flokkun krabbameinsvalda í 1. eða 2. flokk;
- ii) efnablöndu úr einu eða fleiri efnum, sem um getur í i-lið, þar sem styrkur eins staks efnis eða

fleiri er í samræmi við kröfur sem gilda um styrkleikamörk fyrir flokkun efnablöndu sem krabbameinsvalds í 1. eða 2. flokki sem annaðhvort er greint frá:

- í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, eða

- í I. viðauka við tilskipun 88/379/EBE ef efnið eða efnin eru ekki tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða eru tilgreind þar án styrkleikamarka;

- iii) efni, efnablöndu eða vinnslu, sem um getur í I. viðauka, sem og efni eða efnablöndu sem leysist úr læðingi við vinnslu af því tagi sem um getur í I. viðauka;

- b) merkir hugtakið „viðmiðunarmörk“, nema annað sé tekið fram, takmörk á tímavegnu meðaltali styrks „krabbameinsvalds“ í lofti á öndunarsvæði starfsmanns á tilgreindu viðmiðunartímabili, eins og greint er frá í III. viðauka.“.

3. Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 3. gr.:

„3. Þegar áhættan er metin skal enn fremur hafa í huga allar aðrar áreitisleiðir, t.d. upptöku í og/eða gegnum húð.“.

4. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 3. mgr. 5. gr.:

„4. Áreitið skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir krabbameinsvald, sem eru sett fram í III. viðauka.“

Áður 4. mgr. verði 5. mgr.

5. Eftirfarandi komi í stað 2. liðar í I. viðauka:

„2. Störf þar sem menn verða fyrir áreitun fjölhringa arómatískra kolvetna úr kolasóti, kolatjöru eða kolabiki.“.

6. Eftirfarandi komi í stað A-hluta III. viðauka:

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB nr. L 185, 9. 7. 1974, bls. 15. Ákvörðuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.



## „A. VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR ÁHRIF Í STARFI

Heiti efnis	EINECS <sup>(1)</sup>	CAS <sup>(2)</sup>	Viðmiðunarmörk		Táknun	Aðlögunar- ráðstafanir
			mg/m <sup>3</sup> <sup>(3)</sup>	ppm <sup>(4)</sup>		
Bensen	200-753-7	71-43-2	3,25 <sup>(5)</sup>	1 <sup>(5)</sup>	Húð <sup>(6)</sup>	Viðmiðunarmörk: 3ppm (=9,75 mg/m <sup>3</sup> ) uns (3 ár eru liðin frá dagsetningunni í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 97/42/EB <sup>(*)</sup> )

(<sup>1</sup>) EINECS: *European Inventory of Existing Chemical Substances* (Evrópuskrá yfir markaðssett kemísk efni).

(<sup>2</sup>) CAS: *Chemical Abstracts Service*-númer.

(<sup>3</sup>) mg/m<sup>3</sup>: milligrömm á rúmmetra lofti við 20° C og 101,3 KPa (760 mm kvikasilfurþrýstingur).

(<sup>4</sup>) ppm: hlutar af milljón miðað við rúmmál í lofti (ml/m<sup>3</sup>).

(<sup>5</sup>) Mæld eða reiknuð miðað við átta stunda viðmiðunartíma.

(<sup>6</sup>) Verulegur hluti af heildarálagi á líkamann getur stafað af áreitun á húð.

(\*) Stjtið. EB nr. L 179, 8. 7. 1997, bls. 4.“

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. júní 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**3. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

**A. MELKERT**

forseti.



## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

98/EES/48/16

nr. 37/98  
frá 30. apríl 1998

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á  
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)  
við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/98 frá 6. mars 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

## ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 29. lið (tilskipun ráðsins 94/33/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„30. **396 L 0071:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjtið. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 10. mgr. 3. gr. lesist orðið „sáttmáli” sem „EES-samningur”.”.

## 2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbaso*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 272, 8. 10. 1998, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 8.10.1998, bls. 93.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 1.



## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/71/EB

frá 16. desember 1996

### um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu(\*)

#### EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 57. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt c-lið 3. gr. sáttmálans er eitt af markmiðum bandalagsins að afnema hindranir á frjálsum fólksflutningum og frjálsri þjónustustarfsemi milli aðildarríkjanna.
- 2) Að því er varðar veitingu þjónustu eru öll höft á grundvelli ríkisfangs eða búsetu bönnuð frá lokum aðlögunartímans samkvæmt sáttmálanum.
- 3) Með tilkomu innri markaðarins skapast virkt umhverfi fyrir veitingu þjónustu milli landa sem hvetur sífellt fleiri fyrirtæki til að senda starfsmenn tímabundið til starfa á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess sem þeir starfa að jafnaði í.
- 4) Veiting þjónustu getur farið þannig fram að fyrirtæki inni verk af hendi á eigin vegum og undir eigin stjórn, samkvæmt samningi þess fyrirtækis við aðilann sem þjónustan er ætluð, eða þannig að starfsmaður sé framráðinn til fyrirtækis innan ramma opinbers samnings eða einkasamnings.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/98 frá 30. apríl 1998 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 225, 30. 8. 1991, bls. 6 og Stjtið. EB nr. C 187, 9. 7. 1993, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 49, 24. 2. 1992, bls. 41.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 10. febrúar 1993 (Stjtið. EB nr. C 72, 15. 3. 1993, bls. 78), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 220, 29. 7. 1996, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. september 1996 (Stjtið. EB nr. C 320, 28. 10. 1996, bls. 73). Ákvörðun ráðsins frá 24. september 1996.

5) Til að stuðla megi að slíkri veitingu þjónustu milli landa þarf frjálsa samkeppni og ráðstafanir sem tryggja að réttindi starfsmanna séu virt.

6) Þegar ráðning nær yfir landamæri koma upp vandkvæði með tilliti til þess hvaða löggjöf skal gilda um ráðningarsambandið. Það er málsaðilum í hag að mælt sé fyrir um skilmála og skilyrði sem skulu gilda um fyrirhuguð ráðningarkjör.

7) Rómarsamningurinn frá 19. júní 1980 um lög sem gilda um samningsskyldur <sup>(4)</sup> var undirritaður af tólf aðildarríkjum og öðlaðist gildi 1. apríl 1991 í flestum aðildarríkjunum.

8) Í 3. gr. þess samnings er kveðið á um þá meginreglu að aðilarnir hafi frjálst val um lög. Ef engin lög eru valin skal samningurinn samkvæmt 2. mgr. 6. gr. falla undir lög þess lands, þar sem starfsmaðurinn starfar að jafnaði samkvæmt samningnum, jafnvel þótt hann sé tímabundið ráðinn til starfa í öðru landi, eða, ef starfsmaðurinn starfar ekki að staðaldri í neinu tilteknu landi, undir lög landsins þar sem starfsstöðin sem réð hann er staðsett, nema heildaraðstæður séu með þeim hætti að samningurinn hafi nánari tengsl við annað land, en þá fellur samningurinn undir lög þess lands.

9) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. fyrrnefnds samnings má val málsaðilanna á lögum ekki leiða til þess að starfsmaður sé sviptur þeirri vernd sem hann hefur samkvæmt lögboðnum reglum þeirra laga sem ættu að gilda samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar ef ekki væri um val að ræða.

10) Í 7. gr. fyrrnefnds samnings er ákveðið að heimilt sé, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að gefa lögboðnum reglum laga annars lands gildi jafnhliða þeim lögum sem lýst er yfir að gildi, einkum lögum aðildarríkisins þar sem starfsmaðurinn starfar tímabundið.

11) Samkvæmt meginreglunni um forgang bandalagslaga sem sett er í 20. gr. fyrrnefnds samnings hefur hann ekki áhrif á beitingu ákvæða, þar sem á tilteknum sviðum eru settar

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 266, 9. 10. 1980, bls. 1.



lagavalsreglur um samningsskyldur, og hafa verið eða verða tekin upp í gerðir stofnana Evrópubandalaganna eða í landslög sem eru samhæfð vegna framkvæmdar slíkra gerða.

- 12) Lög bandalagsins útiloka ekki að aðildarríki beiti löggjöf sinni eða kjarasamningum, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert, gagnvart hverjum þeim sem er ráðinn til starfa, jafnvel þótt ráðningin sé tímabundin, á yfirráðasvæði þeirra þótt vinnuveitandinn hafi staðfestu í öðru aðildarríki. Lög bandalagsins banna aðildarríkjum ekki að tryggja með viðeigandi hætti að farið sé að þessum reglum.
- 13) Samræma þarf lög aðildarríkjanna til að setja kjarna lögboðinna reglna um lágmarksvernd sem vinnuveitendur, sem senda starfsmenn tímabundið til starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem þjónustan er veitt, skulu veita í gistilandinu. Slíkri samræmingu er aðeins unnt að ná fram með lagasetningu á vettvangi bandalagsins.
- 14) Þjónustuveitandanum ber að fara að ákveðnum kjarna skýrt skilgreindra verndarreglna óháð lengd útsendingartímabils starfsmannsins.
- 15) Setja ber ákvæði um að í tilteknum skýrt skilgreindum tilvikum, þar sem unnið er við samsetningu eða uppsetningu vöru, skuli ákvæði um lágmarkslaun og lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári ekki gilda.
- 16) Einnig ætti að vera nokkur sveigjanleiki í beitingu ákvæða um lágmarkslaun og lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári. Ef starfstíminn er ekki lengri en einn mánuður er aðildarríkjum heimilt, með tilteknum skilyrðum, að víkja frá ákvæðum um lágmarkslaun eða kveða á um möguleika á fráviki í kjarasamningum. Ef um óverulega vinnu er að ræða er aðildarríkjum heimilt að víkja frá ákvæðum um lágmarkslaun og lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári.
- 17) Lögboðnar reglur um lágmarksvernd, sem gilda í gistilandinu, skulu ekki koma í veg fyrir að beitt sé ráðningarskilmálum og –skilyrðum sem eru hagstæðari fyrir starfsmenn.
- 18) Halda ber þá meginreglu að fyrirtæki, sem hafa staðfestu utan bandalagsins, skuli ekki njóta betri kjara en fyrirtæki sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis.
- 19) Með fyrirvara um önnur ákvæði í lögum bandalagsins felst ekki í þessari tilskipun sú skylda að viðurkenna afleysingafyrirtæki að lögum, né heldur hefur hún áhrif á beitingu aðildarríkjanna á lagaákvæðum sínum um framráðningu starfsmanna og afleysingafyrirtækja til fyrirtækja sem ekki hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra en starfa þar í tengslum við veitingu þjónustu.
- 20) Þessi tilskipun hefur hvorki áhrif á samninga, sem bandalagið gerir við þriðju lönd, né lög aðildarríkja um aðgang

þjónustuveitenda frá þriðju löndum að yfirráðasvæði þeirra. Þessi tilskipun hefur heldur ekki áhrif á landslög um komu, búsetu og atvinnuaðgengi starfsmanna frá þriðju löndum.

- 21) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og aðstandendum þeirra, sem flytjast á milli aðildarríkja <sup>(1)</sup>, eru sett ákvæði um bætur frá almannatryggingum og iðgjöld til þeirra.
- 22) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á lög aðildarríkjanna um sameiginlegar aðgerðir starfs- eða faggreina til að verja hagsmuni sína.
- 23) Lögbærum aðilum í hinum ýmsu aðildarríkjum ber að hafa með sér samvinnu um beitingu þessarar tilskipunar. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi úrræði sem gripið skal til ef ekki er farið að þessari tilskipun.
- 24) Nauðsynlegt er að tryggja viðhlítandi beitingu þessarar tilskipunar og að kveða á því augnamiði á um náð samstarf framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna.
- 25) Eigi síðar en fimm árum eftir að þessi tilskipun er samþykkt skal framkvæmdastjórnin endurskoða hinar einstöku reglur um framkvæmd þessarar tilskipunar með það fyrir augum að leggja til nauðsynlegar breytingar þar sem við á.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um fyrirtæki, sem hafa staðfestu í aðildarríki og senda starfsmenn til starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis í tengslum við veitingu þjónustu í fleiri löndum, í samræmi við 3. mgr.
2. Þessi tilskipun gildir ekki um kaupskipaútgerðir að því er varðar áhafnir.
3. Þessi tilskipun gildir að því marki sem fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr., gera einhverja eftirtalinna ráðstafana sem ná yfir landamæri:
  - a) senda starfsmenn til starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis á sínum vegum og undir sinni stjórn, samkvæmt samningi milli fyrirtækisins sem sendir starfsmanninn og aðilans sem þjónustan er ætluð og rekur fyrirtæki í því aðildarríki, að því tilskildu að ráðningarsamband sé milli fyrirtækisins, sem sendir starfsmanninn, og starfsmannsins sjálfs á útsendingartímabilinu; eða
  - b) senda starfsmenn til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu fyrirtækjahópsins á yfirráðasvæði aðildarríkis, að því

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB nr. L 149, 5. 7. 1971, bls. 2, sérútgáfa 1971 (II), bls. 416. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3096/95 (Stjótið. EB nr. L 335, 30. 12. 1995, bls. 10).



tilskildu að ráðningarsamband sé milli fyrirtækisins, sem sendir starfsmanninn, og starfsmannsins sjálfs á útsendingartímabilinu; eða

- c) framráða, sem afleysingafyrirtæki eða atvinnumiðlun, starfsmenn til notandafyrirtækis sem hefur staðfestu eða starfar á yfirráðasvæði aðildarríkis, að því tilskildu að ráðningarsamband sé milli afleysingafyrirtækisins eða atvinnumiðlunarinnar og starfsmannsins á útsendingartímabilinu.

4. Óheimilt er að veita fyrirtækjum, sem hafa staðfestu í landi sem ekki er aðildarríki, betri kjör en fyrirtækjum sem hafa staðfestu í aðildarríki.

## 2. gr.

### Skilgreining

1. Í þessari tilskipun merkir „útsendur starfsmaður“ starfsmann sem innir starf sitt af hendi í tiltekinn tíma á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess sem hann starfar venjulega í.

2. Í þessari tilskipun er skilgreiningin á starfsmanni sú sem gildir í lögum aðildarríkisins sem starfsmaðurinn er sendur til starfa í.

## 3. gr.

### Ráðningarskilmálar og atvinnuskilyrði

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., tryggi starfsmönnum, sem sendir eru til starfa á yfirráðasvæði þeirra, óháð því hvaða lög gilda um ráðningarsambandið, þá ráðningarskilmála og atvinnuskilyrði varðandi eftirtalin atriði sem mælt er fyrir um í aðildarríkinu þar sem starfið er unnið:

- í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, og/eða
- í kjarasamningum eða úrskurðum gerðardóms sem hafa almennt gildi í skilningi 8. mgr., að svo miklu leyti sem þeir varða þá starfsemi sem um getur í viðaukanum:
  - a) hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma;
  - b) lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári;
  - c) lágmarkslaun ásamt yfirvinnukaupi. Þessi liður á ekki við um viðbótarkerfi fyrir eftirlaunalífeyri einstakra starfsgreina;
  - d) skilyrði fyrir framráðningu starfsmanna, einkum á vegum afleysingafyrirtækja;

- e) heilbrigði, öryggi og hollustuhætti á vinnustað;
- f) verndarráðstafanir með tilliti til skilmála og skilyrða fyrir ráðningu barnshafandi kvenna eða kvenna sem hafa nýlega fætt barn, svo og ráðningu barna og ungmenna;
- g) jafna meðferð karla og kvenna og önnur ákvæði um jafnræði.

Í þessari tilskipun er hugtakið „lágmarkslaun“, sem um getur í c-lið 1. mgr., skilgreint í samræmi við landslög og/eða venjur aðildarríkisins sem starfsmaðurinn er sendur til starfa í.

2. Ef um ræðir fyrstu samsetningu og/eða fyrstu uppsetningu vöru, sem er þáttur í samningi um afhendingu vöru og nauðsynleg til að taka megi vöruna, sem afhent er, í notkun og framkvæmd er af faglærðum og/eða sérhæfðum starfsmönnum fyrirtækisins sem afhendir vöruna, skal b- og c-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. ekki gilda ef útsendingartímabilið er ekki lengra en átta dagar.

Þetta ákvæði gildir ekki um þá byggingarstarfsemi sem fjallað er um í viðaukanum.

3. Aðildarríkjunum er heimilt, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við hefðir og venjur hvers aðildarríkis um sig, að ákveða að beita ekki c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. í þeim tilvikum sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. 1. gr. ef lengd útsendingartímabilsins er ekki meiri en einn mánuður.

4. Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við landslög og/eða venjur, að kveða á um að veita megi undanþágur frá c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. í þeim tilvikum, sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. 1. gr., og frá ákvörðun aðildarríkis í skilningi 3. mgr. þessarar greinar, í kjarasamningum í skilningi 8. mgr. þessarar greinar, að því er varðar eitt eða fleiri athafnasvið, ef starfstíminn er ekki lengri en einn mánuður.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágur frá b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. í þeim tilvikum sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. 1. gr. ef um óverulega vinnu er að ræða.

Þau aðildarríki, sem nýta sér heimildina sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu setja viðmiðunarreglur sem vinnan skal samsvara til að geta talist „óveruleg“.

6. Reikna skal lengd útsendingartímabils á grundvelli eins árs viðmiðunartíma frá upphafi þess.

Við slíka útreikninga skal taka tillit til sérhvers fyrra tímabils sem annar útsendur starfsmaður kann að hafa gegnt starfinu áður.

7. Ákvæði 1. til 6. mgr. koma ekki í veg fyrir að beitt sé ráðningarskilmálum og atvinnuskilyrðum sem eru hagstæðari fyrir starfsmenn.



Reikna skal greiðslur, sem sérstaklega tengjast starfinu, inn í lágmarkslaun, nema endurgreiðslur á beinum kostnaði vegna starfsins, svo sem kostnaði við ferðir, upphald og gistingu.

8. Með „kjarasamningum eða úrskurðum gerðardóms sem hafa almennt gildi“ er átt við kjarasamninga eða úrskurði gerðardóms sem öll fyrirtæki á viðkomandi landsvæði og í viðkomandi geira eða atvinnugrein þurfa að hlíta.

Ef ekki er til kerfi til að veita kjarasamningum eða úrskurðum gerðardóms almennt gildi í skilningi fyrstu undirgreinar er aðildarríkjunum heimilt, kjósi þau það, að leggja til grundvallar:

- kjarasamninga eða úrskurði gerðardóms sem almennt gilda um öll svipuð fyrirtæki á viðkomandi landsvæði og í viðkomandi atvinnugrein, og/eða
- kjarasamninga sem helstu samtök vinnuveitenda og launþega á landsvísi hafa gert og gilda á öllu yfirráðasvæði landsins,

að því tilskildu að beiting þeirra gagnvart fyrirtækjunum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., tryggi jafna meðferð að því er varðar þau atriði sem talin eru upp í fyrstu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar milli fyrrnefndra fyrirtækja og annarra fyrirtækja sem um getur í þessari undirgrein og eru í svipaðri stöðu.

Um er að ræða jafna meðferð í skilningi þessarar greinar ef innlend fyrirtæki í svipaðri stöðu:

- hafa sömu skyldur á viðkomandi stað eða á viðkomandi sviði og fyrirtæki sem senda starfsmenn út að því er varðar þau atriði sem talin eru upp í fyrstu undirgrein 1. mgr., og
- þess er krafist að þau ræki þær skyldur með sömu áhrifum.

9. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skuli tryggja starfsmönnum, sem um getur í c-lið 3. mgr. 1. gr., þá skilmála og þau skilyrði sem gilda um starfsmenn sem eru ráðnir tímabundið í aðildarríkinu þar sem starfið er innt af hendi.

10. Þessi tilskipun útilokar ekki að aðildarríkin beiti gagnvart innlendum fyrirtækjum og fyrirtækjum í öðrum ríkjum, í samræmi við sáttmálann og á grundvelli jafnrar meðferðar:

- ráðningarskilmálum og atvinnuskilyrðum sem lúta að öðrum atriðum en þeim sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. ef um ræðir ákvæði um allsherjarreglu,
- ráðningarskilmálum og atvinnuskilyrðum sem ákveðin eru í kjarasamningum eða úrskurðum gerðardóms í skilningi 8. mgr. og varða aðra starfsemi en þá sem um getur í viðaukanum.

#### 4. gr.

#### Upplýsingasamstarf

1. Til framkvæmdar þessari tilskipun skulu aðildarríkin tilnefna eina eða fleiri samskiptaskrifstofur eða einn eða fleiri lögbæra aðila í landinu, í samræmi við innlenda löggjöf og/eða venju.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um samstarf milli opinberra yfirvalda sem ber samkvæmt landslögum að fylgjast með ráðningarskilmálunum og atvinnuskilyrðunum sem um getur í 3. gr. Þetta samstarf skal einkum felast í því að svara rökstuddum beiðnum fyrrnefndra yfirvalda um upplýsingar um framráðningu starfsmanna milli landa, að meðtaldri greinilegri misnotkun eða tilvikum þar sem hugsanlega er um að ræða ólöglega starfsemi milli landa.

Framkvæmdastjórnin og opinberu yfirvöldin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu hafa náð samstarf til að kanna hverja þá erfiðleika sem kunna að koma upp við beitingu 10. mgr. 3. gr.

Veita skal gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð án endurgjalds.

3. Hvert aðildarríki um sig skal gera viðeigandi ráðstafanir til að gera upplýsingar um ráðningarskilmálana og atvinnuskilyrðin sem um getur í 3. gr. almennt aðgengilegar.

4. Hvert aðildarríki um sig skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um samskiptaskrifstofurnar og/eða lögbæru aðilana sem um getur í 1. mgr.

#### 5. gr.

#### Ráðstafanir

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir ef ekki er farið að ákvæðum þessarar tilskipunar.

Þau skulu einkum tryggja að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra eigi vól á viðunandi málsmeðferð til fullnustu á skuldbindingum samkvæmt þessari tilskipun.

#### 6. gr.

#### Lögsaga

Til að framfylgja réttinum til þeirra ráðningarskilmála og atvinnuskilyrða sem tryggð eru í 3. gr. er heimilt að hefja málssókn í aðildarríkinu sem starfsmaðurinn var sendur til starfa í, með fyrirvara, þar sem við á, um réttinn til að hefja málssókn í öðru ríki samkvæmt gildandi alþjóðasamningum um lögsögu.



**7. gr.****Framkvæmd**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 16. desember 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**8. gr.****Endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar**

Framkvæmdastjórnin skal í síðasta lagi 16. desember 2001 endurskoða framkvæmd þessarar tilskipunar með það fyrir augum að leggja tillögur um nauðsynlegar breytingar fyrir ráðið, ef við á.

**9. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

**K. HÄNSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**I. YATES**

forseti.



## VIÐAUKI

Meðal þeirrar starfsemi, sem minnst er á í öðrum undirlið 1. mgr. 3. gr., er hvers kyns byggingarvinna sem lýtur að smíði, viðgerðum, lagfæringu, breytingum eða niðurrifi bygginga, einkum eftirtalið:

1. gröftur
2. jarðvegsvinna
3. eiginleg byggingarvinna
4. samsetning og sundurtekt staðlaðra eininga
5. innrétting eða uppsetning
6. breytingar
7. endurnýjun
8. viðgerðir
9. sundurtekt
10. niðurrif
11. viðhald
12. lagfæring, málningarvinna og hreinsun
13. umbætur.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR****98/EES/48/17**

**nr. 38/98**  
**frá 30. apríl 1998**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslur)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,****2. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/98 frá 6. mars 1998<sup>(1)</sup>.

Aðlögunarliðirnir við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi bandalagsins<sup>(2)</sup>, tilskipun ráðsins 78/546/EBE frá 12. júní 1978 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum sem hluta af svæðaskýrslum<sup>(3)</sup>, tilskipun ráðsins 80/1119/EBE frá 17. nóvember 1980 um hagskýrslur um vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum<sup>(4)</sup> og tilskipun ráðsins 80/1177/EBE frá 4. desember 1980 um hagskýrslur um vöruflutninga á járnbrautum sem hluta af svæðaskýrslum<sup>(5)</sup> sem er að finna í 1., 4., 5. og 6. lið XV. kafla í I. viðauka við lögin um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á<sup>(6)</sup> skulu felldir inn í samninginn.

**ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

XXI. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*F. Barbato*

Fullgiltur texti aðlögunarliða við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93, tilskipun ráðsins 78/546/EBE, tilskipun ráðsins 80/1119/EBE og tilskipun ráðsins 80/1177/EBE sem er að finna í 1., 4., 5. og 6. lið XV. kafla í I. viðauka við lögin um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 272, 8. 10. 1998, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 8. 10. 1998, bls. 112.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 76, 30. 3. 1993, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 168, 26. 6. 1978, bls. 29.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 339, 15. 12. 1980, bls. 30.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 350, 23. 12. 1980, bls. 23.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1.



## VIÐAUKI

### við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/98

VIÐAUKA við EES-samninginn (HAGSKÝRSLUR) skal breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. aðlögunar á tilteknum sviðum falli orðin „Austurríki, Finnland,“ og „Svíþjóð“ niður.
2. Í 1. lið (tilskipun ráðsins 64/475/EBE) falli orðin „Finnland,“ og „Svíþjóð“ niður í aðlögunarlið d) og orðin „Austurríki, Finnland,“ og „Svíþjóð“ í aðlögunarlið e)
3. Í 2. lið (tilskipun ráðsins 72/211/EBE) komi eftirfarandi í stað aðlögunarliða d) og e):  

„c) Noregur skal safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995 og áfram.“.
4. Í 3. lið (tilskipun ráðsins 72/221/EBE) falli orðin „Finnland,“ og „Svíþjóð“ niður í aðlögunarlið d).
5. Í 4. lið (tilskipun ráðsins 78/166/EBE) falli orðin „Austurríki, Finnland,“ og „Svíþjóð“ niður í aðlögunarlið e).
6. Í lið 4a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91) falli orðin „Finnland,“ og „Svíþjóð“ niður í aðlögunarlið a) og í stað aðlögunarliðar e) komi eftirfarandi:  

„e) Ísland og Noregur skulu gera könnunina sem krafist er í þessari reglugerð í síðasta lagi frá 1995 og áfram, en þau þufa þó ekki að sundurliða fyrr en árið 1997 vörur í PRODCOM-skránni sem svarar til 7. og 8. tölustafs sameinaða flokkunarkerfisins eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3367/87 frá 9. nóvember 1987 um að nota sameinaða flokkunarkerfið í hagskýrslum um verslun milli aðildarríkja bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 321, 11. 11. 1987, bls. 3).“
7. Í lið 4b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93) falli aðlögunarliður b) niður og aðlögunarliður c) verði aðlögunarliður b).
8. Í 5. lið (tilskipun ráðsins 78/546/EBE) bætist við eftirfarandi undirliður:  

„- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1)“.
9. Í 5. lið (tilskipun ráðsins 78/546/EBE) komi eftirfarandi nýir aðlögunarliðir b), c) og g) í stað aðlögunarliða b), c) og g):  

„b) Í II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunum fyrir Breska konungsríkið:

„Ísland  
Ísland

Noregur  
Norge/Noreg

Liechtenstein  
Liechtenstein“;



- c) Í stað III. viðauka komi eftirfarandi:

„LISTI YFIR LÖND

Austurríki  
Belgía  
Breska konungsríkið  
Danmörk  
Finnland  
Frakkland  
Grikkland  
Holland  
Írland  
Ítalía  
Lúxemborg  
Portúgal  
Spánn  
Svíþjóð  
Þýskaland

Ísland  
Liechtenstein  
Noregur  
Sviss

Búlgaría  
Júgóslavía  
Pólland  
Rúmenía  
Sovétríkin  
Tékkóslóvakía  
Tyrkland  
Ungverjaland

Önnur Evrópulönd  
Lönd í Norður-Afríku  
Lönd í Austurlöndum nær og Miðausturlöndum  
Önnur lönd“;“;

- „g) Liechtenstein og Noregur skulu taka saman þær upplýsingar sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995 og áfram. Ísland skal taka upplýsingarnar saman í síðasta lagi frá 1998 og áfram“;

10. Í 6. lið (tilskipun ráðsins 80/1119/EEB) bætist við eftirfarandi undirliður:

- „- **194 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1)““.



11. Í 6. lið (tilskipun ráðsins 80/1119/EEB) komi eftirfarandi í stað aðlögunarliða a) og b):

„a) Í II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunum fyrir Breska konungsríkið:

„Ísland

Ísland

Noregur

Norge/Noreg“;

b) III. viðauka er breytt á eftirfarandi hátt:

Eftirfarandi bætist við á milli fyrirsagnarinnar „LISTI YFIR  
...“ og I. hluta töflunnar:

„A. EES-ríki

Í stað II. -VII. hluta komi eftirfarandi:

„II. EFTA- EES-ríki“

16. Ísland

17. Noregur

B. Lönd utan EES

III. Evrópulönd utan EES

18. Sviss

19. Sovétríkin

20. Pólland

21. Tékkóslóvakía

22. Ungverjaland

23. Rúmenía

24. Búlgaría

25. Júgóslavía

26. Tyrkland

27. Önnur Evrópuríki utan EES

IV.

28. Bandaríki Norður-Ameríku

V.

29. Önnur lönd.“;

12. Í 7. lið (tilskipun ráðsins 80/1177/EEB) bætist við eftirfarandi undirliður:

„- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1)“.



13. Í 7. lið (tilskipun ráðsins 80/1177/EBE) komi eftirfarandi í stað aðlögunarliða a), b) og c):

„a) Eftirfarandi bætist við a-lið 2. mgr. 1. gr.:

„NSB: Norges Statsbaner“;

b) Í II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir færslunum fyrir Breska konungsríkið:

„Noregur

Norge/Noreg“;

c) III. viðauka er breytt á eftirfarandi hátt:

Eftirfarandi bætist við á milli fyrirsagnarinnar „LISTI YFIR

...“ og I. hluta töflunnar:

„A. EES-ríki“

Í stað II. hluta komi eftirfarandi:

„II. EFTA- EES-ríki

16. Noregur

B. Lönd utan EES

17. Sviss

18. Sovétríkin

19. Pólland

20. Tékkóslóvakía

21. Ungverjaland

22. Rúmenía

23. Búlgaría

24. Júgóslavía

25. Tyrkland

26. Lönd í Austurlöndum nær og Miðausturlöndum

27. Önnur lönd“;“.

14. Í 9. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 546/77) falli færslurnar „Austurríki:“, „Finnland:“ og „Svíþjóð:“ ásamt ákvæðum, niður í aðlögunarliðum a) og b).

15. Í 18. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 311/76) komi „EFTA-ríkin“ í stað orðanna „Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð“ í aðlögunarlið a).

16. Í 19. lið (tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE) falli orðin „Austurríki, Finnland,“ og „Svíþjóð“ niður í aðlögunarlið b).

17. Í 20. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90) komi „EFTA-ríkin“ í stað orðanna „Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð“ í aðlögunarliðnum og setningin „Finnland skal fara að þessari reglugerð í síðasta lagi frá 1997.“ falli niður.



18. Eftirfarandi bætist við í lið 20a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93):

„eins og henni var breytt með:

- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1)“.

19. Í 20. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93) komi eftirfarandi í stað aðlögunarliða a), b) og c):

- „a) Ísland og Noregur skulu nota skilgreiningarnar í 1. gr. reglugerðarinnar um hagskýrslur um málefni sem koma upp eftir 1. janúar 1995;
- b. Fyrir Ísland og Noreg skal aðlögunartímabilið sem um getur í 1. mgr. 4. gr. vera frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1996;
- c. Eftirfarandi bætist við skrána í II. þætti, í lið B.2 í viðaukanum:

„sveitarfélag“ á Íslandi; „Gemeinde“ í Liechtenstein; „Kommune“ í Noregi;“.

20. Í 21. lið (tilskipun ráðsins 72/280/EBE) falli færslurnar „Austurríki:“, „Finnland:“ og „Svíþjóð:“, ásamt ákvæðum, niður í aðlögunarlið b) svo og orðin „Austurríki:“, „Finnland:“ og „Svíþjóð:“ í aðlögunarliðum c), e) og f).

21. Í 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 72/356/EBE), falli færslurnar „Austurríki:“, „Finnland:“ og „Svíþjóð:“, niður í aðlögunarlið a) svo og orðin „Finnland:“ og „Svíþjóð:“ í aðlögunarlið b).

22. Í 23. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88), komi „EFTA-ríkin“ í stað orðanna „Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð“.

23. Í 24. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90) falli færslurnar „Austurríki:“, „Finnland:“ og „Svíþjóð:“, niður í aðlögunarlið b) svo og orðin „Austurríki, Finnland“ og „Svíþjóð“ í aðlögunarlið d).

24. Í 26. lið (tilskipun ráðsins 90/377/EBE) falli orðin „Austurríki, Finnland“ og „Svíþjóð“ niður í aðlögunarlið a) og b) og eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar d):

- „d) Noregur skal veita þær upplýsingar sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995 og áfram. Ríkið skal láta Hagstofu Evrópubandalagsins (SOEC) vita fyrir 1. janúar 1993 um staði og héruð þar sem verðupplýsinga verður aflað í samræmi við 11. tölul. í I. viðauka og 2. og 13. tölul. í II. viðauka.“.



**Fullgiltur texti birtur í samræmi við 2. og 4. gr. ákvörðunar sameiginlegu  
EES-nefndarinnar nr. 38/98**

1. **393 R 0696:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 76, 30. 3. 1993, bls. 1).

Eftirfarandi komi í stað orðanna sem koma á eftir „í Hollandi“ í 2. lið í B-hluta, landfræðilegar viðmiðanir, í II. þætti viðaukans:

„„Gemeinde“ í Austurríki, „concelho“ í Portúgal, „kunta/kommun“ í Finnlandi, „primärkommun“ í Svíþjóð og „ward“ í Breska konungsríkinu.”

4. **378 L 0546:** Tilskipun ráðsins 78/546/EBE frá 12. júní 1978 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum sem hluta af svæðaskýrslum (Stjtið. EB nr. L 168, 26. 6. 1978, bls. 29), eins og henni var breytt með:

- **179 H:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum - aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtið. EB nr. L 291, 19. 11. 1979, bls. 17),
- **185 I:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum - aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtið. EB nr. L 302, 15. 11. 1985, bls. 23),
- **389 L 0462:** Tilskipun ráðsins 89/462/EBE frá 18. júlí 1989 (Stjtið. EB nr. L 226, 3. 8. 1989, bls. 8).

- a) Eftirfarandi bætist við í II. viðauka á eftir færslum er varða Holland:

„Austurríki:  
Burgenland  
Niederösterreich  
Wien  
Kärnten  
Steiermark  
Oberösterreich  
Salzburg  
Tirol  
Vorarlberg”

og á eftir færslum er varða Portúgal:

„Finnland:  
á meðan beðið er ákvörðunar um flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (nota skal NUTS 2)

Svíþjóð:  
á meðan beðið er ákvörðunar um flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (nota skal NUTS 2)”

- b) Í III. viðauka:

Eftirfarandi bætist við á eftir „Holland”:  
„Austurríki”.

Eftirfarandi bætist við á eftir „Portúgal”:  
„Finnland”, „Svíþjóð”.  
„Austurríki”, „Svíþjóð” og „Finnland” falli út af lista yfir þriðju ríki.

5. **380 L 1119:** Tilskipun ráðsins 80/1119/EBE frá 17. nóvember 1980 um hagskýrslur um vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum (Stjtið. EB nr. L 339, 15. 12. 1980, bls. 30), eins og henni var breytt með:

- **185 I:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum - aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtið. EB nr. L 302, 15. 11. 1985, bls. 23).



- a) Eftirfarandi bætist við í II. viðauka á eftir færslum er varða Holland:

„Austurríki:  
Burgenland  
Niederösterreich  
Wien  
Kärnten  
Steiermark  
Oberösterreich  
Salzburg  
Tirol  
Vorarlberg”

og á eftir færslum er varða Portúgal:

„*Finnland*:  
á meðan beðið er ákvörðunar um flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (nota skal NUTS 2)

*Svíþjóð*:  
á meðan beðið er ákvörðunar um flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (nota skal NUTS 2)”

- b) Skrá yfir lönd í III. viðauka er breytt sem hér segir:

- i) Eftirfarandi komi í stað I. hluta:

„I. Lönd Evrópubandalagsins

01. Belgía
02. Danmörk
03. Þýskaland
04. Grikkland
05. Spánn
06. Frakkland
07. Írland
08. Ítalía
09. Lúxemborg
10. Holland
11. Austurríki
12. Portúgal
13. Finnland
14. Svíþjóð
15. Breska konungsríkið”.

- ii) Í III. hluta falli „Austurríki” niður og töluliðir 13 til 25 verði 16 til 27.

- c) Í stað fyrirsagnarinnar „EVR 12” í töflum 7 (A), 8 (A) og 8 (B) í IV. viðauka komi „EVR 15” og dálkur A færist undir „EVR 15” á eftir „L”.
- d) Í stað fyrirsagnarinnar „EVR 12” í vinstri dálki í töflum 10 (A) og 10 (B) í IV. viðauka komi „EVR 15”.

Eftirfarandi bætist við á eftir „Holland”:  
„Austurríki”.

Eftirfarandi bætist við á eftir „Portúgal”:  
„Finnland”, „Svíþjóð”.

Frekari tilvísanir til Austurríkis falli niður.



6. **380 L 1177:** Tilskipun ráðsins 80/1177/EBE frá 4. desember 1980 um hagskýrslur um vöruflutninga á járnbrautum sem hluta af svæðaskýrslum (Stjtið. EB nr. L 350, 23. 12. 1980, bls. 23), eins og henni var breytt með:

- **185 I:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum - aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtið. EB nr. L 302, 15. 11. 1985, bls. 23).

- a) Eftirfarandi bætist við a-lið 2. mgr. 1. gr.:

„ÖBB: Österreichische Bundesbahnen  
VR: Valtionrautatiet/Statsjärnvägarna  
SJ: Statens järnvägar”

- b) Eftirfarandi bætist við í II. viðauka á eftir færslum er varða Holland:

„Austurríki:  
Burgenland  
Niederösterreich  
Wien  
Kärnten  
Steiermark  
Oberösterreich  
Salzburg  
Tirol  
Vorarlberg”

og á eftir færslum er varða Portúgal:

„Finnland:  
á meðan beðið er ákvörðunar um flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (nota skal NUTS 2)

Svíþjóð:  
á meðan beðið er ákvörðunar um flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (nota skal NUTS 2)”

- c) Skrá yfir lönd í III. viðauka er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað I. hluta:

„I. Evrópubandalögin

01. Belgía
02. Danmörk
03. Þýskaland
04. Grikkland
05. Spánn
06. Frakkland
07. Írland
08. Ítalía
09. Lúxemborg
10. Holland
11. Austurríki
12. Portúgal
13. Finnland
14. Svíþjóð
15. Breska konungsríkið”;

Í II. hluta falli tilvísanir til „Austurríkis”, „Svíþjóðar” og „Finnlands” niður og töluliðir 13 til 25 verði 16 til 27.



## EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/KSE.1289 - British Steel/Layde)****98/EES/48/18**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 66. gr. samningsins um Kola- og stálbandalag Evrópu þar sem fyrirtækið British Steel plc öðlast yfirráð yfir fyrirtækinu Laminacion y Derivados SA (Layde) með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - British Steel: framleiðsla og dreifing á stálvörum,
  - Layde: framleiðsla og dreifing á stálvörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 346, 14. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/KSE.1289 - British Steel/Layde, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1000 Brussels



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1305 – Eurostar)**

**98/EES/48/19**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin National Express Group plc (NEG), Société Nationale des Chemins de Fer Français (SNCF) og Société Nationale des Chemins de Fer Belges (SNCB) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Eurostar (UK) Limited (EUKL), með stjórnunarsamningi og kaupum á hlutabréfum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Intercontinental and Regional Rail Limited - ICRR).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - NEG: rekstur áætunar- og langferðabifreiða, flughafnar- og járnbrautaþjónusta,
  - SNCF og SNCB: járnbrautaþjónusta og önnur flutningsþjónusta, ásamt tengdri starfsemi,
  - ICRR: rekstur á fyrirtækinu EUKL,
  - EUKL: farþegaflutningar (í samstarfi við SNCF og SNCB) á járnbrautum milli Breksa konungsríkisins og meginlandsins í gegnum Ermasundsgöngin ("Eurostar").
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 346, 14. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1305 – Eurostar, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1000 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1356 – Metsä-Serla/UK Paper)****98/EES/48/20**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. október 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Metsä-Serla Corporation, sem heyrir undir samstæðuna Metsäliitto, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir nokkrum fyrirtækjum (m.a. UK Paper Ltd, New Thames Paper Company Ltd. og Guppy Paper Ltd.), sem og sameiginleg yfirráð yfir öðru fyrirtæki, Grovenhurst Energy Ltd., frá UK Paper plc (sem tilheyrir Fletcher Challenge Limited Group), með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Metsä-Serla Corporation: framleiðsla og viðskipti með mismunandi tegundir af pappír, pappi, trjákvöðumassa, umbúðafni og silkipappír,
  - UK Paper Plc: framleiðsla og viðskipti með mismunandi tegundir af pappír og framleiðsla á pappi og trjákvöðumassa.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 346, 14. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr IV/M.1356 – Metsä-Serla/UK Paper, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1000 Brussels

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1361 - Rast- und Tankstätten AG)****98/EES/48/21**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin LSG Lufthansa Service Holding AG (LSG), sem er undir yfirráðum Lufthansa AG, og Allianz Capital Partners GmbH (Allianz), sem heyrir undir Allianz-samstæðuna, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Autobahn Tank & Rast AG (Tank & Rast) með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - LSG: matvælaþjónusta við flugfélög,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.



- Allianz: eignarhaldsfélag fyrir fyrirtæki í Allianz-samstæðunni sem ekki eru skráð á verðbréfaþingi,
  - Tank & Rast: kaup á landi til leigu og þjónustustarfsemi meðfram þýskum hraðbrautum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 345, 13. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1361 - Rast- und Tankstätten AG, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1000 Brussels

**Upphaf málsmeðferðar**  
**(Mál nr. IV/M.1313 - Danish Crown/Vestjyske Slagterier)**

**98/EES/48/22**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. 11. 1998 að hefja málsmeðferð í fyrrnefndu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að verulegur vafi léki á að tilkynnt samfylking samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka mið af athugasemdunum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 345, 13. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 - 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til IV/M.1313 - Danish Crown/Vestjyske Slagterier, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1000 Brussels



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1335 – Dana/Glacier Vandervell)**

**98/EES/48/23**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Dana Corporation öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Glacier Vandervell Bearings Group með kaupum á hlutum og eignum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Dana Corporation: íhlutar í bifreiðir og þungaflutningabifreiðir og aðrir íhlutar sem notaðir eru í iðnaði, sem og fjármögnunarleiga,
  - Glacier Vandervell Bearing Group: legur fyrir þunna veggi og þurrlegur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 353, 19. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1335 – Dana/Glacier Vandervell, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1000 Brussels

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1336 – Deutsche Bank/Vianova)**

**98/EES/48/24**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Deutsche Bank Aktiengesellschaft (Deutsche Bank) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir Vianova Resins GmbH (Vianova) frá Hoechst AG með verðbréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Deutsche Bank: alls konar bankaviðskipti,
  - Vianova: framleiðsla á kemískum vörum, einkum gerviresínum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.



4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 348, 17. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1336 – Deutsche Bank/Vianova, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1000 Brussels

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1342 – Knorr-Bremse/Robert Bosch)**

**98/EES/48/25**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Robert Bosch GmbH og Knorr-Bremse AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Knorr-Bremse Systeme für Nutzfahrzeuge GmbH með kaupum á hlutum og samningum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Robert Bosch GmbH: íhlutar í vélknúin ökutæki, samskiptatækni, neytendavörur, framleiðsluvörur,
  - Knorr-Bremse AG: hemlakerfi og aðrir íhlutar fyrir járnbrautir og vöruflutningabifreiðir,
  - Knorr-Bremse Systeme für Nutzfahrzeuge GmbH: hemlakerfi og aðrir íhlutar fyrir járnbrautir og vöruflutningabifreiðir.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 353, 19. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1342 – Knorr-Bremse/Robert Bosch, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1000 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.



## Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1366 – Paribas/CDC/Beaufour)

98/EES/48/26

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. nóvember 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Paribas, Caisse des Dépôts et Consignations (CDC) og Beaufour-fjölskyldan öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Mayroy með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Paribas: viðskiptabanki,
  - CDC: víðtæk viðskipta-, fjármála- og bankastarfsemi, líftryggingar, þjónusta í tengslum við uppbyggingu borga og sveitarfélaga, stjórnun söfnunarsjóða og fjármögnun félagslegs húsnæðis og stjórnun ríkislífeyrissjóða,
  - Mayroy: eignarhaldsfélag með eignarhluti í samstæðunni Beaufour á sviði lyfjaviðskipta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 348, 17. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1366 – Paribas/CDC/Beaufour, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1000 Brussels

## Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/JV.13 – Wintershall/EnBW/MVV/WV/DEO)

98/EES/48/27

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. október 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Wintershall Aktiengesellschaft, sem heyrir undir BASF-samstæðuna, EnBW Energie-Vertriebsgesellschaft mbH, sem heyrir undir samstæðuna Energie Baden-Württemberg, Stadtwerke Mannheim AG, sem heyrir undir samstæðuna MVV og Wirtschaftliche Vereinigung Deutscher Versorgungsunternehmen AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Deutsche Energy One Gesellschaft mit beschränkter Haftung, með kaupum á hlutabréfum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

Þessi tilkynning var lýst ófullnægjandi 27. október 1998. Hlutaðeigandi fyrirtæki hafa nú lagt fram tilskildar viðbótarupplýsingar. Tilkynningin öðlaðist gildi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4064/89 þann 11. nóvember 1998. Þar af leiðandi tók tilkynningin gildi 12. 11. 1998.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.



2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Wintershall Aktiengesellschaft: framleiðsla, hreinsun og sala á olfu og jarðgasi,
  - EnBW Energie-Vertriebsgesellschaft mbH: sala á rafmagni til viðskiptavina og dreifenda,
  - Stadtwerke Mannheim AG: rafmagns-, gas-, vatns- og hitaveita, meðhöndlun úrgangs, áætlanagerð, smíði og rekstur fjarskiptastöðva og ráðgjöf á þessum sviðum,
  - Wirtschaftliche Vereinigung Deutscher Versorgungsunternehmen AG: viðskipti með almennar vörur, viðskipti með eldfim efni og steinolfuvörur, viðskipti með vörur sem tengjast veitustarfsemi, viðskipti með vörur í tengslum við slíka starfsemi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 348, 17. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/JV.13 – Wintershall/EnBW/MVV/WV/DEO, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B – Merger Task Force  
150, avenue de Cortenberg  
B-1000 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1143 – DSM/Koninlijke Gist-Brocades)**

**98/EES/48/28**

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. 5. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1143. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763



# Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

98/EES/48/29

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjútð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjútð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjútð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
98-0435-NL	Forskrift að leiðbeiningum um festingu farms	6.1.1999
98-0436-NL	Forskrift að útreikningi á breidd stiga í farþegaskipum	6.1.1999
98-0437-NL	Forskrift að búnaði til að taka um borð hafnarleiðsögumenn og um skipsstiga fyrir hafnarleiðsögumenn	6.1.1999
98-0438-NL	Forskrift að ljósum sem eru lágt staðsett	6.1.1999
98-0439-D	Tækniforskriftir að fyrirmælum um þrýstihylki - TRB 514 - prófanir framkvæmdar af sérfræðingum - reglubundnar mælingar	4.1.1999
98-0440-D	Tækniforskriftir að fyrirmælum um þrýstihylki - TRB 532 – prófanir framkvæmdar af sérfræðingum - reglubundnar mælingar	4.1.1999
98-0441-F	Forskrift að skömmtunaraðferðum við íbætingu á vítamínunum B1, B2 og B6 í matvæli og drykkjarvörur	4.1.1999
98-0442-E	Drög að forskrift að mælifræðilegu ríkiseftirliti með ósjálfvirkum vogarbúnaði - eftirlit eftir viðgerð eða breytingu og reglubundið eftirlit	13.1.1999
98-0443-E	Drög að forskrift að endurnýjaðri útgáfu á almennum tækilegum kröfum í tengslum við vega- og brúarvinnu	13.1.1999
98-0444-NL	Tilkynning til skipaútgæðarinnar nr. 322/1998 (29. breyting á alþjóðareglum um siglingu með hættulegan farm)	11.1.1999
98-0445-I	Þverfaglegur úrskurður um breytingar á reglum og tæknilegum aðferðum til afmengunar, þar með taldar aðferðir við að gera asbest óskaðlegt, í samræmi við f-lið 1. undirgreinar í 5. gr. í lögum nr. 257 frá 27. mars 1992 um staðla til að hætta notkun asbests	11.1.1999
98-0446-I	Ráðherraúrskurður um hámarksmagn salmonellu í kjöti	18.1.1999
98-0447-B	Fyrirmæli frá stjórnarráði frönskumælandi samfélagsins um aðferðir og reglur um úthlutun á öryggisvottunum til gististaða sem starfræktir voru fyrir 1. janúar 1991, og um öryggisstaðla í tengslum við brunavarnir í slíkum gistihúsum	( <sup>5</sup> )
98-0453-UK	Forskriftir að vogum (beltavogir) 1998	18.1.1999
98-0450-D	Tækniforskriftir að gufukötlum - TRD 402 búnaður - búnaður fyrir gufukatla með vatnshitunartæki í IV. flokki	15.1.1999
98-0451-D	Tækniforskriftir að gufukötlum - TRD 401 – búnaður - búnaður - fyrir gufukatla með vatnshitunartæki í IV. flokki	15.1.1999
98-0452-D	Tækniforskriftir að gufukötlum - TRD 401, viðauki 1 - búnaður - krafa um lokunarkerfi fyrir sporöskjulaga hand-, höfuð- og mannsop í gufukötlum með allt að 40 bara leyfilegum yfirþrýstingi	15.1.1999
( <sup>3</sup> )( <sup>4</sup> )( <sup>5</sup> )		



Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(<sup>1</sup>) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(<sup>2</sup>) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(<sup>3</sup>) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(<sup>4</sup>) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(<sup>5</sup>) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.



## DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

98/EES/48/30

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 17. september 1998 í máli C-372/96 (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Caserta): Antonio Pontillo gegn Donatab Srl (samhæft markaðsskipulag - hrátóbak – verð- og bónuskerfi - gildi reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1738/91).

Dómur dómstólsins frá 22. september 1998 í máli C-61/97 (beiðni um forúrskurð frá Retten i Ålborg): Foreningen af danske Videogramdistributører fyrir hönd Egmont Film A/S o.fl. gegn Laserdisken (höfundaréttur og tengd réttindi – leiga á myndskífum).

Dómur dómstólsins frá 22. september 1998 í máli C-185/97 (beiðni um forúrskurð frá Employment Appeal Tribunal, London): Belinda Jane Coote gegn Granada Hospitality Ltd (tilskipun ráðsins 76/207/EBE – synjun vinnuveitanda um að útvega fyrirverandi starfsmanni sem var vikið úr starfi meðmæli).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 24. september 1998 í máli C-319/96 (beiðni um forúrskurð frá Østre Landsret): Brinkmann Tabakfabriken GmbH gegn Skatteministeriet (skattur á neyslu unnins tóbaks - tilskipun 79/32/EBE - sígarettur - reyktóbak - hugtak – ósamningsbundin ábyrgð aðildarríkis vegna brots á lögum bandalagsins).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 24. september 1998 í máli C-413/96 (beiðni um forúrskurð frá Højesteret): Skatteministeriet gegn Sportgoods A/S (tollur - tollskuld – endurgreiðsla á tolli eftir tollafgreiðslu – undanþága frá innflutningsgjöldum).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 24. september 1998 í máli C-35/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi (vanræksla á að standa við skuldbindingar - 48. gr. EBSáttmálans - atvinnuleysisbætur – úthlutun á viðbótareftirlaunapunktum - uppsagnarskilmálar - 7. gr. í reglugerð (EBE) nr. 1612/68 - launþegar sem sækja vinnu yfir landamæri).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 24. september 1998 í máli C-76/97 (beiðni um forúrskurð frá Bundesvergabeamt): Walter Tögel gegn Niederösterreichische Gebietskrankenkasse (opinber samningur um kaup á þjónustu - bein áhrif tilskipunar sem ekki hefur verið tekin upp í landslög – flokkun á þjónustu í tengslum við sjúkraflutninga).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 24. september 1998 í máli C-111/97 (beiðni um forúrskurð frá Bundesvergabeamt): EvoBus Austria GmbH gegn Niederösterreichische Verkehrsorganisations GmbH (Növog) (opinber innkaup á sviði vatns- og rafveitu, flutninga og fjarskipta – áhrif tilskipunar sem enn hefur ekki verið umsett).

Dómur dómstólsins frá 29. september 1998 í máli C-191/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar - rökstutt álit - fyrirtækjaréttur - tilskipun 68/151/EBE og 78/660/EBE - ársreikningar – viðurlög vegna vanefndar á birtingu).

Dómur dómstólsins frá 29. september 1998 í máli C-39/97 (beiðni um forúrskurð frá Bundesgerichtshof): Canon Kabushiki Kaisha gegn Metro-Goldwyn-Mayer Inc. (vörumerkjaréttur - möguleiki á að villst sé á vörum – sambærilegar vörur og þjónusta).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 29. september 1998 í máli C-263/97 (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division): The Queen gegn Intervention Board for Agricultural Produce, fyrir hönd: First City Trading o.fl. (landbúnaður - samhæft markaðsskipulag - nautakjöt - endurgreiðsla

<sup>(1)</sup> Sjá Stjttíð. EB nr. C 340, 7. 11 1998.



við útflutning – nautakjöt af breskum uppruna flutt aftur inn til Breska konungsríkisins í kjölfar tilkynninga og ákvarðana í tengslum við kúariðu - óviðráðanlegar aðstæður).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 1. október 1998 í máli C-285/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar - vanefnd á að taka tilskipun 76/464/EBE upp í landslög - útivistardómur).

Mál C-330/98: Beiðni um forúrskurð frá Oberster Gerichtshof samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 12. ágúst 1998 í dómsmálinu The Wellcome Foundation Ltd gegn Nycomed Austria GmbH.

Mál C-336/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale Amministrativo Regionale per la Lombardia samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 28. janúar 1998 í dómsmálinu Agenzia R di Recapito Srl gegn Poste Italiane Ente Pubblico Economico og Rinaldi Agenzia di Recapito Srl.

Mál C-337/98: Mál höfðað þann 14. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-338/98: Mál höfðað þann 14. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Hollandi.

Mál C-340/98: Mál höfðað þann 17. september 1998 af lýðveldinu Ítalíu gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál C-341/98 P: Áfrýjað var þann 17. september 1998 af Proderec - Formação e Desenvolvimento de Recursos Humanos ACE dómi uppkveðnum af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild) 16. júlí 1998 í máli T-72/97 milli Proderec - Formação e Desenvolvimento de Recursos Humanos ACE og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-342/98: Mál höfðað þann 18. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-346/98: Mál höfðað þann 22. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-347/98: Mál höfðað þann 22. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn konungsríkinu Belgíu.

Mál C-349/98: Mál höfðað þann 23. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-351/98: Mál höfðað þann 25. september 1998 af konungsríkinu Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-353/98: Mál höfðað þann 25. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-354/98: Mál höfðað þann 25. september 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi.



**Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup> 98/EES/48/31**

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í sameinuðum málum T-374/94, T-375/94, T-384/94 og T-388/94: European Night Services Ltd (ENS) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - járnbrautaflutningar - samningar um járnbrautaflutninga um Ermasundsgöngin að næturlagi - samkeppnishömlur – tilskipun 91/440/EBE - merkjanleg áhrif á samkeppni - nauðsynleg þjónustuveiting - „nauðsynleg aðstaða“ - rökstuðningur – mál dómtækt).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í máli T-11/95: BP Chemicals Limited gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð – aðgerð til ógildingar - frestir - aðilar sem málið varðar beint - meginreglan um einkafjárfesti á markaðinum - málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hafin).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 24. september 1998 í máli T-112/95: Peter Dethlefs o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (skaðabótakrafa - ósamningsbundin ábyrgð - mjólk - viðbótarskattur - framleiðendur sem hafa skuldbundið sig til að hætta markaðssetningu eða umbreyta fyrirtækjum - batur -reglugerð (EBE) nr. 2187/93 - vextir).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í máli T-140/95: Ryanair Limited gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð - formleg rannsókn samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans - skilyrt ákvörðun um að samþykkja aðstoð í formi fjármagnsaukningar í nokkrum hlutum - skilyrði fyrir greiðslu á öðrum hluta ekki uppfyllt - síðari ákvörðun um að samþykkja greiðslu á öðrum hluta – aðgerð til ógildingar).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 16. september 1998 í máli T-188/95: Waterleiding Maatschappij 'Noord-West Brabant' NV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð - skattundanþágur - synjun um að hefja málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans - viðkomandi persóna - gildistaka - frávísun).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í máli T-95/96: Gestevisión Telecinco SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð – sjónvarpsþjónusta við almenning - kvörtun – aðgerð til að lýsa yfir að ekki hafi verið gripið til aðgerða – rannsóknarskylda framkvæmdastjórnarinnar - frestur – málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans – alvarlegir erfiðleikar).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í sameinuðum málum T-126/96 og T-127/96: Breda Fucine Meridionali SpA (BFM) og Ente Partecipazioni e Fianziamento Industria Manifatturaria (EFIM) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð – 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans - tilkynning um að málsmeðferð sé hafin – ekki skýrt kveðið á um aðstoð – aðstoð til fyrirtækja á harðbýlum svæðum – endurskipulagning – endurgreiðsla á aðstoð - frestur).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í sameinuðum málum T-180/96 og T-181/96: Mediocurso, Estabelecimento de Ensino Particular, Limitada, gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (Félagsmálasjóður Evrópu - ákvörðun um samþykki - lækkun á fjárhagsaðstoð - styrkþegi beðinn um að gefa skýrslu - samráð við aðildarríkið - verndun lögmætra væntinga - réttaröryggi - rökstuðningur - greinileg matsmistök).

Ákvörðun dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í máli T-79/94: Odetti Nikou Petridi Anonimos Kapnemborikis Etairia AE gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (aðgerð til ógildingar – reglugerð (EBE) nr. 3477/93 - frávísun).

Ákvörðun dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í máli T-100/94: Kapniki A. Michalidis AE o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (beiðni um ógildingu - reglugerð (EBE) nr. 3477/93 - frávísun).

<sup>(1)</sup> Sjá Stjtið. EB nr. C 340, 7. 11 1998.



Ákvörðun dómstólsins á fyrsta dómstigi (fjórða deild) frá 15. júlí 1998 í máli T-115/94 (92): Opel Austria GmbH gegn ráði Evrópusambandsins (málkostnaður).

Ákvörðun dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 15. september 1998 í máli T-136/95: Industria del Frio Auxiliar Conservera SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (stefna í heilbrigðismálum - verndaraðgerðir - ákvörðun 95/119/EB – meginreglan um réttaröryggi - meginreglan um verndun lögmætra væntingar - hlutfallsreglan – formlegur rökstuðningur - misbeiting valds).

Ákvörðun dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 9. september 1998 í máli T-269/97: Azienda Agricola Tre e Mezzo (landbúnaður – málhöfðun til að ógilda reglugerð - frávísun).

Mál T-116/98: Mál höfðað þann 23. júlí 1998 af Compañia Tramediterránea S.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-127/98: Mál höfðað þann 7. ágúst 1998 af UPS Europe NV/SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-138/98: Mál höfðað þann 31. ágúst 1998 af Armement Coopératif Artisanal Vendéen (ACAV) o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-142/98: Mál höfðað þann 10. september 1998 af Image Création gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-26/98 tekið af málaskrá: Hermanek & Rademacher GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.